



Aðalskipulag Bolungarvíkur 2008-2020

Desember 2010

Skipulagsáætlunin er unnin fyrir bæjarstjórn Bolungarvíkur



Aðalskipulag þetta, sem auglýst hefur verið samkvæmt 18. gr.
skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b., var samþykkt
í bæjarstjórn Bolungarvíkur þann _____

Aðalskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar
ráðherra samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

þann _____

Aðalskipulag þetta var staðfest af umhverfisráðherra

þann _____

Aðalskipulag þetta er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á
umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem háðar eru mati á
umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000.

Aðalskipulag þetta er staðfest með fyrirvara um niðurstöður
staðbundins hættumats, samkvæmt lögum um varnir gegn
snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997 og reglugerð um
hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða
nr. 505/2000 m.s.b. við gerð deiliskipulags
og afgreiðslu einstakra byggingar- og
framkvæmdaleyfa.

Staðfesting á þátttöku hagsmunaaðila í skipulagshópi

Undirritaðir eru fulltrúar í skipulagshópi, sem unnið hafa að Aðalskipulagi Bolungarvíkur 2008-2020. Þeir eru sammála þeirri meginstefnu sem sett er fram í aðalskipulaginu, m.t.t. hagsmuna þess félags eða hóps sem þeir eru fulltrúar fyrir. Ágreiningur getur þó verið um afmarkaða þætti þess. Fulltrúar skipulagshópsins bera ekki ábyrgð á aðalskipulaginu, að hluta eða í heild, enda er það á forræði sveitarstjórnar í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 m.s.br. og skipulagsreglugerð nr. 400/1998 m.s.br. Sjá nánari upplýsingar um hagsmunaaðila í töflu 1.1.

Bolungarvík 21/2 2011

F.h. umhverfismálaráðs Bolungarvíkur

Sólu R. Söbergsson

F.h. Hestamannafélagsins Storms

Jóhann Þragason

F.h. Félags eldri borgara Bolungarvík

Halldóra Guðvildur Þórunn

F.h. Heilsubæjar Bolungarvíkur

Ragnheiður K.

F.h. fatlaðra

Falv Þorkelsson

F.h. Ferðamálafélags Bolungarvíkur

Steinar Þagmann

F.h. Land- og húseignenda í Skálavík

Halpa Gunnar

F.h. Landbúnaðs

Sanna Ragn Sigmundsdóttir

F.h. Héraðssambands Bolungarvíkur

Baldur Smári Einarsson

F.h. sjávarútvegs

Dudny & Einarsson

Efnisyfirlit

INNGANGUR	9
1.1 Aðalskipulag	9
1.2 Skipulagssvæðið	9
1.3 Framsetning	9
1.4 Vinnuferli	10
1.4.1 Samráð og þátttaka hagsmunaaðila	8
1.4.2 Samráð við stofnanir og aðliggjandi sveitarfélög	12
1.5 Afgreiðsla skipulagsins	12
1.6 Umhverfismat	13
1.7 Framkvæmd og eftirfylgni	16
LEIÐARLJÓS OG MARKMIÐ	17
NÁTTÚRA	21
2 STAÐHÆTTIR	23
2.1 Jarðfræði	23
2.2 Veðurfar	23
2.3 Gróðurfar og jarðvegur	25
2.4 Dýralíf	26
3 NÁTTÚRUVÁ	27
3.1 Loftslagsbreytingar og sjávarrof	27
3.2 Ofanflóð	29
4 LÍFRÍKI OG LANDSLAG	35
4.1 Náttúruminjar	35
4.2 Skógrækt	39
5 VATN, LOFT OG HLJÓÐ	43
6 ÓBYGGÐ SVÆÐI	47
SAMFÉLAG	49
7 BYGGÐ	51
7.1 Saga byggðar	51
7.2 Íbúapróun	52
7.2.1 Íbúafjöldi	52
7.2.2 Samsetning íbúafjölda	53
7.3 Menningar- og búsetuminjar	57

7.4	Byggð í þéttbýli	63
7.4.1	Íbúðarsvæði	63
7.4.2	Miðsvæði	66
7.4.3	Hverfisvernd í þéttbýli	67
7.5	Dreifbýli	69
7.5.1	Eignarhald og landamerki	69
7.5.2	Lögbyli og eyðijarðir	70
7.5.3	Frístundabyggð	71
7.5.4	Hverfisvernd í dreifbýli	74
8	ATVINNA	77
8.1	Atvinnuþróun	77
8.2	Sjávarútvegur	78
8.3	Hafnarsvæði	80
8.4	Landbúnaður	81
8.5	Verslun og þjónusta	83
8.6	Ferðaþjónusta	85
8.7	Iðnaðar- og athafnasvæði	90
8.8	Efnistaka og vinnsla	92
9	FÉLAGS- OG VELFERÐARMÁL	95
9.1	Skólar og íþróttahús	95
9.2	Menning	96
9.2.1	Safna- og menningarhús	96
9.2.2	Kirkjur og kirkjugarðar	98
9.2.3	Vitar	98
9.3	Félags- og heilbrigðismál	99
10	OPIN SVÆÐI OG ÚTIVIST	101
	INNVIÐIR	105
11	VEITUR OG SORP	107
11.1	Sorp	107
11.2	Veitur	110
11.2.1	Vatnsveita, hitaveita og fráveita	110
11.2.2	Rafveita	111
11.2.3	Fjarskipti	112
12	SAMGÖNGUR	115
12.1	Göngu- og hjólaleiðir	115
12.2	Reiðleiðir	116
12.3	Vegir og gatnakerfi	117
12.4	Hafnir	120
12.5	Almenningssamgöngur	121

HEIMILDIR	123
LJÓSMYNDASKRÁ	126

Viðauki A Umhverfismatsskýrsla Aðalskipulags Bolungarvíkur 2008-2020
Viðauki B Greining á áhrifum deiliskipulags
Viðauki C Greining á áhrifum skógræktar

Inngangur

1.1 Aðalskipulag

Þann 1. janúar 1998 gengu í gildi ný skipulags- og byggingarlög. Þar segir að í aðalskipulagi skuli fjallað um allt land innan marka sveitarfélags. Í aðalskipulagi skal marka stefnu um framtíðarþróun viðkomandi sveitarfélags og leggja grunn fyrir deiliskipulag. Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 ber að fjalla um stefnu sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar. Helstu verkþættir við gerð aðalskipulags eru: Tillögugerð, umhverfismat, kynning, samráð og ákvarðanatáka. Í skipulags- og byggingarlögum og lögum um umhverfismat áætlana, nr. 105/2006, er skýrt kveðið á um mikilvægi sjálfbærrar þróunar við nýtingu, stefnumörkun og áætlanagerð.

1.2 Skipulagssvæðið

Skipulagið tekur til alls lands sveitarfélagsins Bolungarvíkurkaupstaðar. Sveitarfélagið nær til Syðridals, Tungudals, Hlíðardals og Skálavíkur en eina þéttbýlið er Bolungarvík, sem er kennt við samnefnda vík. Bolungarvík fékk kaupstaðarréttindi árið 1974 en fram að því hét byggðarlagið Hólshreppur. Ísafjarðarbær er eina aðliggjandi sveitarfélag Bolungarvíkurkaupstaðar og liggja mörk þeirra um Arafjall við Ísafjarðardjúp, til suðurs að Kistufelli, um Gilsbrekkuheiði og vestur að sjó um fjallið Öskubak. Nánar er fjallað um staðhætti í kafla 2 og sögu byggðar í kafla 7.1.

1.3 Framsetning

Aðalskipulag Bolungarvíkur 2008-2020 er fyrsta aðalskipulagið sem tekur til alls lands sveitarfélagsins. Eldra skipulag, Aðalskipulag Bolungarvíkur 1980-2000, náði að mestu aðeins til þéttbýlis. Skipulagstillagan er sett fram í tveimur hlutum. Annars vegar í þessari **greinargerð** og hins vegar sem **uppdráttir** af skipulagssvæðinu. Uppdrættirnir eru settir fram á einu kortblaði í blaðstærð A1, dagsett desember 2010, sem:

- Sveitarfélagsuppdráttur í mælikvarðanum 1:25 000
- Þéttbýlisuppdráttur í mælikvarðanum 1:10 000

Í fyrsta hluta greinargerðarinnar er fjallað um helstu gögn og aðferðir við skipulagsvinnuna. Greinargerðinni er skipt upp í sex meginhluta þar sem fjallað er um grunnforsendur hvers málaflokks, umhverfismat þar sem fléttað er saman mati á því hvernig skipulagið muni hafa áhrif á umhverfi og samfélag og þá stefnu sem mörkuð er í málaflokkunum. Meginflokkarnir sex eru:

1. *Inngangur*, þar sem fjallað er um helstu gögn og aðferðir við skipulagsvinnuna
2. *Leiðarljós* aðalskipulagsins
3. *Náttúra*, þar sem fjallað er um staðhætti, náttúruvú, landslag, lífríki, óbyggð svæði, vatn og loft
4. *Samfélag*, þar sem fjallað er um byggð, atvinnu, félags- og velferðarmál og opin svæði, útivist og íþróttir
5. *Innviðir*, þar sem fjallað er um veitur, sorp og samgöngur
6. *Viðaukar*, þar sem ýmsar viðbótarupplýsingar eru settar fram, m.a. umhverfismat aðalskipulagsins

Áhersla er lögð á skýra stefnu og framsetningu og þannig reynt að forðast óvissu og óöryggi fyrir alla þá er eiga hagsmuna að gæta m.t.t. aðalskipulagsins.

1.4 Vinnuferli

Vinna við gerð aðalskipulagsins hófst vorið 2006 en þá samdi Bolungarvíkurkaupstaður við Teiknistofuna Eik um ráðgjöf í verkefninu. Fyrir hönd Teiknistofunnar unnu Erla Bryndís Kristjánsdóttir,

landslagsarkitekt, Gunnar Páll Eydal, umhverfisstjórnunarfræðingur, Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir, landslagsarkitekt og Helga Þuríður Magnúsdóttir, nemi í umhverfisskipulagi, að aðalskipulaginu. Helstu tengiliðir við Bolungarvík voru í upphafi Roland Smelt, formaður umhverfismálaráðs og Grímur Atlason, bæjarstjóri, en síðar tóku við Sölvi Sólbergsson sem formaður umhverfismálaráðs og Elías Jónatansson bæjarstjóri. Jóhann Birkir Helgason, bæjartækni-fræðingur og Gísli Gunnlaugsson byggingarfulltrúi unnu jafnframt að verkefninu fyrir hönd bæjarins.

Stefnumörkun aðalskipulagsins var unnin annars vegar af nefndum og ráðum bæjarins og hins vegar af skipulagshópi sem skipaður var fulltrúum hagsmunaaðila auk formanns umhverfismálaráðs Bolungarvíkur. Nefndirnar og skipulagshópurinn greindu helstu áhersluatriði samkvæmt ákveðnu verklagi og varð það grunnur að þeirri stefnu sem sett er fram í aðalskipulaginu. Niðurstöður íbúabings, sem haldið var í Bolungarvík 10. febrúar 2007, voru einnig lagðar til grundvallar við stefnumörkunina.

1.4.1 Samráð og þátttaka hagsmunaaðila

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum og skipulagsreglugerð ber að kynna skipulagstillögur á þremur stigum:


1. Með samráði við almenning og aðra hagsmunaaðila um mótun tillögu.
2. Með kynningu á tillögu áður en hún er afgreidd frá bæjarstjórn.
3. Með formlegri kynningu á tillögu eins og kveðið er á um í skipulags- og byggingarlögum.

Í skipulagsvinnunni var gengið nokkru lengra í samráði við íbúa og aðra hagsmunaaðila en krafist er í fyrrnefndum lögum og reglugerð. Frá upphafi vinnunnar var leitast við að taka tillit til ólíkra hagsmuna og gilda. Eins og áður sagði var settur á fót skipulagshópur sem skipaður var fulltrúum þeirra sem eiga mikilla hagsmuna að gæta vegna skipulagsins. Hópurinn vann að gerð skipulagstillögunnar undir leiðsögn ráðgjafa. Auglýst var opinberlega eftir fulltrúum í hópinn. Fulltrúar hans samþykktu að gangast undir fyrirfram ákveðið verklag þar sem m.a. var fjallað um hlutverk, þátttöku og ábyrgð fulltrúa hópsins ásamt vinnuferlinu. Fulltrúarnir voru málsvarar hópa eða félaga með ákveðna hagsmuni og var ætlast til þess að þeir miðluðu upplýsingum til síns hóps og tækju ákvarðanir í samráði við hann.

Tafla 1.1 Fulltrúar skipulagshóps.

Geiri	Félög / hópar
Bolungarvíkurkaupstaður	Formaður umhverfismálaráðs
Félagsmál og íbúar	Félag eldri borgara Bolungarvík Fatlaðir Land- og húseigendur í Skálavík
Íþrótt- og útivistarfélag	Héraðssamband Bolungarvíkur (HSB) Hestamannafélagið Stormur Heilsubærinn Bolungarvík
Atvinnumál	Ferðamálafélag Bolungarvíkur Landbúnaður – fulltrúi starfandi bænda á svæðinu Sjávarútvegsklasi Vaxtarsamnings Vestfjarða

Virk þátttaka þessara aðila, með öflugum upplýsingaflæði og samræðum, gerði það kleift að greina vandamál og tækifæri snemma í skipulagsferlinu sem mun væntanlega skilasér í færri hagsmunaárekstrum til lengri tíma litið. Áhersla var lögð á það að fulltrúar hópanna kæmust að sameiginlegri niðurstöðu og sættust á eina skipulagslausn. Jafnframt var leitast við að hafa skipulagið eins skýrt og kostur var með það að markmiði að bæta lífsgæði íbúa og efla fjölbreytt atvinnulíf í sveitarfélaginu. Vonast er til að skipulagstillagan muni njóta viðtæks stuðnings innan sveitarfélagsins. Fulltrúar skipulagshópsins hafa staðfest þátttöku sína í skipulagsvinnunni með undirskrift eins og sjá má á bls. 2 í greinargerðinni. Með staðfestingunni eru undirritaðir í grundvallaratriðum sammála þeirri stefnu sem sett er fram í aðalskipulaginu, einkum þó m.t.t. hagsmuna þess hóps sem viðkomandi er fulltrúi fyrir. Ágreiningur getur þó verið um einstaka afmarkaða þætti í skipulagstillögunni.



Mynd 1.1 Skipulagshópur skipaður fulltrúum hagsmunaaðila og Bolungarvíkurkaupstaðar. Á bak við hvern fulltrúa stendur hópur fólks með sameiginlega hagsmuni.

Samhliða vinnu skipulagshópanna var leitað eftir álitum sérfræðinga þegar þörf var á faglegu mati, umsögn eða öðrum sérstökum upplýsingum.

Til að gefa sem flestum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri voru, auk skipulagshópsins, aðrar leiðir einnig notaðar:

- Upplýsingaveita um aðalskipulagið var á heimasíðu Bolungarvíkur. Á síðunni var yfirlit yfir stöðu aðalskipulagsins og öll helstu skjöl og gögn, þar á meðal fundargerðir skipulagshópsins. Þar var einnig hægt að senda inn ábendingar og athugasemdir.
- Póstkassi var settur upp í ráðhúsi Bolungarvíkur, þar sem hægt var að senda inn ábendingar og athugasemdir.
- Kynningarfundir þar sem greint var frá vinnu við aðalskipulagið.
- Dreifibréf þar sem greint var frá vinnu við aðalskipulagið.

Hópurinn hélt

Tafla 1.2 Fundir skipulagshóps.

19. júní 2007, 3. september 2007, 27. september 2007, 19. nóvember 2007, 26. maí 2008, 2. júní 2009, 2. september 2009, 16. september 2009, 30. september 2009

Opnir kynningarfundir

- 7. nóvember 2006. Kynning á vinnu við aðalskipulagið á kynningarfundum vegna fyrirhugaðra framkvæmda við snjóflóðavarnargarð í Bolungarvík.
- 10. febrúar 2007. Íbúáþing í Bolungarvík.

- 29. júní 2010. Opinn íbúafundur þar sem drög að aðalskipulagi Bolungarvíkur 2008-2020 voru kynnt og íbúum gefinn kostur á að gera athugasemdir.

Fundir nefnda

Haldnir voru fundir skipulagsráðgjafa með fulltrúum bæjarráðs og kjörinna nefnda í Bolungarvík. Nefndirnar unnu að stefnumörkun sem til umræðu var í skipulagshópnum. Yfirlit yfir helstu fundi nefnda og ráða í Bolungarvík má sjá hér að neðan, en auk þess ræddi umhverfismálaráð um einstaka þætti aðalskipulagsins á sínum fundum meðan á skipulagsvinnunni stóð.

- Fundur með umhverfismálaráði 17.5. 2006 – kynning á skipulagsvinnunni
- Fundur með umhverfismálaráði 12.9. 2006 – kynning á skipulagsvinnunni
- Fundur með bæjarráði haldinn 19.9. 2006 - Verklag og stefnumörkun
- Fundur með formönnum nefnda 1. febrúar 2007 – Stefnumörkun
- Fundur með bæjarstjóra og hafnarstjóra 17.4. 2007 – Hafnarsvæðið
- Fundur með bæjarstjóra 25.5. 2007 – Staðan í skipulagsvinnunni
- Erindi fyrir kjörna fulltrúa 30.1. 2008 – Verndun minja
- Fundur með formönnum nefnda 2.4. 2008 – Stefnumörkun
- Fundur með umhverfismálaráði 22.9. 2009
- Fundur með umhverfismálaráði 6.10. 2009
- Fundur með umhverfismálaráði og bæjarstjórn 20.10. 2009
- Fundur með umhverfismálaráði 1.6. 2010 – farið yfir umsagnir aðalskipulagsins
- Fundur með umhverfismálaráði 8.6. 2010 – farið yfir umsagnir aðalskipulagsins
- Fundur með bæjarstjóra, formanni umhverfismálaráðs og skipulagsfulltrúa 3.12 2010 – rætt um lokaáfangu vinnunnar

1.4.2 Samráð við stofnanir og aðliggjandi sveitarfélög

Í samræmi við skipulagsreglugerð var haft samráð við eftirfarandi stofnanir:

- | | |
|--|----------------------|
| • Flugmálastjórn Íslands | • Siglingastofnun |
| • Fornleifavernd ríkisins | • Skipulagsstofnun |
| • Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða | • Umhverfisstofnun |
| • Kirkjugarðaráð | • Veðurstofu Íslands |
| • Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneytið | • Vegagerðina |
| • Landsnet | • Skógrækt ríkisins |
| • Orkubú Vestfjarða | |

Þessum aðilum voru send bréf, í lok maí 2006, þar sem greint var frá aðalskipulagsvinnunni og óskað eftir viðeigandi upplýsingum. Drög að aðalskipulaginu voru send til umsagnar þessara aðila þann 9.2. 2010. Á sama tíma voru drög að skipulagstillögunni kynnt fyrir Ísafjarðarbæ, sem er eina aðliggjandi sveitarfélagið.

Svör bárust frá öllum umsagnaraðilum og var tekið mið af þeim við gerð skipulagsins. Engar efnislegar athugasemdir voru gerðar við skipulagsdrögin af hálfu Flugmálastjórnar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Kirkjugarðaráðs, Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneytis, Vegaðgerðarinnar og Ísafjarðarbæjar. Drög að aðalskipulaginu voru send til Varnarmálastofnunar Íslands samkvæmt ábendingu Skipulagsstofnunar og barst formleg umsögn frá stofnuninni þann 8.12. 2010. Einnig var haft samráð við fleiri stofnanir og fagaðila samhliða skipulagsvinnunni.

1.5 Afgreiðsla skipulagsins

Á fundum þann 1. og 8. júní 2010, fjallaði umhverfismálaráð Bolungarvíkur um umsagnir ofangreindra aðila og voru gerðar breytingar á skipulagstillögunni til samræmis við þær. Þann 8. júní 2010, lagði umhverfismálaráð Bolungarvíkur það til við bæjarstjórn að aðalskipulagstillagan yrði auglýst. Bæjarstjórn

fjallaði um fundargerð umhverfismálaráðs á fundi sínum, þann 9. júní 2010 og samþykkti að aðalskipulagstillagan skyldi auglýst. Í framhaldinu voru skipulagsdrögin send Skipulagsstofnun til athugunar. Stofnunin samþykkti að drög að aðalskipulaginu ásamt umhverfisskýrslu yrðu auglýst eftir að nokkrar lagfæringar hefðu verið gerðar.

Skipulagstillagan ásamt umhverfisskýrslu var auglýst frá 7.10. 2010 til 4.11. 2010, en frestur til að skila inn athugasemdum var til 18.11. 2010. Engar athugasemdir bárust vegna skipulagstillögunnar.

Umhverfismálaráð Bolungarvíkur lagði til á fundi sínum þann 7.12. 2010 að bæjarstjórn samþykkti aðalskipulag Bolungarvíkur 2008-2020. Bæjarstjórn samþykkti aðalskipulagið á 641. fundi sínum þann 9.12. 2010. Engar efnislegar breytingar voru því gerðar á aðalskipulaginu frá því að það var auglýst og þar til það var samþykkt í sveitarstjórn.

1.6 Umhverfismat

Umhverfismati er ætlað að tryggja að tekið sé tillit til sjónarmiða um umhverfisvernd og sjálfbæra þróun og að metin séu áhrif áætlana og ráðgerðra framkvæmda á umhverfið, m.t.t. náttúrulegra, félagslegra og efnahagslegra þátta.

Umhverfismat áætlana

Samkvæmt lögum nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana, skal meta hvaða áhrif aðalskipulagsáætlunin mun hafa á náttúrulegt, félagslegt og efnahagslegt umhverfi. Umhverfismat aðalskipulagsins er að finna í viðauka greinargerðarinnar. Þar eru metin áhrif tiltekinnar markmiða sem sett eru fram í aðalskipulaginu. Metið er hvort þeir valkostir, sem ætlað er að ná markmiðum áætlunarinnar, muni hafa jákvæð, engin eða óveruleg áhrif eða neikvæð áhrif á tiltekna umhverfisþætti. Stefnumörkun og val skipulagsleiða tekur mið af niðurstöðum þessa mats. Notast er við venslatöflur við matið, þar sem skýrt er umfang og vægi umhverfisáhrifa. Til að meta umfang og vægi áhrifa er notast við skilgreind viðmið sem m.a. er að finna í lögum og reglugerðum, alþjóðasamningum og ýmsum stefnuskjólum stjórnvalda (sjá töflu 1.3).

Tafla 1.3 Helstu umhverfisþættir, viðmið og vísar sem notast er við í umhverfismatinu.

Umhverfisþáttur	Viðmið	Vísar
Atvinnulíf og þjónusta	<ul style="list-style-type: none"> - Byggðaáætlanir - Efnahagsspár - Vaxtarsamningur Vestfjarða - Samanburður við önnur sveitarfélög - Staðardagskrá 21 	<ul style="list-style-type: none"> - Staða atvinnulífs - Hagvöxtur - Fjölbreytni - Þjónustustig
Íbúapróun	<ul style="list-style-type: none"> - Byggðaáætlanir - Fasteignamat - Staðardagskrá 21 	<ul style="list-style-type: none"> - Íbúafjöldi - Próun fasteignaverðs - Eignarhald og nýting fasteigna
Menningarminjar	<ul style="list-style-type: none"> - 107/2001 Þjóðminjalög - Stefna íslenskra stjórnvalda um byggingarlist - Staðardagskrá 21 	<ul style="list-style-type: none"> - Fornleifaskráning - Húsasaga
Náttúra og landslag	<ul style="list-style-type: none"> - 44/1999 Lög um náttúruvernd - Velferð til framtíðar: Stefnumörkun stjórnvalda til 2020 - Náttúruverndaráætlun - Staðardagskrá 21 - Evrópski landslagssáttmálinn 	<ul style="list-style-type: none"> - Gróðurfar - Fuglalíf - Náttúruminjar - Fágæti landslags - Nýtingarsaga - Mengun - Röskun
Samgöngur og öryggi	<ul style="list-style-type: none"> - Samgönguáætlun - Byggðaáætlanir - Stefna Fjórðungssambands Vestfirðinga í samgöngumálum 	<ul style="list-style-type: none"> - Umferð - Vegalengd - Vegflokun - Áhætta vegna ofanflóða

Tafla 1.3 Helstu umhverfisþættir, viðmið og vísar sem notast er við í umhverfismatinu. Framhald

Umhverfisþáttur	Viðmið	Vísar
	<ul style="list-style-type: none"> - Reglugerð 505/2000 m.s.br. um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða. - Velferð til framtíðar: Stefnumörkun stjórnvalda til 2020 - 933/1999 Reglugerð um hávaða 	<ul style="list-style-type: none"> - Hljóðstig
Útivist og félags- og velferðarmál	<ul style="list-style-type: none"> - Stefuskjöl um menntamál, menningarmál, félagsmál og heilbrigðismál - Velferð til framtíðar: Stefnumörkun stjórnvalda til 2020 - Staðardagskrá 21 	<ul style="list-style-type: none"> - Framboð og eftirspurn þjónustu - Aðgengi að þjónustu - Aðgengi að útivist og tómstundum

Í matstöflunum er áhrifum gefin einkunn og matið nánar skýrt í texta. Eftirfarandi eru skýringar á einkunnum:

- ? Óvissa. Ekki ljóst hvaða áhrif valkosturinn hefur á umhverfisþáttinn, t.d. vegna skorts á grunnupplýsingum, eða að áhrifin eru háð útfærslu í deiliskipulagi eða framkvæmd.
- + + Valkosturinn er líklegur til að hafa talsverð jákvæð áhrif á umhverfisþáttinn.
- + Valkosturinn er líklegur til að hafa jákvæð áhrif á umhverfisþáttinn.
- 0 Áhrif valkosta eru óveruleg.
- Valkosturinn er líklegur til að hafa neikvæð áhrif á umhverfisþáttinn.
- Valkosturinn er líklegur til að hafa talsverð neikvæð áhrif á umhverfisþáttinn.

Matslýsing var send Skipulagsstofnun í júní 2008. Þar var fjallað um umfang, áherslur, gögn, framsetningu og aðferðir umhverfismatsins. Mismunandi valkostir voru skoðaðir fyrir eftirfarandi þætti aðalskipulagsins.

- Staðsetning hesthúsa
- Íbúðarbyggð
- Frístundahús
- Verndun húsa
- Snjóflóðavarnir fyrir ysta hluta byggðarinnar undir Traðarhyrnu
- Urðunarstaður fyrir óbrennanlegt sorp
- Svæði fyrir akstursíþróttir

Skv. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana ber að gera grein fyrir því hvernig umhverfissjónarmið hafa verið felld inn í áætlunina og hvernig höfð hefur verið hliðsjón af umhverfisskýrslu. Umhverfisskýrslan og aðrar upplýsingar um umhverfismatið eru, og hafa verið á kynningartíma, fléttaðar inn í skipulagsgreinargerðina. Í viðauka er ítarleg umfjöllun um matið og auk þess er samantekt í viðkomandi köflum greinargerðarinnar, þ.e. áður en stefna málaflöksins er sett fram.

Samantekt á umhverfismati áætlana

Með umhverfismatinu hefur verið leitast við að meta umhverfisáhrif þeirrar stefnu sem mörkuð er í aðalskipulaginu á grundvelli þeirra gagna sem eru tiltæk. Bornir hafa verið saman mismunandi valkostir við að framfylgja stefnunni og þeir kostir valdir sem gefa jákvæðasta niðurstöðu. Heildarstefna aðalskipulagsins byggir á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Þrátt fyrir það fylgja oft einhver neikvæð áhrif vegna þeirrar stefnu sem aðalskipulagið markar. Þessi neikvæðu áhrif eru þó að jafnaði ekki afgerandi og áhersla er lögð á að milda þau eins og kostur er, bæði í aðalskipulaginu en einnig á deiliskipulagsstigi. Hafa verður í huga að aðrar leiðir, t.d. núllkostur, geta leitt til enn neikvæðari niðurstöðu. Ekki eru líkur á verulega neikvæðum samlegðaráhrifum vegna skipulagsáætlunarinnar. Matið var unnið samhliða aðalskipulagsvinnunni og í góðu samráði við hagsmunaaðila, í gegnum skipulagshóp sbr. kafla 1.4.1. Nánar er fjallað um matið í viðauka A.

Tafla 1.4 Helstu markmið aðalskipulagsins og niðurstöður umhverfismats.

Markmið aðalskipulags	Jákvæð áhrif	Neikvæð áhrif	Niðurstaða
<i>Hesthúsabyggð</i> Efla aðstöðu og iðkun Íþróttar og útivistar í sátt við umhverfið og fjölbreytta nýtingu.	Bætt aðstaða og þjónusta	Nýtt landbrot	Hesthúsahverfi flutt norðar, út fyrir snjóflóðahættu- svæði
<i>Íbúðarbyggð</i> Tryggja nægt framboð á byggingarlandi fyrir íbúðarbyggð í sveitarfélaginu.	Fjölbreytni Nálægð við sögu og náttúruminjar Góð nýting	Nýtt landbrot	Þétting byggðar í þegar byggðum hverfum og væg útþensla byggðar.
<i>Frístundahús</i> Fjölbreytt svæði fyrir frístundahús sem samræmist umhverfi, bæði sögu og náttúru.	Nægt framboð á lóðum.	Aukið álag á náttúru og menningar-verðmæti.	Stök hús á einstökum jörðum. Stærri hverfi fyrir frístundabyggð.
<i>Verndun húsa</i> Varðveita fjölbreytileika og sérkenni sem finna má á svæðinu.	Sérkenni byggðar, varðveitt. Jákvæð ímynd og aðlaðandi umhverfi Styrkir búsetu og eflir atvinnulíf.	Óveruleg.	Verndun eldri húsa á afmörkuðu svæði.
<i>Snjóflóðavarnir</i> Íbúar búi við ásættanlegt öryggi, eignir verði sem best varðar fyrir náttúruvá og landnýtingu verði hagað í samræmi við náttúruvá.	Aukið öryggi. Jákvæð áhrif á íbúapróun og atvinnulíf.	Aukið álag á náttúru, landslag og menningar- minjar á framkvæmda- svæði.	Bygging snjóflóðavarnar- virkja
<i>Urðunarstaður fyrir óbrennanlegt sorp</i> Sorp mál verði til fyrir- myndar í sveitarfélaginu og stuðli þannig að öryggi og heilbrigði íbúa og gesta.	Dregið úr áhrifum vegna nálægðar við byggð og fornleifar.	Óvissa með framhaldið.	Urðunarstað lokað og farið í viðræður við Ísafjarðarbæ.
<i>Svæði fyrir akstursíþróttir</i> Efling aðstöðu og iðkun íþróttar og útivistar í sátt við umhverfið og fjölbreytta nýtingu.	Bætt aðstaða fyrir akstursíþróttir.	Ónæði í nágrenni, m.a. áhrif á fuglaíf, landbúnað og útivist.	Svæði í Tungudal.

Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 kveða á um það að meta skuli umhverfisáhrif þeirra framkvæmda sem taldar eru geta haft í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið. Mat á umhverfisáhrifum skal vera fastur liður í gerð skipulagsáætlana en óheimilt er að staðfesta skipulagsáætlanir nema ákvæðum um lög um mat á umhverfisáhrifum hafi verið framfylgt. Aðalskipulagið er því staðfest með fyrirvara um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, þar sem það á við.

Greining á áhrifum fyrir deiliskipulag og skógrækt

Í aðalskipulaginu er sett fram sú stefna að við gerð deiliskipulags á hverfisvernduðum og friðlýstum svæðum í dreifbýli skuli gerð greining á áhrifum vegna deiliskipulags, í samræmi við staðlaða matstöflu í viðauka aðalskipulagsins. Markmiðið með þessu er að tryggja að við ákvarðanatöku sé tillit tekið til áhrifa á umhverfi og samfélag og að deiliskipulag sé í samræmi við markmið aðalskipulagsins. Þannig er auðveldara fyrir framkvæmdaaðila og sveitarstjórn að taka faglegar ákvarðanir þar að lútandi.

Sambærileg stefna er sett fram í aðalskipulaginu um skógrækt á hverfisvernduðum svæðum. Þar er gert ráð fyrir því að greining á áhrifum fari fram áður en ráðist er í framkvæmdir.

Það er á ábyrgð þess sem gerir deiliskipulagið og framkvæmdaaðila í tilviki skógræktar, að gera viðeigandi greiningu vegna deiliskipulags og undirbúnings skógræktar á umræddum svæðum. Nánar er vísað í matstöflurnar í greinargerðinni, þar sem það á við.

1.7 Framkvæmd og eftirfylgni

Öll vinna við aðalskipulagið, stefnumörkunin, aðkoma hagsmunaaðila, framsetning og fleiri þættir, hafa miðað að því að unnið verði markvisst eftir aðalskipulaginu. Reynt hefur verið að tímasetja einstaka þætti sem koma eiga til framkvæmda á tímabilinu. Verði stefnubreyting í einstökum málaflokkum, eða upplýsingar bætast við þann gagnagrunn sem þegar er til staðar, er mikilvægt að uppfæra aðalskipulagið í takt við það. Áframhaldandi samvinna og þátttaka hagsmunaaðila í skipulagsmálum og ákvarðanatöku er einnig mikilvæg við framkvæmd aðalskipulagsins. Gott aðgengi almennings að skipulagi sveitarfélagsins er forsenda fyrir því að svo megi verða.

leiðarljós og markmið

Hér er sett fram leiðarljós aðalskipulagsins. Leiðarljósið er framtíðarsýn og lýsir grundvallarsjónarmiðum sem sett eru fram í aðalskipulaginu. Nánari stefnumörkun, byggir á leiðarljósinu og er sett fram í hverjum málaflokki.



hraustur bær traustur bær

Leiðarljós skipulagshópsins er að í Bolungarvík verði heilbrigt og fjölskylduvænt samfélag með góðu aðgengi að heilnæmu og fallegu umhverfi. Boðið verði upp á einstaklingsmiðaða þjónustu í samfélagi sem hæfir öllum íbúum þess. Að í sveitarfélaginu þrífist fjölbreytt, kröftugt og skapandi atvinnulíf sem byggir á öflugum innviðum og þeim grunni sem þegar er til staðar.

Aðalskipulagið er ekki spá um líklega þróun í sveitarfélaginu, heldur er það stefna Bolungarvíkur um æskilega þróun í þeim málaflokkum sem eru til umræðu. Til að sú þróun verði að veruleika er lögð áhersla á raunsæ markmið, sem m.a. byggja á niðurstöðum umhverfismats aðalskipulagsins.

Tekið er tillit til þeirra laga, reglna og skuldbindinga sem snerta viðfangsefnin. Í skipulags- og byggingarlögum er kveðið á um það að skipulagsáætlanir skuli hafa efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi. Lögumum er jafnframt ætlað að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta, koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Stefnan sem hér er mörkuð er í takt við stefnu íslenskra stjórnvalda um velferð til framtíðar, þar sem fjallað er um lífsgæði núverandi og komandi kynslóða.

n á t t ú r a

Í þessum hluta er greint frá staðháttum og öðrum náttúrulegum forsendum sem lagðar eru til grundvallar við gerð aðalskipulagsins. Sett er fram stefna um verndun gegn náttúruvá, lífríki og landslag, vatns- og loftgæði, landnotkun á óbyggðum svæðum og nýtingu og verndun annarra auðlinda.

Nokkuð af upplýsingum er snerta náttúrufar og aðra grunnþætti sveitarfélagsins eru ekki fyrirliggjandi. Æskilegt er að hraða öflun þessara gagna og færa niðurstöður inn í Aðalskipulag Bolungarvíkur.



2 Staðhættir

Sveitarfélagið Bolungarvíkurkaupstaður er nyrst við sunnanvert Ísafjarðardjúp og nær frá Arafjalli að Öskubak. Þéttbýlið stendur við grunna vík, Bolungarvík, sem opin er til norðausturs og afmörkuð háum hamrafjöllum er nefnast Traðarhyrna og Óshyrna. Í Óshyrnu er standklettur, nefndur Þuríður og kenndur við Þuríði Sundafylli landnámskonu. Inn af vikinni ganga tveir dalir, Tungudalur og Syðridalur og á milli þeirra er fjallsmúlinn Ernir. Tunguhorn er fyrir miðjum Tungudal, og klýfur hann í tvo hluta, Hlíðardal að norðan en Tungudalur liggur áfram sunnan Tunguhorns. Eftir Tungudal rennur Hólsá, kennd við Hól, sem er fornt höfuðból í Bolungarvík. Syðridalur er nokkuð breiður og í mynni hans er Bolungarvíkursandur, í daglegu tali kallaður Sandurinn. Inn af sandinum er Syðridalsvatn og rennur Ósá úr því til sjávar. Upp frá ströndinni í Bolungarvík er nokkurt undirlendi, þar sem þorpið stendur og hinn forni bær Hóll.

Stutt er í gjöful fiskimið frá Bolungarvík enda var þarna fyrr á tímum stærsta veiðistöð við Ísafjarðardjúp. Fyrir opnu hafi til norðvesturs liggur Skálavík og þangað liggur vegur um Hlíðardal. Í Skálavík var fyrrum búið en nú er byggð þar aflögð.

2.1 Jarðfræði

Vestfjarðakjálkinn liggur utan virku gosbeltanna og einkennist af þykkum jarðlagastafla frá því seint á Tertíer. Þessi blágrýtisgrunnur, sem er allt að 15 milljón ára, tilheyrir elsta hluta landsins, ásamt Austfjörðum. Samhliða upphleðslu jarðlaganna hafa þau hallast og haggast og hallar þeim til suðausturs. Inn í hraunlagastaflann skerast þröngir djúpir firðir og brött fjöll gnæfa í sjó fram.

Setlög eru óveruleg en þó eru þrjú meiriháttar setlög í um 200 m hæð í norðurhlíð Traðarhyrnu. Í tveim efri lögnum finnst surtarbrandur. Innst í Syðridal er einnig surtarbrandslag í svipaðri hæð. Berggangar eru m.a. í Traðarhyrnu, Gilsbrekkuheiði og fram með eystri hlíð Syðridals. Bolungarvík stendur á sjávarhjalla sem hefur myndast framan við skriðjökul sem gekk fram Hlíðardal og Tungudal. Hólsá hefur grafið sig í gegnum hjallann og stendur bærinn Hóll á syðri hluta hans. Hjallinn er gerður úr lagskiptri möl og neðst í honum er gróf jökulurð. Áreyrar eru litlar og þunnar á svæðinu, en þær má finna sunnan Syðridalsvatns og á láglandinu við mynni Tungudals og Hlíðardals.

Grjótskriðurnar sem einkenna neðri hlíðar fjallanna, eru að mestu leyti myndaðar við frostaveðrun í blágrýtislögnum. Þekkt framhlaup eru í norðurhlíð Hlíðardals, þrjú þunn hlaup, í vesturhlíð Tunguhorns og við Óshóla, norðan Óshyrnu.

Norðlæg vindátt ríkir í Bolungarvík og hefur brim sorfið af norðurhluta Traðarhyrnu og borið sand og möl inn eftir vikinni og þannig smám saman fyllt hana upp. Augljós dæmi um flutningsgetu sjávarins er malarkamburinn sem hefur myndast við norðurhlíð hafnargarðsins í Bolungarvík.

Sjö misgengi hafa fundist og eru þrjú þeirra í Traðarhorni og hafa þau NNA stefnu. Lítil misgengi eru einnig vestan Heiðarskarðs og í norðurhlíð Erniss. Heit lind í Syðridal kemur líklega upp með gangi.

2.2 Veðurfar

Veðurfar á norðanverðum Vestfjörðum mótast af landslagi, m.a. háum fjöllum, vogskorinni strönd og

djúpum fjörðum. Veðrátta svæðisins hefur áhrif á lífríki og aðra náttúrulega þætti, en einnig mótar hún byggðina og samfélagið.

Upplýsingar um veðurfar byggja annars vegar á gögnum frá Galtarvita, sem staðsett er í Ísafjarðarbæ rétt suðvestan sveitarfélagsmarka. Þar var mönnum veðurathugunarstöð (skeytastöð) frá árinu 1953 til 1994. Hins vegar eru gögn frá þéttbýli Bolungarvíkur en þar hafa verið mannaðar veðurathuganir frá 1994 og jafnframt sjálfvirk veðurathugunarstöð síðan 1999.



Skv. mynd 2.1 eru norðaustan og norð- norðaustan áttir mjög ríkjandi í Bolungarvík. Meðalhraði vinds er jafnframt mestur í þessum vindáttum. Suðvestan áttir eru einnig tíðar en meðalvindhraði þeirra er nokkru minni en í norðaustlægu áttunum. Við Galtarvita er norðaustlæg vindátt afgerandi en suðvestlægar áttir eru einnig nokkuð algengar. Meðalhraði vinds er mestur í norðaustan áttum og suðvestan áttum eins og sjá má á mynd 2.1.

Á mynd 2.2 má sjá meðalúrkomu við Galtarvita og í Bolungarvík. Þar kemur fram að í maí, júní og júlí er meðalúrkomun undir 60 mm en í október og nóvember, sem eru úrkomusömstu mánuðurnir, fer úrkomun yfir 140 mm. Úrkomuáttir í Bolungarvík eru frá norðri til norðausturs en ekki verður vart við teljandi úrkomu í suðaustanátt.


Snjálög eru almennt mikil á norðanverðum Vestfjörðum. Að meðaltali er snjóþyngst í janúar til mars. Á þeim tíma er jafnframt lægstur sjávarhiti og fer hitinn úti fyrir Vestfjörðum niður fyrir 3°C. Í köldu veðri getur hafís lagst að landi, og getur hann þá haft mikil tímabundin áhrif á veðurfar, gróðurfar og samgöngur á sjó.

Meðalhiti eftir einstökum mánuðum er sýndur á mynd 2.3., annars vegar fyrir Galtarvita og þéttbýli Bolungarvíkur á tímabilinu 1971-2000, og hins vegar er sýndur meðalhiti í þéttbýli skv. sjálfvirkri veðurathugunarstöð fyrir tímabilið 2000-2009. Samkvæmt þessum mælingum var meðalhiti í júlí og ágúst nálægt 10 gráðum á tímabilinu 2000-2009 en litlu kaldara tímabilið 1971-2000. Á árunum 2000-2009 fór meðalhiti aðeins undir 0°C í febrúar og mars.


Við endurskoðun aðalskipulags og gerð deiliskipulags er mikilvægt að færa inn frekari upplýsingar um veðurfar eftir því sem kostur er.



Mynd 2.1 Tíðni vindátta og meðalhraði vindátta annars vegar fyrir Galtarvita á tímabilinu 1978-1994 og hins vegar fyrir þéttbýli Bolungarvíkur 1994-2008 (Veðurstofa Íslands 2010).



Mynd 2.2 Meðalúrkoma við Galtarvita og Bolungarvík 1971-2000 (Veðurstofa Íslands 2009).



Mynd 2.3 Meðalhiti árin 1971-2009. Annars vegar er sýndur meðalhiti við Galtarvita og þéttbýli Bolungarvíkur skv. mönnum þum stöðvum fyrir tímabilið 1971-2000 og hins vegar skv. sjálfvirkri veðurathugunarstöð í þéttbýli Bolungarvíkur fyrir tímabilið 2000-2009 (Veðurstofa Íslands 2009 og 2010).

2.3 Gróðurfar og jarðvegur

Fjalllendi og auðnir eru ráðandi á Vestfjörðum og undirlendi er lítið. Skriðjarðvegur er algengasti jarðvegur á Vestfjörðum og ræktanlegt land er tiltölulega lítil hluti af flatarmáli svæðisins. Gróðurlítið eða gróðursnautt er efst til fjalla og samfelldur gróður nær sjaldnast í meira en 200-400 m h.y.s. Á láglandi og í neðri hlíðum fjalla er mikill gróður og er lyng- og kjarrgróður mest áberandi. Þar eru einnig góð berjalönd. Mosar og fléttur vaxa á hásléttunum og heiðum og þar er að finna móajarðveg.

Einn alvarlegasti umhverfisvandinn Íslendinga er gróður- og jarðvegseyðing. Búseta mannsins með tilheyrandi beitarrálagi hefur breytt ásýnd gróðurs á svæðinu. Nær allir skógar, kjarr og meira en helmingur af gróðurþekjunni eru taldir hafa tapast síðastliðin 1100 ár. Aðeins ríflega 11% landsins flokkast sem svæði með litlu eða engu rofi. Gróður- og jarðvegseyðing sem þessi er óþekkt í löndum

með svipað loftslag. Talið er að ástæður þessa megi rekja til mikillar gjóskuframleiðslu, vinda og umsvifa mannsins.

Hlutfall vel gróins lands, þar sem lítið rof á sér stað, er minna en víða annars staðar, m.a. vegna þess að undirlendi er lítið. Skv. mati á rofi, í töflu 2.2, eru um 64% Suðureyrarhrepps og Bolungarvíkur með rofeinkunnina 3. Þar af er nokkuð stór hluti jarðsilssvæði og vatnsrásir. Af þessu sést að jarðvegur er mjög viðkvæmur í þessum brattlendu hreppum. Mikið rof er þó ekki mjög útbreitt (einkunnir 4 og 5).

Tafla 2.1. Útbreiðsla gróðurs á skipulagssvæðinu (Ólafur Arnalds o.fl. 1996).

Útbreiðsla gróðurs	Norður-Ísafjarðarsýsla (%)	Suðureyrarhreppur og Bolungarvík (%)
Auðnir	34	35
Rýrt	18	19
Fremur rýrt	19	13
Vel gróið	30	33

Tafla 2.2. Hlutfall rofs í Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslum og tillögur til úrbóta (Ólafur Arnalds o.fl. 1996).

Rof	Norður-Ísafjarðarsýsla (%)	Suðureyrarhreppur og Bolungarvík (%)
0, 1 og 2	43	32
3	54	64
4 og 5	5	4

- 0: Ekkert rof – engar tillögur
- 1: Lítið rof – engar tillögur
- 2: Nokkurt rof - aðgát
- 3: Talsvert rof – draga úr og stjórna beit
- 4: Mikið rof – friðun
- 5: Mjög mikið rof – friðun

2.4 Dýralíf

Fuglalíf er fjölskrúðugt enda eru álitleg búsvæði fugla í björgum, votlendi og víðar. Mikið fuglalíf er í Syðridal við Syðridalsvatn. Algengustu fuglategundirnar þar eru æður, kría, toppönd, duggönd og skúfönd. Fjölbreytt fuglalíf er einnig utar, einkum við tjarnir. Í Skálavík er mjög gott að sjá straumandarsteggi í fjaðrafelli. Villt spendýr eru hagamýs og refur en refurinn er eina landspendýrið sem var hér á landi við landnám. Silungur er í ám og vötnum, m.a. Syðridalsvatni.

Hitaskil heitra og kaldra hafstrauma eru úti fyrir Vestfjörðum og því er svæðið auðugt af plöntusvifi, sem er ein meginforsenda góðra fiskimiða. Sviflæg krabbadýr eins og rauðáta og aðrar tegundir krabbaflóa nærast á plöntusvifi og eru mikilvæg fæða uppsjávarfiska. Uppsjávarfiskar eru fæða botnlægra fisktegunda eins og þorsks og ýsu. Á Bolungarvíkurmiðum hefur ávallt verið mikil fiskigengd og vertíðir hafa verið þar fleiri og lengri en víðast annars staðar. Fiskimið Bolvíkinga voru í daglegu tali auðgreind á tvennan hátt, útmið og djúpmið. Útmiðin voru miðuð við Ísafjarðardjúp en djúpmiðin við breidd Djúpsins, norðvesturhluta Djúpsins.

3 Náttúruvá

Í þessum kafla er fjallað um náttúruvá í sveitarfélaginu, m.a. flóð í ám, sjó og ofanflóð, fárviðri og loftslagsbreytingar sem taka þarf til greina við aðalskipulag.

Undir náttúruvá flokkast hraunflóð, gjóskufall, jarðskjálftar, flóð undan jöklum, flóð í ám, ofanflóð, flóð frá sjó, hafískoma, lagnaðarís og fárviðri. Skipulagssvæðið er utan hins virka gosbeltis og því munu jarðskjálftar eða eldumbrot ekki hafa áhrif á landnotkun. Ytri öflin hafa á hinn bóginn sett mark sitt á nýtingu og menningu svæðisins, einkum ofanflóð, flóð frá sjó og fárviðri.

Líklegt er talið að fyrirsjáanlegar loftslagsbreytingar munu hafa veruleg áhrif á náttúruvár hér á landi, m.a. sjávarstöðu, rennsli áa og lífríki. Breytingarnar munu einnig hafa áhrif á samfélagið, þ.e. innviði þess og undirstöðuáttvinnuvegi, s.s. sjávarútveg og landbúnað (Halldór Björnsson o.fl. 2008).

Stefna

Markmið

- Íbúar sveitarfélagsins búi við ásættanlegt öryggi m.t.t. náttúruvár
- Eignir verði sem best varðar fyrir náttúruvá
- Landnýtingu verði hagað með tilliti til náttúruvár

Stuðla ber að öryggi fólks með almennum viðbúnaði og öryggisáætlunum. Bæta þarf upplýsingar og efla vitund íbúa og gesta vegna náttúruvár. Þar sem ekki eru fyrirbyggjandi gögn um náttúruvá ber að afla þeirra við nánari útfærslur skipulagstillagna og leita álits hjá viðkomandi fagmönnum og staðkunnugum til að forðast neikvæð áhrif af völdum náttúruvár. Leggja þarf meiri áherslu á vöktun umhverfis til að hægt sé að skilja umhverfisbreytingar og áhrifin sem þær geta haft á umhverfið og auðlindirnar.

3.1 Loftslagsbreytingar og sjávarrof

Líklegt er talið að það munu hlýna um rúmlega 0,2 °C á áratug hér á landi á fyrri hluta 21. aldar. Náttúrulegar veðurfarssveiflur geta þó leitt til þess að hlýnunin verði mismikil frá áratugi til áratugar og ekki er hægt að útiloka tímabundna kólnun. Gert er ráð fyrir því að mest munu hlýna að vetrarlagi og að aukning verði í úrkomu. Loftslagsbreytingar munu því hafa áhrif á stærð og útbreiðslu jökla, gróðurfar, fuglategundir, sjávarborð og náttúruvá (Halldór Björnsson o.fl. 2008).

Búast má við aukinni uppskeru á þeim fóður- og matjurtum sem nú eru ræktaðar og fleiri möguleikum á ræktun nýrra tegunda. Séð er fram á fleiri möguleika í trjárækt en jafnframt aukna ágengni meindýra og plöntusjúkdóma og áhrif vegna breytts veðurlags og hækkandi sjávarstöðu. Breytingar á búsvæðum munu gera ákveðnum tegundum erfitt um vik en stuðla að landnámi annarra tegunda. Vetrar- og haustflóð gætu orðið meiri og útbreiddari í kjölfar aukinnar úrkomu. Talið er að hnattræn sjávarhækkun á þessari öld verði 0,2-0,6 metrar en veruleg óvissa er í því mati. Staðbundin sjávarstaða er einnig háð lóðréttum hreyfingum lands (Halldór Björnsson o.fl. 2008).

Á heimsvísu er talið að tjón vegna veðurtengdra náttúruhamfara aukist umtalsvert á 21. öldinni. Hækkandi sjávarborð mun valda aukinni tíðni hamfara á strandsvæðum en auk þess hefur fólksfjöldi, breytt landnýting og búsetuþróun áhrif á áhættu vegna náttúruhamfara.



Snjóflóðaeftirlitsmaður að störfum (Harpa Grímsdóttir).

Skv. 5. gr. laga nr. 28/1997 um sjóvarnir ber að taka tillit til sjóvarnarmannvirkja. Ölduálag er mikið við strönd Bolungarvíkur og hefur verið gerð sjóvörn norðan við Brjótinn. Ekki er í gildandi samgönguáætlun gert ráð fyrir nýjum sjóvarnarframkvæmdum í Bolungarvík. Ekki hefur verið gerð heildarúttekt, eða hættumat, vegna sjávarrofs og ágangs sjávar á mannvirki í sveitarfélaginu en búast má við að hækkandi sjávarstaða muni auka enn á þetta vandamál ef ekkert verður að gert.

Í yfirlitsskýrslu um sjóvarnir árið 2006 er forgangsraðað þeim framkvæmdum sem sveitarfélög hafa óskað eftir (Siglingastofnun Íslands 2007). Forgangsröðunin var metin með hliðsjón af sjávarógn, verðmætum að baki sjávarkambbs, fjarlægð frá fjörukambi í mannvirki, landhæð og jarðfræði strandar. Samkvæmt skýrslunni eru sjóvarnir og strandlengja sunnan Bolungarvíkurhafnar til athugunar og því er óvissa um umfang hugsanlegra framkvæmda.

Takmarkaðar upplýsingar eru um náttúruvá í dreifbýli.

Stefna

Markmið

- Rofvörnum verði haldið við þar sem landbrot er við byggð
- Ásýnd byggðar og lands verði hlíft eins og kostur er, sérstaklega náttúrulegum fjörum

Stefna sveitarfélagsins er að draga úr hættu á tjóni af völdum sjávargangs. Aðalskipulagið gerir ráð fyrir fullnægjandi sjóvörnum, þ.e. viðhaldi og uppbyggingu, til varnar byggð í þéttbýli. Gert er ráð fyrir vörnum sunnan Bolungarvíkurhafnar, í samræmi við yfirlitsskýrslu um sjóvarnir árið 2006.

Ekki skal skipuleggja byggð nær sjávarkambi en 50-100 m, þar sem líkur eru á sjávarflóðum. Meta þarf í hverju tilviki lágmarksfjarlægð. Ekki er gert ráð fyrir nýbyggingum á þeim stöðum þar sem vitað er að tjón hefur orðið vegna flóða eða á stöðum þar sem líklegt þykir að flóð

geti valdið tjóni á mannvirkjum. Nauðsynlegt er að afla frekari gagna til að hægt sé að meta hættu af sjávarflóðum og landbroti. Þær niðurstöður ber að færa inn í aðalskipulag eftir því sem kostur er.

Við ákvarðanatöku skal taka til greina upplýsingar varðandi hækkandi sjávarfirborð og áhrif þess á byggð, þar sem það á við. Í deiliskipulagi skal kveða á um lágmarks gólfhæðir húsa með hliðsjón af hæstu mögulegu sjávarstöðu og spám um sjávarborðshækkun. Jafnframt skal fjalla um lóðahæðir, skipulag og hönnun lóða m.t.t. hugsanlegs flóðrennslis, fjarlægð milli bygginga, útsýni og aðgengi.

Hugsanlega þarf að ráðast í frekari rannsóknir á hæðarbreytingum lands og öðrum þáttum er snerta sjóvarnir til að hægt sé að meta það með hvaða hætti er best að verja byggð og mannvirki fyrir ágangi sjávar á svæðinu. Horfa þarf mjög langt fram í tímann og taka tillit til langtíma sjávarstöðubreytinga við hönnun, því líftími bygginga getur verið hundruð ára. Líftími hafnarmannvirkja er yfirleitt talinn vera um 40-50 ár. Við skipulag og hönnun sjóvarna þarf jafnframt að huga að útsýni og ásýnd byggðar.

Áhersla er lögð á gott aðgengi að varnargörðunum til að hægt sé að sinna viðhaldi. Efnisnámur vegna framkvæmda eru tilgreindar í töflu 8.8 Efnistökusvæði í Bolungarvík. Sjóvarnargarðar eru sýndir á meðfylgjandi skipulagsuppráttum.

3.2 Ofanflóð

Samkvæmt reglugerð nr. 505/2000 m.s.br., um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða, skal sveitarstjórn láta meta hættu á ofanflóðum þar sem saga er um það að ofanflóð hafi fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku. Til ofanflóða teljast snjóflóð, skriðuföll, berghlaup og grjóthrun. Hættumatið skal fyrst og fremst ná til þéttbýlis og svæða þar sem þétt byggð er fyrirhuguð. Þéttbýli er þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð á milli húsa er að jafnaði ekki meiri en 200 metrar.

Gildandi aðalskipulag skal vera í samræmi við hættumat svæðisins. Samkvæmt hættumatsreglugerðinni er óheimilt að skipuleggja íbúðabyggð, frístundabyggð eða svæði fyrir atvinnustarfsemi á áður óbygðum svæðum, nema tryggt sé að áhætta fólks m.t.t. ofanflóða sé ásættanleg.


Við afgreiðslu bygginga- og framkvæmdaleyfa og við gerð deiliskiplags á svæðum þar sem ofanflóð eru möguleg og ekki er til staðfest hættumat, skal sveitarstjórn setja fyrirvara um gerð staðbundins hættumats, í samræmi við lög nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og áðurnefnda hættumatsreglugerð.

Hættusvæði skiptast í þrjá flokka út frá staðaráhættu, sem eru árlegar dánarlíkur einstaklings af völdum ofanflóða ef dvalið er öllum stundum í óstyrktu einbýlishúsi. Sjá nánar í töflu 3.1. Hættusvæðin, A, B og C, afmarkast af jafnáhættulínunum. Heimilt er að tryggja öryggi fólks með eftirliti og rýmingu á hættusvæðum A og B en á hættusvæði C skal öryggi tryggt með varanlegum varnavirkjum eða uppkaupum íbúðarhúsnæðis.

Tafla 3.1. Nýtingarreglur á hættusvæðum vegna ofanflóða (Tómas Jóhannesson o.fl. 2007).

Svæði	Neðri mörk staðaráhættu	Efri mörk staðaráhættu	Leyfilegar byggingar
C	3·10 ⁻⁴	-	Engar nýbyggingar nema frístundahús* og húsnæði þar sem viðvera er lítil.
B	1·10 ⁻⁴	3·10 ⁻⁴	Atvinnuhúsnæði má byggja án styrkinga. Byggja má íbúðarhús og byggja við hús þar sem búist er við miklum mannsafnaði (fjölbýlishús, sjúkrahús, skólar o.þ.h.) ef þau eru styrkt.
A	0,3·10 ⁻⁴	1·10 ⁻⁴	Styrkja þarf hús þar sem búist er við miklum mannsafnaði (fjölbýlishús, skólar, sjúkrahús o.þ.h.) og stærrí íbúðir (fleiri en 4 íbúðir).

*Ef áhætta er minni en 5·10⁻⁴



Mynd 3.1 Hættumat vegna ofanflóða fyrir Bolungarvík. Svæðið innan bláu punkalínunnar er hættumetið. (Veðurstofa Íslands 2003)


Ofanflóð hafa fallið mjög víða í sveitarfélaginu, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Í kjölfar mannskæðra snjóflóða á Vestfjörðum árin 1994-1995 var ráðist í heildarendurskoðun á lagasetningu og aðgerðum til varnar snjóflóðum. Vinna við hættumat samkvæmt nýrri löggjöf hófst árið 2000 og hættumatið var staðfest af Umhverfisstofu Íslands árið 2003.

Samkvæmt hættumatinu er nær allur innri hluti byggðarinnar, og svæðið næst Traðarhyrnu er utar dregur, á hættusvæði. Nær víkinni ógna snjóflóð ekki byggð. Nokkur hætta er á aurskriðum og grjóthruni úr hlíðum ofan byggðar. Mannvirki Orkuhús Vestfjarða og hesthúsin undir Erni eru á hættusvæði C og þar hafa snjóflóð margsinis fallið að húsum og stundum valdið tjóni.

Í dreifbýli hefur aðeins verið gert staðbundið hættumat á nokkrum stöðum. Aðalskipulagið er samþykkt með fyrirvara um hættumat ofanflóða á þeim svæðum þar sem það liggur ekki fyrir. Til viðmiðunar má nefna það að snjóflóð falla oftast í brekkum sem hafa 30-50 gráðu halla. Blaut flóð, krapaflóð, geta þó fallið í minni halla. Yfirleitt má miða við að byggingarsvæði teljist utan hættusvæða ef úthlaupshorn er undir 15°. Þetta á þó ekki við um krapa- og aurflóðahættu neðan gilskorninga. Úthlaupshorn er hornið frá viðkomandi stað upp í upptakasvæði flóðs.

Í Syðridal eru miklir snjóflóðafarvegir, einkum austan megin. Skv. álitu Veðurstofu Íslands bendir snjóflóðasaga þar til að C-svæði nái niður fyrir Ósa undir Óshyrnu og út á mitt Syðridalsvatn undir Mærðarhorni og niður í dalbotninn undir Heiðnafjalli.

Í Skálavík, einkum norðan til, eru þekktir snjóflóðafarvegir. Fjórir menn fórust í snjóflóði sem féll á Breiðaból í Skálavík árið 1910. Jafnframt hafa tvö frístundahús skemmt í snjóflóði, auk þess sem flóð hafa fallið mjög nærri öðrum frístundahúsum á síðustu árum. Leyfilegt er að reisa frístundahús þar sem



Mynd 3.2 Hættumat vegna ofanflóða fyrir Bolungarvík. Svæðið innan bláu punktalinunnar er hættumetið. (Veðurstofa Íslands 2003)

árleg áhætta er minni en 5 af 10.000 skv. reglugerð 505/2000. Skv. álit Veðurstofu Íslands er líklegt að a.m.k. hluti af frístundabyggð Skálavíkur sé á svæði þar sem áhættan er meiri en þetta viðmið.

Skíðalyfta er í Traðarhyrnu við innri enda snjóflóðagarðs. Skíðalyftan er líklega, skv. álit Veðurstofu Íslands, á snjóflóðahættusvæði C. Skv. reglugerð nr. 636/2009 flokkast skíðasvæðið sem lítið og því er ekki gerð krafa um varanlegar varnir, heldur er nægjanlegt að gera áætlun um daglegt eftirlit vegna snjóflóða. Áætlunin skal samþykkt af sveitarfélaginu og gerð í samráði við Veðurstofu Íslands. Þetta mun auka öryggi notenda og starfsmanna verulega en jafnframt mun þetta óhjákvæmilega fækka mögulegum opnunardögum skíðasvæðisins.

Með breytingu á Aðalskipulagi Bolungarvíkur 1980-2000, árið 2007, tóku bæjaryfirvöld ákvörðun um að verja byggð á hættusvæði undir Traðargili og Ytragili með byggingu snjóflóðavarnarvirka, nánar tiltekið varnargarðs og keilna. Aðalskipulagsbreytingin féll undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana en matið var kynnt samhliða aðalskipulagsbreytingunni. Áætlað er að framkvæmdum við garðinn verði lokið árið 2010. Við hönnun og frekara skipulag garðsins var lögð sérstök áhersla á umhverfisfrágang, einkum uppgræðslu og aðstöðu til útivistar. Með tilkomu varnarvirkjanna munu hættusvæðin minnka eins og sjá má á með meðfylgjandi skipulagsupprætti. Varnarvirkin verja ekki ysta hluta byggðarinnar neðan Traðarhyrnu en gert er ráð fyrir öðrum varnargarði til varnar þessu svæði, sbr. meðfylgjandi skipulagsupprætt.

Með tilkomu varnarvirkjanna verður staðfest nýtt hættumat neðan þeirra. Veðurstofa Íslands hefur bent á það að fræðilegur skilningur á áhrifum varnargarða og keilna á snjóflóð sé takmarkaður og því erfitt að meta snjóflóðahættu neðan slíkra mannvirkja. Sveitarfélögum ber skv. reglugerð um hættumat að „stýra skipulagsgerð og þróun byggðar með tilliti til ofanflóðahættu“ á svæðum sem varin hafa verið með varnarvirkjum.

Í umhverfismati aðalskipulagsins, sem finna má í viðauka, voru skoðaðir tveir valkostir til að verja ysta hluta byggðarinnar neðan Traðarhyrnu fyrir ofanflóðahættu, þ.e. bygging snjóflóðavarnarvirka og flutningur byggðar. Samkvæmt matinu er bygging snjóflóðavarnarvirka álitlegri kostur m.t.t. áhrifa á náttúrulegt umhverfi og samfélag. Sjá nánar í umhverfismati, í viðauka greinargerðarinnar.

Stefna

Markmið

- Öll íbúðarbyggð og atvinnustarfsemi byggist upp á hættulausum eða hættulitlum svæðum í samræmi við ofanflóðahættumat sem takmarkar þróun og uppbyggingu á snjóflóðahættusvæðum

Stefna sveitarfélagsins er að verja byggð í þéttbýli á snjóflóðahættusvæðum, í samræmi við reglugerð 505/2000 m.s.br., með byggingu varnarvirkja. Gert er ráð fyrir að lokið verði við gerð snjóflóðavarnarvirkja undir Traðargili og Ytragili árið 2010. Jafnframt gerir skipulagið ráð fyrir varnargarði undir Traðarhyrnu, ytri hluta, þ.e. á milli Hjallastrætis og Völusteinsstrætis norðan við svokallaða Morðingjamýri. Garðurinn mun liggja sunnan Stigahlíðar en skering og efnistökusvæði liggja norðan hennar. Um er að ræða þvergarð sem mun skarast lítillega við innri garðinn og hafa mjög svipaða ásýnd og hann. Heildarlengd þessa garðs verður um 280 m, mesta breidd allt að 40 m og hæð um 14 m. Brött hlið mun snúa upp að fjallinu en hefðbundinn flái snúa að byggðinni. Skeringar vegna framkvæmdarinnar munu vera neðan við svokölluð Ból, sem eru litlir hólar neðst í hlíðinni, og því munu þau ekki raskast.

Við hönnun og frágang snjóflóðavarnarvirkja skal sérstaklega huga að aðgerðum til að milda neikvæð áhrif framkvæmda á landslag og náttúru. Mikilvægt er að vanda alla jarðvinnslu og frágang við gerð varnarvirkjana. Jafnframt skal leitast við að auka gildi útivistar við varnarvirki með bættu aðgengi og þannig reyna að milda neikvæð umhverfisáhrif. Nánar er fjallað um mótvægisáðgerðir í umhverfismati aðalskipulagsins í viðauka greinargerðarinnar.

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að aðveitustöð Orkuhús Vestfjarða undir Erninum verði færð suð-austur fyrir Tjarnarkamb, sbr. kafla 8.7 um iðnaðar- og athafnasvæði. Hesthúsin undir Erninum verða færð fjær fjallinu sbr. kafla 10. Opin svæði og útivist.

Neðan varnarvirkja verða snjóflóðahættusvæði A og B eingöngu nýtt til að byggja stöku hús á þegar þéttbyggðum svæðum en ekki skipulögð ný byggð. Til lengri tíma litið er gert ráð fyrir því að leggja af atvinnustarfsemi á hættusvæðum C, þar sem mikillar viðveru yfir vetrartímann er krafist. Almenn skal snjóflóðahættusvæði nýtt á þann hátt að þar sé ekki mikill mannsafnaður yfir vetrartímann og jafnframt skal reyna að nýta náttúrulegt landslag og móta landslag þannig að öryggi íbúa verð sem mest.

Lögd er áhersla á að gerð verði könnun á ofanflóðaaðstæðum fyrir helstu ofanflóðasvæði í dreifbýli, einkum þar sem fyrirhugað er að reisa mannvirki samkvæmt aðalskipulaginu. Slík vinna yrði unnin í samvinnu við Ofanflóðasjóð og Veðurstofu Íslands.

Ekki er gert ráð fyrir nýjum frístundahúsum í norðanverðri Skálavík, vegna hættu á ofanflóðum. Líklegt er að árleg áhætta þar sé meiri en 5 af 10.000, en skv. reglugerð 505/2000 má ekki reisa frístundahús á slíkum svæðum. Í samræmi við tillögur Veðurstofu Íslands er gert ráð fyrir að unnið verði staðbundið hættumat fyrir Skálavík áður en frekari ákvörðun um uppbyggingu frístundahúsa verður tekin. Jafnframt verður gert staðbundið hættumat fyrir fyrirhugaða frístundabyggð í Tungudal, í samræmi við tillögur Veðurstofu Íslands.

Tafla 3.2. Snjóflóðahættusvæði samkvæmt hættumati og aðgerðir og áætlanir til að stuðla að auknu öryggi.

Svæði	Lýsing	Ákvæði og aðgerðir
Ú8 Traðarhyrna Innri hluti, innan Hjallastrætis. Hættumat frá 2003	Fjöldi húsa er á hættusvæði A, B og C eins og sést á mynd 3.2.	Byggingu varnarvirkja verður lokið árið 2010. Varnarvirkin eru í samræmi við breytingu á Aðalskipulagi Bolungarvíkur 1980-2000. Frágangur í samræmi við ákvæði í töflu 10.1. um almenn útivistarsvæði. Nýtt hættumat verður staðfest að lokinni byggingu varnarvirkjana.

Tafla 3.2. Snjóflóðahættusvæði samkvæmt hættumati og aðgerðir og áætlanir til að stuðla að auknu öryggi - Framhald.

Svæði	Lýsing	Ákvæði og aðgerðir
Ú8 Traðarhyrna Ytri hluti, Völusteinsstræti, Bakkastígur og nágrenni. Hættumat frá 2003	3 hús eru á hættusvæði C og samtals eru um 25 hús á hættusvæðum A, B og C.	Varnargarður fyrirhugaður, í samræmi við verkfræðilegar forsendur. Frágangur í samræmi við ákvæði í töflu 10.1. um almenn útivistarsvæði. Nýtt hættumat verður staðfest að lokinni byggingu varnarvirkjanna.
I3 og Ú9 Veitumannvirki og hesthús undir Erni. Hættumat frá 2003	Mannvirkin eru á hættusvæði C.	Mannvirkin verða færð út fyrir snjóflóðahættusvæði, sbr. kafla 8.7 um iðnaðar- og athafnasvæði og kafla 10 um opin svæði og útivist.
Frístundabyggð í Skálavík (B1) og Syðridal (F3)	Þekktir snjóflóðafarvegir eru í Skálavík, einkum norðan megin, og í austanverðum Syðridal. Svæðið hefur ekki verið hættumetið en á þetta er bent í umsögn Veðurstofunnar um aðalskipulagið.	Gert verður staðbundið hættumat fyrir þessi svæði og ákvörðun um nánari útfærslu á frístundabyggð mun byggja á þeirri niðurstöðu, í samræmi við reglugerð nr. 505/2000.

4 Lífríki og landslag

Í þessum hluta er fjallað um náttúruminjar og skógrækt í sveitarfélaginu en einnig er umfjöllun um þau svæði í dreifbýli sem eru hverfisvernduð samkvæmt aðalskipulaginu.

Markmið

- Verndun sérkenna og fjölbreytileika náttúrunnar
- Öll nýting lifandi og lífvana náttúru fari fram á sjálfbæran hátt

4.1 Náttúruminjar

Samkvæmt lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd skiptast náttúruminjar í:

1. Náttúruverndarsvæði
 - Friðlýst svæði: Þ.e. þjóðgarðar, friðlönd, fólkvangar og náttúruvætti
 - Önnur svæði og náttúruminjar sem eru á náttúruminjaskrá
 - Afmörkuð svæði og náttúrumyndanir sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags
2. Lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem eru á náttúruminjaskrá

Eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi njóta auk þess sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:

- Eldvörp, gervigígar og eldhraun
- Stöðuvötn og tjarnir, 1000 m² að stærð eða stærri
- Mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri
- Fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² eða stærri
- Sjávarfitjar og leirur

Ekki hefur verið gerð úttekt á jarðmyndunum og vistkerfum í sveitarfélaginu. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdir þegar hætta er á því að slíkum jarðmyndunum og vistkerfum verði raskað.

Í tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013 er lagt til að unnið verði að friðlýsingu 13 svæða á landinu og að tuttugu tegundir háplantna, 45 tegundir mosa, 90 fléttutegundir, þrjár tegundir hryggleysingja og tvær vistgerðir verði friðlýstar. Markmið áætlunarinnar er að halda áfram að byggja upp net verndarsvæða til að tryggja verndun náttúru, einkum landslags, tegunda og líffræðilegrar fjölbreytni. Stjórnvöld vinna jafnframt að framkvæmd stefnu og markmiða samnings um líffræðilega fjölbreytni.

Óspillt náttúra hefur margvísleg gildi, m.a. fagurfræðilegt, siðferðilegt, menningarlegt, hagrænt, vistfræðilegt, sálrænt og vísindalegt en einnig með tilliti til útivistar og fræðslu. Óspillt náttúra er þannig forsenda margvíslegra grunngæða og mannlífs sem erfitt getur verið að meta hagrænt. Í stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun er fjallað um mikilvægi verndunar og óspilltrar eða lítt snortinnar náttúru. Þar er bent á það að íslenskri náttúru hefur verið minna breytt af mannavöldum en

víðast hvar í iðnvæddum löndum. Lífríkið á Íslandi hefur þó breyst mikið vegna áhrifa mannsins, m.a. vegna skógareyðingar, jarðvegsrofs og framræslu votlendis. Ætla má að óspillt náttúra fái aukið gildi í framtíðinni og verði því verðmætari.

Í náttúruminjaskrá eru upplýsingar um svæði og fyrirbæri sem eru friðlýst eða rétt þykir að vernda, þ.e. aðrar náttúruminjar. Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda, þar sem hættu er á því að spillt verði friðlýstum náttúruminum, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd. Leita skal umsagnar og tilkynna stofnuninni um framkvæmdir þar sem hættu er á því að spillt verði öðrum náttúruminum á náttúruminjaskrá.

Innan skipulagssvæðisins er eitt svæði á náttúruminjaskrá (7. útgáfu):

Gil í Syðridal, Bolungarvík. (1) Surtarbrandslög við Gilsá upp af Syðridal. (2) Fundarstaður surtarbrands frá tertíer.



Mynd 4.1 Náttúruminjar í Bolungarvík skv. náttúruminjaskrá.

Þó svo að Bolungarvík sé lítið sveitarfélag þá er náttúrulegt umhverfi, frá fjöru að fjallstoppum, áhrifamikið, fjölbreytt og sérstakt. Allt frá landnámi hefur náttúran staðið undir búsetu á svæðinu. Helstu atvinnuvegir byggja á náttúruauðlindum og íbúar sem kjósa að búa í mikilli nánd við náttúruna laðast að svæðinu. Fjölbreyttari landnotkun eykur álag á náttúruna á þessu takmarkaða landsvæði. Mikilvægt er því að marka skýra stefnu um verndun náttúru og aðra landnotkun í sveitarfélaginu og gæta þess að ekki verði hagsmunaaárekstrar.



Ósvör (Baldur Smári Einarsson).

Stefna

Markmið

- Öll landnýting og önnur auðlindanýting verði með sjálfbærum hætti
- Sérstæðar náttúruminjar og önnur sérkenni verði vernduð, m.a. landslagsheildir og jarðmyndanir
- Stuðlað verði að náttúrulegum fjölbreytileika landslags, líffræðilegum fjölbreytileika tegunda og vistgerða
- Aðgengi að náttúru svæðisins, frá fjöru að fjalli, verði tryggt

Mikilvægt er að halda í náttúrufarsleg sérkenni og yfirbragð svæðisins og nýta þá kosti sem felast í mikilli nálægð byggðarinnar við náttúruna. Öll nýting náttúru og auðlinda skal vera í sem mestri sátt við umhverfið og hafi sem minnst óafturkræf áhrif. Tekið verði tillit til komandi kynslóða, efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra þátta við ákvarðanatöku.

Atvinnuvegir, svo sem landbúnaður, sjávarútvegur og ferðaþjónusta, eru háðir ástandi og gæðum náttúrunnar. Sjálfbær nýting mun styrkja grunnatvinnuvegina og leggja grunn að nýtingu í þessum greinum til langs tíma. Útfæra skal nánar stefnu bæjarfélagsins m.t.t. sjálfbærrar þróunar í staðardagskrá 21 og í góðri samvinnu við fyrirtæki á staðnum.

Hefðbundin landnýting í dreifbýli er tryggð, en verður þó að vera í samræmi við ástand svæðisins, í takt við sjálfbæra þróun og skal ekki ógna sérstöðu svæðisins.

Aðgengi að náttúrunni er hluti af lífsgæðum íbúa og gesta á svæðinu. Áhersla er lögð á að hægt sé að njóta náttúru svæðisins án þess þó að umferð og útivist ógni sérkennum þess. Gæta þarf þess að nýframkvæmdir skerði ekki aðgengi að útivistarsvæðum. Á viðkvæmum svæðum skal umferð stýrt inn á ákveðnar leiðir og staði. Nánar er fjallað um gönguleiðir, reiðleiðir og aðra umferð í kafla 12 um samgöngur og kafla 8.6 um ferðaþjónustu.



Skálavíkurlá, séð inn Bakkadal (Gísli Kristjánsson).

Stuðla skal að auknu upplýsingaflæði og fræðslu um náttúru og umhverfi. Þannig má auka þekkingu, meðvitund og ábyrgð fólks og fyrirtækja í þessum málum og stuðla að bættri umgengni og hvetja til útivistar. Leita skal eftir samvinnu við stofnanir og fyrirtæki, m.a. Náttúrustofu Vestfjarða og Fræðasetur Háskóla Íslands í Bolungarvík.

Jarðrask vegna framkvæmda ber að lágmarka eins og kostur er. Við framkvæmdir skal beita varúðarsjónarmiðum og vistkerfisnálgun þannig að neikvæðum áhrifum á vistkerfi verði haldið í lágmarki. Áður en ráðist er í framkvæmdir sem valda umhverfisáhrifum skal skoða mismunandi valkosti og meta áhrif þeirra á umhverfið. Ganga skal vel frá öllum framkvæmdasvæðum. Fjallað er um efnistöku í kafla 8.8 um efnistöku og vinnslu.

Um skógrækt og landgræðslu er fjallað í kafla 4.2. Þar er lögð áhersla á verndun náttúrulegra skóga og að skógarauðlind skerði ekki önnur mikilvæg gæði.

Bæta skal eftirlit og eftirfylgni með stefnumörkun, reglum og áætlunum sem varða náttúru og umhverfi og í gildi eru á skipulagssvæðinu. Einnig þurfa að fara fram viðeigandi rannsóknir á náttúru og nýtingu svæðisins og nánari stefnumörkun þar sem það á við í samstarfi við viðeigandi stofnanir og aðila.

Af einstökum náttúru fyrirbrigðum er lögð sérstök áhersla á að varðveita

- Upprunalega fjöru við þéttbýli og Sandinn
- Surtabrandsnámurnar í Syðridal (Gilsnáma)

- Ósvör og nágrenni
- Skálavík, í samræmi við hverfisverndarákvæði

Ysti hluti Skálavíkur er hverfisverndaður í aðalskipulaginu og þannig verndaður fyrir óæskilegum áhrifum. Nánar er fjallað um hverfisverndina í kafla 7.5.4 Hverfisvernd í dreifbýli.

Við gerð deiliskipulags á hverfisvernduðum svæðum og svæðum á náttúruminjaskrá, ber þeim er stendur að gerð deiliskipulags að gera greiningu á áhrifum þess í samræmi við staðlaða matstöflu í viðauka aðalskipulagsins. Þannig er reynt að tryggja að tillit sé tekið til áhrifa á umhverfi og samfélag og að deiliskipulag sé í samræmi við markmið aðalskipulagsins. Greiningin tryggir jafnframt faglega málsmeðferð við ákvarðanatöku sveitarstjórnar og framkvæmdaaðila. Nánar er fjallað um þetta í kafla 1.6 Umhverfismat og í viðauka greinargerðarinnar.

4.2 Skógrækt

Skógrækt leiðir til breytinga á umhverfinu og getur haft áhrif á gróðurfar, landslag, veðurfar, samfélag og svæði sem njóta verndar, t.d. vegna vatns, náttúrufars eða söguminja. Skógrækt getur haft jákvæð áhrif á umhverfið, m.a. með því að

- Skapa atvinnu sem aukabúgrein í landbúnaði
- Skapa skjól og draga úr rykmengun
- Bæta hljóðvist við umferðaræðar
- Draga úr neikvæðum áhrifum mannvirkja á umhverfi
- Bæta aðstæður til útivistar
- Stýra snjóalögum
- Skapa efnisauðlind til framtíðar
- Binda koltvísýring úr andrúmslofti

Nýræktun skóga á stærra svæði en 200 ha eða á verndarsvæðum, eins og þau eru skilgreind í 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, er framkvæmdaleyfis skyld og jafnframt tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar sem úrskurðar hvort þörf sé á umhverfismati. Þetta á einnig við um ruðning á náttúrulegum skógi og skógrækt á hverfisverndarsvæðum.

Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 m h.y.s., sbr. reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda.

Tvö afgerandi skógræktarsvæði eru í sveitarfélaginu, annað er innan við þéttbýlið en hitt er utarlega í Skálavík. Engar jarðir eru með samning við Skjólskóga, sem er landshlutaverkefni í skógrækt. Markmið þess er m.a. að skapa skógarauðlind með ræktun fjölnytjaskóga og skjólbelta og að treysta byggð og efla atvinnulíf svæðisins, eins og segir í lögum um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 95 / 2006. Til lengri tíma, þ.e. út fyrir ramma aðalskipulagsins, er gert ráð fyrir ræktun skóga á Vestfjörðum á allt að 5% af flatarmáli láglendis neðan 400 m.y.s. Allir sem ráða yfir lögbýli á Vestfjörðum geta tekið þátt í Skjólskógaverkefninu. Samningssvæði er að lágmarki 10 ha.

Fjallað er um gróður, jarðveg og rof í kafla 2.3 Gróðurfar og jarðvegur. Þar kemur m.a. fram að jarðvegur er mjög viðkvæmur á þessu brattlenda svæði en mikið rof er þó ekki mjög útbreitt.

Stefna

Markmið

- Sköpuð verði skógarauðlind til útivistar og til atvinnusköpunar
- Skógrækt skerði ekki önnur náttúruleg gæði eða hafi neikvæð áhrif á aðrar atvinnugreinar

- Ágengar tegundir, eins og skógarkerfill og lúpína, verði ekki nýttar utan skrúðgarða og útbreiðsla þeirra verði heft

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir frekari skógrækt til útivistar, einkum við þéttbýlið. Í skipulaginu er einnig gert ráð fyrir skógrækt sem atvinnugrein, þ.e. í samræmi við verkefni Skjólsskóga. Aðalskipulagið gerir jafnframt ráð fyrir viðhaldi birkiskóga.

Skógræktarsvæði og landgræðslusvæði eru ekki afmörkuð sérstaklega á skipulagsupprætti en um þau gilda skýr ákvæði sem nefnd eru hér á eftir. Skógrækt er m.a. möguleg á landbúnaðarsvæðum, óbyggðum svæðum og opnum svæðum til sérstakra nota. Nyttjaskógrækt, þ.e. ræktun skógar með það að meginmarkmiði að framleiða viðarafurðir til iðnaðarnota, er aðeins heimil á landbúnaðarsvæðum. Fjölnyttjaskógrækt, þar sem m.a. er gert ráð fyrir útivist fyrir almenning, er heimil á opnum svæðum til sérstakra nota.

Skógrækt er tilkynningarskyld til Bolungarvíkurkaupstaðar á hverfisvernduðum svæðum, óbyggðum svæðum, þar sem skógrækt nær til 100 ha eða meira og ef skógrækt er framkvæmdaleyfis skyld (stærri en 200 ha). Auk þess ber framkvæmdaraðiðla á þesum svæðum að gera greiningu á áhrifum skógræktar með því að nota staðalaða matstöflu sem finna má í viðauka aðalskipulagsins. Þar skal m.a. fjallað um hvaða tegundum er áætlað að planta, umfangi og staðsetningu fyrirhugaðra skógræktarsvæða. Greiningunni er ætlað að tryggja að skógrækt sé í samræmi við markmið aðalskipulagsins og faglega málsmeðferð sveitarstjórnar og framkvæmdaaðila við ákvarðanatöku. Ákvarðanatöku um skógrækt skal byggja á niðurstöðum greiningarinnar. Nánar er greint frá þessu í kafla 1.6 Umhverfismat og í viðauka greinargerðarinnar.

Við alla skógrækt er lögð áhersla á það að skerða ekki gott landbúnaðarland, sérstaklega ekki svæði sem notuð eru til matvælaframleiðslu. Jafnframt er mikilvægt að við skógrækt sé tekið tillit til náttúrulegs gróðurfars og búsvæða dýra.

Öll skógrækt skal falla vel að náttúrulegu landslagi og búsetulandslagi. Skógrækt má ekki skerða óhóflega útsýni, aðgengi að útivistarsvæðum og berjalöndum og ekki raska náttúrufyrirbrigðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. kafla 4.2 Skógrækt. Þessi fyrirbrigði eru:

- Stöðuvötn og tjarnir sem eru 1000 m² eða stærri
- Mýrar og flóar, 3 ha eða stærri
- Fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur
- Sjávarfitjar og leirur

Við skipulagningu og skógrækt ber jafnframt að leggja áherslu á góðar tengingar á milli skógræktar, útivistar og ferðaþjónustu.

Við ákvörðun um staðsetningu og stærð skógræktarsvæða, skal virða lágmarksfjarlægðir, sbr. töflu 4.1.

Tafla 4.1 Lágmarksfjarlægð á milli takmarkandi þátta og skógræktar.

Takmarkandi þáttur	Lágmarks fjarlægð	Ákvæði
Landamerki	25m	Lágmarks fjarlægð getur verið minni ef landeigendur aðliggjandi jarða koma sér saman um það. Annars gildir að lágmarks fjarlægð skógræktarsvæða frá landamerkjum skuli vera 25 m.
Vatnsbakki (ár og stöðuvötn)	-	Tryggja skal skóglausu gönguleið meðfram ám og vötnum, í samræmi við almannarétt og 23. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.
Fornminjar	20m	Ekki skógrækt, samkvæmt þjóðminjalögum nr. 107 / 2001.

Tafla 4.1 Lágmarksfjarlægð á milli takmarkandi þátta og skógræktar - Framhald.

		Þar sem fornminjar eru hluti af stærri heild eða menningarlandslagi skal fjarlægð aukin þannig að heildarásýnd eða verndargildi spillist ekki.
Takmarkandi þáttur	Lágmarks fjarlægð	Ákvæði
Veitulagnir	25m	Ekki skógrækt, sbr. kafla 11.2 um veitur.
Stofnvegir, tengivegir og aðrir vegir	15-30 m	Ekki skógrækt á 30 m breiðu svæði frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega, sbr. vegalög nr. 80 / 2007. Þar sem líkur er á snjósöfnun á veg skal fjarlægðin aukin. Sjá einnig kafla 12 um samgöngur.

Varast ber að láta þessar takmarkanir vera leiðandi í mótun ræktunarsvæðis, enda um lágmarksfjarlægðir að ræða. Mótun svæðis ætti alltaf að taka mið af landslagi og heildarásýnd svæðisins.

Mikilvægt er að farið sé varlega með innfluttar tegundir innan sveitarfélagsins. Sumar tegundir, s.s. skógarkerfill og lúpína, geta verið mjög ágengar og rutt náttúrulegum gróðri og vistkerfum úr vegi. Þessar tegundir breyta ásýnd landsins og erfitt getur reynst að halda þeim í skefjum eða uppræta þær. Því er mikilvægt að flytja ekki slíkar tegundir inn í landið og reyna að uppræta eða hefta útbreiðslu þeirra sem þegar eru komnar.

Við landgræðslu ber að forðast að skerða náttúruleg gæði viðkomandi svæða. Jafnframt skal taka tillit til héraðsáætlana Landgræðslu ríkisins.

Tafla 4.2 Skipulagsákvæði m.t.t. skógræktar.

Svæði	Ákvæði
Hverfisverndarsvæði í Skálavík	Öll skógrækt er tilkynningarskyld til Bolungarvíkurkaupstaðar. Ákvörðun bæjaryfirvalda um skógrækt skal byggja á sérstakri greiningu á áhrifum skógræktar, sem finna má í viðauka aðalskipulagsins.
Óbyggð svæði	Ekki skal spilla landi sem hentar vel til matvælaframleiðslu. Taka skal fullt tillit til svæða á náttúru- og fornminjaskrá. Skógrækt skal falla vel að náttúrulegu landslagi og búsetulandslagi og má ekki skerða óhóflega útsýni. Skógrækt má ekki raska náttúrufyrirbrigðum sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Skógrækt skal ekki skerða aðgengi að útivistarsvæðum eða spilla berjalöndum. Sjá einnig hverfisverndarákvæði í kafla 7.5.4 Hverfisvernd í dreifbýli.
Svæði	Ákvæði
Landbúnaðarsvæði	Skógrækt, þ.m.t. nytjaskógrækt, er heimil á landbúnaðarsvæðum. Ekki skal spilla landi til matvælaframleiðslu. Skógrækt skal falla vel að náttúrulegu landslagi og menningarlandslagi og má ekki skerða óhóflega útsýni. Skógrækt má ekki raska náttúrufyrirbrigðum sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Skógrækt skal ekki skerða aðgengi að útivistarsvæðum eða spilla berjalöndum. Skógrækt sem nær til 100 ha eða meira og skógrækt sem er framkvæmdaleyfis skyld (stærri en 200 ha) er tilkynningarskyld til Bolungarvíkurkaupstaðar. Á þessum svæðum ber

Tafla 4.2 Skipulagsákvæði m.t.t. skógræktar - Framhald.

	framkvæmdaraðila jafnframt að gera sérstaka greiningu á áhrifum skógræktar, sem finna má í viðauka aðalskipulagsins.
Svæði	Ákvæði
Opin svæði til sérstakra nota	Fjölnytjaskógrækt er heimil, m.a. þar sem er gert ráð fyrir útivist fyrir almenning. Huga skal að aðgengi fyrir alla að útivistarsvæðum.
Svæði fyrir frístunda- byggð	Skógrækt skal falla vel að náttúrulegu landslagi og menningarlandslagi og má ekki skerða óhóflega útsýni, þ.m.t. frá frístundahúsum. Skógrækt má ekki raska náttúruvænbrigðum sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Skógrækt skal ekki skerða aðgengi að útivistarsvæðum eða spilla berjalöndum. Skógrækt sem nær til 100 ha eða meira og skógrækt sem er framkvæmdaleyfisskyld (stærri en 200 ha) er tilkynningarskyld til Bolungarvíkurkaupstaðar. Á þessum svæðum ber framkvæmdaraðila jafnframt að gera sérstaka greiningu á áhrifum skógræktar, sem finna má í viðauka aðalskipulagsins.

5 Vatn, loft og hljóð

Í þessum hluta er fjallað um vatns- og loftgæði og hljóðvist. Viða er mengun lofts og vatns eitt alvarlegasta heilbrigðisvandamál sem glímt er við í heiminum í dag og ein mesta ógn við lífríki og vistkerfi jarðar.

Heilsa og vellíðan fólks, lífverur og vistkerfi eru háð vatns- og loftgæðum. Mengun getur haft skaðleg áhrif á helstu atvinnuvegi sveitarfélagsins, svo sem sjávarútveg, ferðaþjónustu og landbúnað, sem allir byggja á gæðum náttúrunnar og ímynd svæðisins. Almennt má segja að ástand vatns og lofts sé ásættanlegt í Bolungarvík og orsakast það m.a. af smæð samfélagsins. Hér á landi eru í gildi lög, reglugerðir og alþjóðlegar samþykktir er varða mengun, þar á meðal:

- Lög nr. 65/2007 um losun gróðurhúsalofttegunda
- Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda
- Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir
- Lög nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar
- Lög nr. 20/1972 um bann við losun hættulegra efna í sjó
- Lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni
- Lög nr. 107/2006 um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda
- Vínarsamningur og Montrealbókun um verndun ósonlagsins
- Rammasamningur um loftslagsbreytingar og Kyotobókun
- Samningur um varnir gegn mengun frá skipum (MARPOL 73/78)
- Lundúnarsamningur um varnir gegn mengun hafsins
- Samningur um verndun NA-Atlantshafsins (OSPAR)
- Samningur um viðbúnað og viðbrögð gegn olíumengun (OPRC)
- Kaupmannahafnarsamningur um mengun sjávar
- Baselsamningur

Reglugerð nr. 796/1999 m.s.br., um varnir gegn mengun vatns er ætlað að koma í veg fyrir og draga úr mengun vatns og umhverfis af mannavöldum. Skv. reglugerðinni skal sveitarstjórn flokka allt yfirborðsvatn og grunnvatn eftir ástandi þess og skilgreina langtímamarkmið fyrir vatn. Jafnframt skal skilgreina vatnsverndarsvæði vatnsbóla. Vatnasvið vatnsbólanna, þ.e. vatnsverndarsvæðið, skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. Reglugerðin tilgreinir takmarkanir á athöfnum og framkvæmdum innan vatnsverndarsvæðisins.

Búið er að kortleggja vatnsverndarsvæði vatnsbóla Bolungarvíkur og eru þau merkt inn á meðfylgjandi skipulagsupprátt.

Vinna við flokkun vatns, skv. ofangreindri reglugerð, er hins vegar ekki hafin í Bolungarvík. Til að sú vinna geti hafist þarf að kortleggja álagsþætti, þ.e. þá þætti sem valdið geta álagi á vatnasvæðum, t.d. þéttleika byggðar og starfsemi á svæðinu. Jafnframt þarf að greina ástand vatnsins með tilliti til mengunarefna. Þá skulu metnar afleiðingar ástandsins á lífríki, heilsufar og fleira. Út frá þessum gögnum ber heilbrigðisnefnd að skilgreina langtímamarkmið og vinna aðgerðaráætlanir.

Vatnasvið vatnsbóla

I. flokkur. Brunnsvæði

Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólsins. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar.

II. flokkur. Grannsvæði

Á grannsvæði er notkun á hættulegum efnum og birgðageymsla slíkra efna bönnuð. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.

III. flokkur. Fjarsvæði

Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna, sem talin eru upp í II. flokki. Stærri geymslur fyrri slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

Reglugerð nr. 796/1999 m.s.br.

Innan mjög skammst tíma er gert ráð fyrir að tilskipun Evrópusambandsins og Ráðsins 2000/60/EB, svokölluð vatnatilskipun, verði lögleidd á Íslandi. Tilgangur skipunarinnar er að koma á heildstæðri stjórn vatnsmála. Á meðal markmiða tilskipunarinnar er að hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vistkerfa, tryggja haldbæra vatnsnotkun með verndun nytjavatns, auka vernd og bæta vatnakerfi. Auk þess er tilskipuninni ætlað að draga úr áhrifum flóða og bæta ástand sjávar. Eftir innleiðingu tilskipunarinnar verða ríkari kröfur gerðar um upplýsingagjöf og flokkun alls vatns.

Við skipulagsgerð skal hljóðstig vegna umferðar ökutækja, flugumferðar og atvinnustarfsemi vera undir skilgreindum mörkum í viðauka reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða.

Skv. reglugerð um hávaða og aðgerðaráætlanir nr. 1000/2005 skal sveitarstjórn gera hávaðakort fyrir þéttbýlissvæði en veghaldarar og rekstraraðilar flugvalla fyrir stóra vegi og flugvelli. Sveitarstjórn ber ábyrgð á því að aðgerðaráætlun sé gerð til að draga úr áhrifum hávaða, þar sem það á við. Reglugerðin kveður einnig á um það að skipulagsáætlanir séu í samræmi við niðurstöður hávaðakortlagningar. Ekki var gert sérstakt hávaðakort fyrir þéttbýli samhliða þessu aðalskipulagi.

Stefna

Markmið

- Mengun í ám og stöðuvötnum verði engin eða svo lítil að hún hafi ekki áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskgengd eða útivistargildi
- Íbúar Bolungarvíkur búi við heilnæmt andrúmsloft, samkvæmt ströngustu mörkum á Evrópska efnahagssvæðinu. Jafnframt verði stuðlað að minnkun útblásturs gróðurhúsalofttegunda og annarrar mengunar sem hefur áhrif á heimsvísu
- Íbúar Bolungarvíkur búi við heilnæmt vatn, til neyslu og annarra nytja, samkvæmt ströngustu mörkum á Evrópska efnahagssvæðinu
- Sjávarfang úr hafinu í nágrenni Bolungarvíkur verði ávallt undir ströngustu viðmiðunarmörkum innlendra sem erlendra heilbrigðisyfirvalda, hvað varðar mengun
- Tekið verði tillit til hljóðvistar í öllu skipulagi



Syðridalsvatn, séð frá Óshyrnu (Elías Jónatansson).

Bolungarvíkurkaupstaður mun leggja áherslu á það að íbúar búi við hreint og heilnæmt umhverfi. Jafnframt þarf sveitarfélagið að axla þá ábyrgð að draga úr hnattrænum umhverfisvandamálum í samræmi við lög landsins og alþjóðlegar skuldbindingar. Sérstök áhersla verður lögð á það að halda strandsvæðum og hafinu hreinu og ómengduðu. Þessar áherslur munu hafa jákvæð áhrif á íbúa og undirstöðuatvinnugreinar á svæðinu. Markmiðunum má m.a. ná með því að auka vitund almennings og atvinnulífs um afleiðingar mengunar og hvetja sömu aðila til að forðast slíka mengun.

Til að ná settum markmiðum um vatnsvernd er mikilvægt að beina framkvæmdum og umferð frá vatnsverndarsvæðum í samvinnu við heilbrigðiseftirlit svæðisins. Ráðist skal í vinnu við flokkun vatns í samræmi við reglugerðir. Í því felst kortlagning álagsþátta, greining ástands vatns m.t.t. mengunar og mat á afleiðingum ástandsins á lífríki, heilsufar og fleiri þætti. Þeirri vinnu skal lokið eigi síðar en árið 2012.

Skoða þarf leiðir til að draga úr mengun frá sjávarútvegi, landbúnaði og öðrum atvinnugreinum, þ.e. svokallaðar lífrænar mengunarvarnir. Horfa þarf til hreinsunar vinnsluvatns hjá matvælaframleiðslufyrirtækjum og annarri vatnsmengandi starfsemi. Einnig ber að skoða möguleika á grófsíun íbúaskólps.

Við skipulagningu verður lögð áhersla á gott net göngustíga og góðar almenningsgöngur sem dregið geta úr loftmengun. Framfylgja skal reglugerðum er varða hljóðvist, með gerð hávaðakorta sem nýtast í gerð skipulags.

Nánar skal fjalla um leiðir að ofangreindum markmiðum við gerð staðardagskrár 21, sem hrinda á í framkvæmd snemma á skipulagstímabilinu. Nánar er fjallað um mengun í kafla 11 um veitur og sorp.

6 Óbyggð svæði

Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð. Til óbyggðra svæða telst hálendi sveitarfélagsins og önnur afskekkt svæði eða svæði þar sem mannvirkjagerð er ekki fyrirhuguð.

Stefna

Markmið

- Nýting svæðisins sé í samræmi við almenn verndarmarkmið aðalskipulagsins
- Heimilt verði að nýta eyðijarðir utan landbúnaðarsvæða til hefðbundinna hlunnindanytja, þar sem tekið er mið af hefð og sögu svæðisins

Á óbyggðum svæðum er að finna óbrotið land og oft á tíðum landsvæði sem eru auk þess vernduð sérstaklega sem náttúruverndarsvæði, þjóðminjaverndarsvæði, hverfisverndarsvæði eða vatnsverndarsvæði. Mikilvægt er að stefna um landnotkun þessara verðmætu ósnortnu svæða sé skýr í aðalskipulaginu. Verndarmarkmið aðalskipulagsins, sem sett eru fram í kaflanum um náttúru, kveða m.a. á um sjálfbæra nýtingu auðlinda, aðgengi að náttúru, verndun sérkenna, líffræðilegrar fjölbreytni og landslags.

Hefðbundnar hlunnindanytjar landeigenda og ábúenda geta m.a. falið í sér, allt eftir hefð og sögu hvers svæðis, beit, mannvirkjagerð, útivist, veiðar og skógrækt en þó ekki nytjaskógrækt.

Nánar er fjallað um

- Náttúruminjar í kafla 4.1
- Skógrækt í kafla 4.2
- Vatnsvernd í kafla 5 um vatn, loft og hljóð
- Nýtingu eyðijarða í kafla 7.5.2
- Frístundabyggð í kafla 7.5.3
- Hverfisvernd í dreifbýli í kafla 7.5.4
- Smávirkjanir í kafla 8.7 um iðnaðar- og athafnasvæði
- Gönguleiðir í kafla 12.1 og reiðleiðir í kafla 12.2

samfélag

Í þessum hluta er fjallað um byggð í þéttbýli og dreifbýli, atvinnumál, félags- og velferðarmál, útivist, opin svæði og íþróttir.



7 Byggð

Í þessum hluta er fjallað um byggð í Bolungarvíkurkaupstað, helstu breytingar á byggðamynstri og þróunarmöguleika byggðarinnar í þéttbýli og dreifbýli.

7.1 Saga byggðar

Upphaf byggðar í Bolungarvík má rekja til þess er Þuríður sundafyllir, landsnámskona, gerði sér bú í Vatnsnesi ásamt Völu-Steini syni sínum og Þjóðólfur bróðir hennar í Þjóðólfstungu í Tungudal. Bolungarvík hlaut kaupstaðarréttindi árið 1974. Sveitarfélagið nær yfir það svæði sem fram að því var Hólshreppur, en Hóll var mesta jörð í Bolungarvík á fyrri öldum, höfuðból og kirkjustaður. Útræði munu menn hafa stundað í Bolungarvík frá elstu tímum, enda stutt að sækja á fengsæl mið, og hefur helsta atvinna íbúanna hefur löngum verið sjósókn og margvísleg fiskvinnsla.

Miklar þyrpingar verbúða stóðu þar við sjóinn á fyrri tíð, þótt ekki festist þar varanleg byggð lengi vel. Það var algengt fram á 19. öld að bændur við innanvert Djúp sendu vinnumenn til útróðra í Bolungarvík, sem liggur miklu betur við fiskimiðum en innsveitirnar. Bolungarvík var aðalverstöðin í Norður-Ísafjarðarsýslu og með stærstu verstöðvum á landinu um aldamótin 1900. Aðstaða til útgerðar í Bolungarvík var þó á margan hátt erfið, því að víkin er opin fyrir hafáttum og fjaran stórgrýtisurð. Þótt reynt væri að ryðja þarna varir, mun brimið hafa ónýtt þær fljótlega eða jafnvel jafnóðum. Verslun hófst á staðnum árið 1890 og upp úr því tók fólk að setjast þar að. Löggildingu sem verslunarstaður fékk Bolungarvík árið 1903. Hafnargerð hófst árið 1911 með byggingu brimbrjótsins og í kjölfarið stórbatnaði hafnaraðstaða fyrir vélbáta með tilheyrandi jákvæðum áhrifum fyrri byggðarlagið.

Upphaf þéttbýlisins má rekja til verbúða sem munu hafa verið reistar á svokölluðum Bolungarvíkurmölum eða Mölum. Byggðin leitaði smám saman upp í brekkurnar og túnin, bæði vegna þess að útvegurinn



Kamburinn, um miðja tuttugustu öldina (Sigurgeir Halldórsson/Ljósmyndasafnið Ísafirði).

þurfti ákveðið svæði fyrir sína starfsemi, en einnig vegna þess að ókostur þótti að íbúðarhús væru svo nálægt rakanum og briminu.

Í Bolungarvík gefst tækifæri til að gaumgæfa hvernig sjósókn var háttað fyrir á tímum. Einnig sjást ummerki um annan atvinnuveg, sem nú er horfinn, því að hjá Gili í Syðridal var grafið eftir surtarbrandi til eldsneytis á árunum 1917-1921.

Bolungarvík er umlukin háum fjöllum á þrjá vegu og á landi voru samgöngur við nágrannabyggðir erfiðar, nema helst um hásumarið. Um það bera glöggt vitni sum þeirra örnefna sem tengjast ferðaleiðum um fjöll og heiðar og inn með Óshlíð þar sem var fjölfarnasta leiðin inn í Skutulsfjörð.

Á fyrri öldum var Bolungarvík mjög einangraður staður og erfitt að komast þangað, nema á sjó. Úr samgöngumálunum rættist verulega þegar vegurinn til Hnífsdals og Ísafjarðar var lagður um Óshlíð en hann var formlega tekinn í notkun árið 1950. Nú er unnið að gerð jarðganga undir Óshlíð, svokallaðra Bolungarvíkurganga.


Af þessari lýsingu má ráða að náttúruöflin í Bolungarvík eru kröftug og þróun byggðar hefur mótast m.t.t. þeirra. En náttúruauðlindirnar eru jafnframt forsenda fyrir þóun byggðarinnar, sem hefur í gegnum tíðina aðlagast umhverfinu. Nýlegt dæmi um það er bygging snjóflóðavarnavirkja undir Traðarhyrnu.

7.2 Íbúápróun

7.2.1 Íbúafjöldi

Íbúum Bolungarvíkur hefur fækkað stöðugt síðustu tvo áratugina. Við upphaf síðasta skipulagstímabils, þ.e. 1980, voru íbúar Bolungarvíkur 1266 en voru í upphafi árs 2010 orðnir 970. Fækkunin á þessu tímabili nemur um 23% en á sama tíma hefur íbúum á landinu fjölgað um ríflega 22%. Bolvíkingum fjölgaði jafnt og þétt frá fimmta tug síðustu aldar, en aukningin var mest á áttunda áratugnum. Um miðjan níunda áratuginn byrjaði Bolvíkingum að fækka aftur og er íbúafjöldinn nú svipaður því sem var á miðjum áttunda áratugnum. Mesta fækkunin í Bolungarvík, var á tíunda áratug síðustu aldar en dregið hefur úr fólksfækkun síðustu ár, eins og sést á mynd 7.1. Bolvíkingum fjölgaði árið 2008 og lítillega 2009, eða um 64 miðað við tölur 1. desember. Ýmsar skýringar hafa verið settar fram til útskýringar á þessari þróun, m.a. miklar breytingar í undirstöðuatvinnugrein svæðisins, sjávarútvegi.


Þróunin í Bolungarvík er ekki ósvipuð því sem almennt hefur verið á Vestfjörðum. Vestfirðingar voru tæp 15% af mannfjölda landsins árið 1915 en árið 1990 var þetta hlutfall komið niður undir 4%. Straumur fólks á 20. öldinni og fyrstu ár þeirrar 21. hefur legið frá landsbyggðinni og á suðvesturhornið. Breyting varð á þessu árið 2008 en þá fjölgaði íbúum á Vestfjörðum um 65, eða um tæpt eitt prósent, eftir langvarandi fólksfækkun.



Mynd 7.1 Íbúafjöldi í Bolungarvík 1. desember á tímabilinu 1973-2008. (Hagstofa Íslands 2009)

Íbúapróun er háð búferlaflutningum og náttúrulegri fjölgun, þ.e. fjölda fæddra umfram dána. Búferlaflutningar hafa jafnan verið neikvæðir síðustu 20 ár, þ.e. fleiri flytja frá sveitarfélaginu en í það, eins og sjá má á mynd 7.2. Neikvæðastir voru flutningarnir á árunum 1990-1998, að árinu 1996 undanskildu en síðan hefur dregið úr þeim. Síðasta árið var jákvætt en inni í þeim tölum eru áhrif vegna tímabundinna framkvæmda.

Flutningsjöfnuður kynjanna hefur verið mjög jafn ef litið er á allt tímabilið frá 1986-2009 þó breytileikinn milli ára hafi verið mjög mikill. Náttúruleg fjölgun á tímabilinu hefur hins vegar verið jákvæð, þ.e. fæðingar hafa verði fleiri en dauðsföll og hefur það unnið á móti fólksfækkuninni.




Mynd 7.2 Búferlaflutningar, þ.e. aðfluttur umfram brottfluttra, innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1986-2009. (Hagstofa Íslands 2009)

7.2.2 Samsetning íbúafjölda


Á næstu myndum er litið á aldur, kyn, fjölskyldugerð og þjóðerni. Samkvæmt mynd 7.3, sem sýnir aldersdreifingu íbúa Bolungarvíkur í samanburði við landið allt, er hlutfall aldurshópsins 45-59 ára mun hærra en á landsvísu. Hlutfall annarra aldursflokka fylgir nokkuð landsmeðaltali þó það sé heldur lægra. Hlutfall karla í Bolungarvík er 53%, sem er heldur hærra en á landsvísu, þar sem hlutfall karla er 51% af mannfjölda.

Hlutfall erlendra ríkisborgara í Bolungarvík var í upphafi árs 2010 um 17%, en það er talsvert meira en landsmeðaltalið sem var á sama tíma um 7%. Líklegt er að þetta háa hlutfall sé vegna tímabundinna framkvæmda á svæðinu, en árið 2007 var hlutfallið nær landsmeðaltali eða tæp 9%. Á mynd 7.4 má sjá að hlutfall erlendra karla hefur aukist síðustu ár, en fram að þeim tíma voru erlendar konur í meirihluta.


Litlar breytingar hafa orðið á fjölskyldugerð í Bolungarvík síðustu 12 ár, þó búa nú færri einir en áður. Fólki í sambúð eða hjónabandi og með börn hefur fækkað heldur, eins og sjá má á mynd 7.5. Minni sveiflur eru hjá öðrum hópum. Hafa verður í huga fólksfækkun síðustu 10 ára í sveitarfélaginu við túlkun á þessum gögnum.



Mynd 7.3 Aldursdreifing íbúafjölda í Bolungarvík og á Íslandi 1. desember 2008. (Hagstofa Íslands 2009)



Mynd 7.4 Hlutfall erlendra ríkisborgara í Bolungarvík á tímabilinu 1998-2010. (Hagstofa Íslands 2009)



Mynd 7.5 Fjölskyldumynstur íbúa í Bolungarvík á tímabilinu 1998-2010. (Hagstofa Íslands 2008)



Varðeldur í Hreggnasagryfju (reynirsk.smugmug.com).

Stefna

Markmið

– Fólksfjölgun verði í Bolungarvík á skipulagstímabilinu


Skipulagið miðar að því að bæta búsetuskilyrðin í Bolungarvík og því er gert ráð fyrir að íbúum muni fjölga á skipulagstímabilinu. Mikilvægt er að þróunin byggji á því búsetumynstri sem fyrir er og styrki þannig byggðina.

Þróun íbúafjölda næstu ára getur m.a. ráðist af þeirri stefnu sem aðalskipulagið markar. Óljós stefna er ekki líkleg til að snúa mannfjöldabróuninni við, en skýr stefna í aðalskipulaginu getur haft afgerandi áhrif á mannfjöldabróun sem og aðra þætti sem tekið er á í skipulaginu. Forsenda þessa viðsnúnings eru m.a. bættir innviðir, sem leiða til öflugra og fjölbreyttara atvinnulífs þannig að hægt verði að nýta sérstöðu svæðisins betur en verið hefur.

Margir þættir geta haft áhrif á íbúabróun og því er erfitt að segja til um það hverjar mannfjöldabreytingarnar munu verða á gildistíma aðalskipulagsins. Jafnframt geta hlutfallslegar sveiflur verið mun meiri í minni sveitarfélögum, þar sem hver einstaklingur hefur mikið vægi. U.þ.b. tvær fjölskyldur eru um 1% af heildaríbúafjölda í sveitarfélaginu. Mjög litla hreyfingu fólks þarf því til að breyting á fólksfjölda verði vel merkjanleg.

Í Vaxtarsamningi Vestfjarða er sett fram framtíðarsýn fyrir Vestfirði sem gerir ráð fyrir því að íbúum á Vestfjörðum fjölgi árlega á tímabilinu 2004-2020 um 0,5% og að íbúafjöldinn verði 8300 árið 2020. Í vaxtarsamningi er framtíðarsýnin sú að hér verði fjölskylduvænt samfélag sem verður eftirsótt vegna góðrar þjónustu, möguleika til menntunar og nýtingar frítíma, sem byggist á fjölbreyttu og samkeppnishæfu atvinnulífi. Samkvæmt þessu fjölgar Bolvíkingum um 45 á skipulagstímabilinu. Í spá Hagstofu Íslands (2008) er gert ráð fyrir fólksfækkun við upphaf skipulagstímabilsins en frá árinu 2013 er spáð um 0,9% fjölgun. Spáin á við Ísland í heild sinni og er ekki gerður greinarmunur eftir svæðum, en fjölgunin í Bolungarvík er þá um 70 manns á skipulagstímanum.

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir lítilsháttar fólksfjölgun árið 2010 en að fjölgunin muni aukast eftir því sem líður á tímabilið og verði orðin 0,6% í lok tímabilsins. Samkvæmt þessu mun íbúum fjölga um u.þ.b. 40 manns á skipulagstímabilinu.



Mynd 7.6 Þróun mannfjölda í Bolungarvík frá árinu 1990 og áætluð þróun til ársins 2020.


7.3 Menningar- og búsetuminjar

Fornleifar eru hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á. Minjar sem eru eldri en 100 ára eru að jafnaði taldar til fornleifa og eru friðaðar samkvæmt Þjóðminjalögum. Til fornleifa telst eftirfarandi:


- Búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkjur, bænahús, klaustur og búðir, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum
- Vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri
- Gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita
- Gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra
- Virki og skansar og önnur varnarmannvirki
- Gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð
- Áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum
- Haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið
- Skipsflök eða hlutar úr þeim

Sumar fornleifar eru jafnframt friðlýstar sérstaklega, einnig er hægt að friðlýsa yngri minjar skv. 9. grein Þjóðminjalaga 107/2001. Margar minjar nálgast nú 100 ára aldur og því mun fornleifum fjölga hratt á næstu árum miðað við núgildandi lög. Ef jarðrask vegna framkvæmda getur haggð fornleifum, skal framkvæmdaaðili, landeigandi, ábúandi eða annar aðili skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Setur þá Fornleifavernd skilmála sem ætlað er að tryggja vernd fornleifanna.


Í 11. grein Þjóðminjalaga segir að skylt sé að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Eitt helsta markmið með fornleifaskráningu er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Kerfisbundin skráning fornleifa í Bolungarvík hófst sumarið 1996 og hefur nú stór hluti sveitarfélagsins verið skráður kerfisbundið (Ragnar Edvardsson 2000). Í fornleifaskránni er miðað við jarðarskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðartali Johnsens frá 1847 og eru jarðir tölusettar með sama hætti og þar. Í fornleifaskránni eru skráðir allir þeir staðir sem eru taldir heyra undir Þjóðminjalög, en í einhverjum tilvikum kunna að vera að skráðir staðir sem ekki heyra undir þessi lög. Komi það í ljós skal staðurinn felldur úr Fornleifaskrá. Skráin er ekki tæmandi og því kunna einnig að vera fornleifar á svæðinu sem ekki eru í skránni. Finnist ókunnar fornleifar skal skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum skv. 13. grein Þjóðminjalaga. Metin er hætta á að fornleifar geti eyðst af manna- eða náttúrulegum völdum, með svokölluðu hættumati. Niðurstöður fornleifaskráningar eru birtar á myndum 7.7., 7.8. og 7.9. og í töflu 7.1. Af þeim 266 minjastöðum sem skráðir hafa verið í sveitarfélaginu eru 40 staðir taldir í hættu af manna- eða náttúrulegum völdum, eins og fram kemur í töflu 7.1.



Mynd 7.7 Skráðar fornminjar í Skálavík (byggt á gögnum frá Ragnari Edvardssyni 2000).



Mynd 7.8 Skráðar fornminjar í Tungudal og þéttbýlinu (byggt á gögnum frá Ragnari Edvardssyni 1996).



Mynd 7.9 Skráðar fornminjar í Syðridal og Óshlíð (byggt á gögnum frá Ragnari Edvardssyni 1997).

Tafla 7.1 Fjöldi minjastaða og hættumat flokkað eftir jörðum skv. fornleifaskráningu í Bolungarvík (Ragnar Edvardsson 1996, 1997 og 2000).

Jörð	Fjöldi minjastaða	Ekkert tilgreint	Engin hætta	Lítill hætta	Hætta	Nokkur hætta	Talsverð hætta	Mikil/ stór hætta
Tröð	17	2	2	2	1	5	1	4
Ytri -Búðir	20	19				1		
Hóll	29	18	4		1	1		5
Grundarhóll	1	1						
Árbær eða heimari Búðir	11	11						
Landalifur	1	1						
Miðdalur	10	3	3		2			2
Tunga (Þjóðólfstunga)	9		9					
Meiri-Hlíð	12		7		5			
Minni-Hlíð	13		11		2			
Hanhóll	15	6	8		1			
Gil	12	1	10		1			
Ós	17	2	13		2			
Meiri-Bakki	18	8	7		3			
Minni-Bakki	31	13	18					
Breiðaból	21	3	18					
Kroppstaðir	9		8		1			
Meira-Hraun	10	1	9					
Minna-Hraun	10	3	7					
Alls	266	92	134	2	19	7	1	11

Fornar bæjarrústir á Vatnsnesi við Syðridalsvatn, sem taldar eru frá landnámsbæ Puríðar sundafyllis, eru friðlýstar skv. friðlýsingarskrá. Í Skálavík er skráður fjöldi verminja en engar þeirra eru friðaðar sérstaklega. Fjöldi verbúða og vara var einnig í Bolungarvík en þær hafa vikið fyrir þéttbýlinu. Í Ósvör, þar sem þrautarlending Bolvíkinga var í upphafi tuttugustu aldar, hefur verið sett upp minjasafn. í Skálavík í landi Minnibakka eru óraskaðar minjar verstöðvar, en slíkt er sjalgæft hér á landi.

Fornleifar og aðrar búsetuminjar geyma upplýsingar um sögu og menningu svæðisins, einkum búskaparhætti, byggingarlag og lífnaðarhætti fyrri tíma. Á norðanverðum Vestfjörðum er tækifæri til að rannsaka þessa þætti því byggð hefur minnkað og þéttst, auk þess sem stórt svæði er einangrað, þ.e. án vegtengingar við önnur svæði, og þannig hafa verðmætin varðveist. Nánar er fjallað um gamlar byggingar í næsta kafla.

Til friðaðra bygginga teljast öll hús sem eru reist fyrir 1850 svo og allar kirkjur reistar fyrir 1918, skv. lögum nr. 104/2001 um húsafriðun. Tilgangur laganna er að varðveita íslenska byggingararfleifð sem hefur menningarsögulegt gildi. Eigendum húsa sem reist eru fyrir 1918 er einnig skylt að leita álits hjá húsafriðunarnefnd. Samkvæmt lögnum má friða mannvirki, hús eða húshluta, sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Auk þess getur menntamálaráðherra ákveðið að friða mannvirki, hús eða húshluta sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Sömuleiðis getur hann ákveðið að afnema friðun.



Hólskirkja (Baldur Smári Einarsson).

Hólskirkja, sem var byggð 1908, er eina friðaða byggingin í Bolungarvík. Kirkjan, sem er timburhús, var tilnsiðið í Noregi og hönnuð af Rögnvaldi Ólafssyni arkitekti, er friðuð samkvæmt aldursákvæði. Við Hól eru jafnframt miklar minjar um sögu Bolungarvíkur. Í Bolungarvík eru 29 uppistandandi byggingar sem eru byggðar fyrir 1921. Þessar byggingar verða því allar eldri en 100 ára á skipulagstímabilinu og munu því teljast til fornleifa. Sjá nánar í töflu 7.2. og kafla 7.4.3 um hverfisvernd í þéttbýli.

Í frumvarpi að lögum um menningarminjar er gert ráð fyrir því að öll mannvirki sem byggð voru fyrir 1900 verði friðuð.

Tafla 7.2 Uppistandandi byggingar í Bolungarvík byggðar fyrir 1921 (Fasteignamat Ríkisins 2009).

Bygging	Byggingarár
Hólskirkja	1908 (friðlýst 1990)
Bakkastígur 9	1900-56
Bakkastígur 11	1880-1971
Bakkastígur 12	1912-15
Aðalstræti 16	1909
Aðalstræti 3	1902
Hafnargata 41	1902
Hafnargata 47	1908
Hafnargata 49	1920
Hafnargata 53-59 (rifið árið 2009)	1920
Hafnargata 81	1920
Hafnargata 75	1907
Hafnargata 108	1908-10
Hafnargata 115A	1905-10

Tafla 7.2 Uppistandandi byggingar í Bolungarvík byggðar fyrir 1921 (Fasteignamat Ríkisins 2009) - Framhald.

Bygging	Byggingarár
Hafnargata 115B	1907-8
Hafnargata 120	1908-10
Hafnargata 122	1900
Hlíðarvegur 16	1908-10
Hlíðarvegur 17	1907-17
Holtastígur 8	1913-54
Holtastígur 9	1903-4
Holtastígur 10	1912-40
Miðstræti 3	1900-2
Miðstræti 4	1900-5
Miðstræti 6	1907-10
Puríðarbraut 7	1912-15
Breiðaból	1910
Gil	1910
Minni-Bakki	1910
Ós	1906

Stefna

Markmið

- Sögu- og menningarleg sérkenni svæðisins verði vernduð fyrir framkvæmdum og ágangi náttúrunnar

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að sérkenni svæðisins verði vernduð, þ.e. rótgróin saga og menning sem nær allt til landnáms Puríðar sundafyllis. Með því er einnig átt við búsetulandslag, þ.e. það umhverfi sem mannshöndin hefur mótað með athöfnum sínum í gegnum tíðina. Í sveitarfélaginu eru margs konar mannvirki sem tengjast nýtingu sjávarauðlinda, svo sem fiskhjallar, varir, naust og verstöðvar. Þessi mannvirki setja sterkan svip á svæðið og eru hluti af sögu þess. Leitast skal við að varðveita gömul hús í þéttbýli og dreifbýli sem hafa á einhvern hátt verndargildi. Áhersla er lögð á verndun staða sem tengjast merkjum atburðum, þjóðsögum og þjóðháttum, svo og verndun mannvirkja sem bera vitni um horfið verklag eða tækni. Þessi stefna leiðir af sér aðlaðandi umhverfi og styður við ferðaþjónustu og fleiri atvinnuvegi.

Æskilegt er að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, ellegar ber að tilkynna fornleifavernd það með góðum fyrirvara. Jafnframt ber að stöðva verk og tilkynna fornleifavernd komi fornleifar í ljós við framkvæmdir, skv. 13. grein þjóðminjalaga. Fornleifaskráning verður einnig gerð samhliða deiliskipulagi, eins og þjóðminjalög gera ráð fyrir. Sérstaklega skal þess gætt að raska ekki minjum í Vatnsnesi, við Hól, og í landi Minnibakka. Minjar við Hól og í Landi Minnibakka eru ekki friðlýstar og njóta þær því hverfisverndar í skipulagi þessu sbr. kafla 7.4.3 um hverfisvernd í þéttbýli og kafla 7.5.4 um hverfisvernd í dreifbýli.

Lögð er áhersla á að íbúar og gestir verði upplýstir um sögu og menningu svæðisins og þannig verði stuðlað að góðri umgengni og aukinni virðingu fyrir fornleifum og menningararfi svæðisins. Nýta ætti upplýsingagildi menningar- og búsetuminja á svæðinu, bæði fyrir íbúa svæðisins og ferðamenn. Upplýsingar um menningarminjar í ferðaþjónustu verða sífellt mikilvægari.

Nánar er fjallað um verndun húsa í kafla 7.4.3 Hverfisvernd í þéttbýli, kafla 7.5.4 Hverfisvernd í dreifbýli og kafla 7.5.3 Frístundabyggð.

Tafla 7.3 Menningarminjar

Svæði R1 - Vatnsnes Fornar bæjarrústir, taldar vera frá bæ Puríðar sundafyllis Friðlýst árið 1971.	Ákvæði Friðun skv. þjóðminjalögum Svigrúm til framkvæmda sem stuðla að upplýsingagjöf og miða að verndun svæðisins.
Svæði Þ3 - Hólskirkja Timburhús, tilsniðið í Noregi og hannað af Rögnvaldi Ólafssyni arkitekti Friðað samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989, árið 1990.	Ákvæði Sjá einnig kafla 7.4.3 Hverfisvernd í þéttbýli og 9.2 Menning.
Svæði Ú3 - Ósvör	Ákvæði Svigrúm fyrir uppbyggingu minjasafnsins og aðstöðu til gestamóttöku.
Svæði R2 - Gilsnáma Gil í Syðridal	Ákvæði Ummerki um horfinn atvinnuveg, en grafið var eftir surtarbrandi til eldsneytis á árunum 1917-1921. Svigrúm til framkvæmda sem stuðla að upplýsingagjöf og miða að verndun svæðisins Sjá einnig kafla 4.1 Náttúruminjar.
Svæði R3 - Verstöðvaminjar í Skálavík	Ákvæði Sjá einnig kafla 7.5.4 Hverfisvernd í dreifbýli.
Svæði Lautirnar	Ákvæði Lautirnar verði óbyggðar en þær eru dæmi um landslagssérkenni sem hafa skapað vettvang fyrir ýmiss konar athafnir manna.
Svæði Fiskhjallar	Ákvæði Leitast skal við að vernda gamla fiskhjalla sem minna á uppbyggingu og sögu Bolungarvíkur.

7.4 Byggð í þéttbýli


7.4.1 Íbúðarsvæði

Segja má að íbúðarsvæðin séu tvö í Bolungarvík í dag, þ.e. norðan og sunnan Hólsár. Stærstur hluti íbúðarbyggðarinnar er norðan við Hólsána. Þar byggðist þorpið upp, fyrst á Mólunum, við lok nítjándu aldar, en teygði sig síðan í átt að bæjarstæðinu í Tröð við lok tuttugustu aldar. Sunnan við ána, á Grundunum, er lítið íbúðarsvæði sem byggðist litlu síðar og teygði sig í vesturátt eftir því sem leið á öldina.


Langmest var byggt á áttunda áratugnum en einnig töluvert á sjöunda og níunda áratugnum. Mjög lítið hefur verið byggt síðustu tvo áratugina. Fá hús eru uppistandandi frá fyrri hluta tuttugustu aldar, enda var að miklu leyti um verbúðarbyggingar að ræða. Verbúðunum var með tímanum breytt í íbúðir sem síðan hafa vikið fyrir nýrri byggð. Bæjarhlutar bera mismunandi einkenni, eftir því hvenær þeir voru byggðir, þ.e. með tilliti til byggingarstíls, þéttleika og heildaryfirbragðs.

Mjög breytilegt er eftir tímabilum hvernig byggingar voru byggðar og í hve miklu magni.

Svipaður fjöldi einbýlishúsa og fjölbýlishúsa var byggður á áttunda áratugnum, en á áratugnum á undan var nánast eingöngu um einbýli að ræða. Síðustu tvo áratugina hafa eingöngu verið byggð einbýlishús.



Mynd 7.10 Fjöldi íbúða eftir byggingarári (Fasteignamat ríkisins 2009).



Mynd 7.11 Tegundir nýbygginga á mismunandi tímabilum (Fasteignamat ríkisins 2009).

Fermetrafjöldi á hvern íbúa í Bolungarvík var 59,2 árið 2006 á meðan landsmeðaltalið var 51,6 fermetrar. Íbúðarhúsnæði er að einhverju leyti vannýtt í sveitarfélaginu en þó verður að hafa það í huga að líklegt er að íbúar hér kjósi að búa í stærra húsnæði en á höfuðborgarsvæðinu, m.a. vegna lægra íbúðaverðs. Einnig hefur íbúðareigendum með lögheimili utan sveitarfélagsins fjölgað á síðustu árum, þ.e. þeim sem hafa tvöfalda búsetu.

Áætluð landþörf fyrir íbúðarbyggð ræðst m.a. af fólksfjölgun, þörf fyrir endurnýjun húsnæðis og vannýttu íbúðarhúsnæði. Mat á húsnæðisþörf byggir einkum á aldursdreifingu, fjölskyldugerð, heimilisstærð, viðhorfum og efnahagsástandi á hverjum tíma.

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að Bolvíkingum fjölgi um 40 á skipulagstímabilinu. Ef miðað er áfram við sama fermetrafjölda á hvern íbúa er þörf fyrir 2370 m² íbúðarhúsnæðis á tímabilinu. Meðalstærð íbúða í Bolungarvík, sem byggðar eru eftir 1950, eru 140 m². Miðað við það er þörf fyrir 17 nýjar íbúðir, en þörfin gæti orðið 25 íbúðir ef spá Hagstofunnar um íbúafjölda gengur eftir.

Stefna

Markmið

- Boðið verði upp á fjölbreyttar gerðir byggingalóða og fjölbreytt umhverfi íbúðarsvæða
- Sérkenni byggðar og náttúru verði varðveitt, þannig að íbúar geti notið þeirra gæða sem eru til staðar

Til þess að nýta sem best þá innviði sem eru til staðar er gert ráð fyrir að þetta byggðina þar sem kostur er og stækka núverandi hverfi. Til að auka fjölbreytni í lóðarvali er einnig gert ráð fyrir nýjum byggingarsvæðum sem þó eru í góðum tengslum við núverandi byggð. Við uppbyggingu nýrra svæða verður fyrst horft til landsins innan við Þjóðólfsveg og Völusteinsstræti. Ekki er þó gert ráð fyrir skerðingu á skógræktarsvæðinu sem þar er. Til lengri tíma er horft til svæðisins innan við Hólsá, þ.e. innan (sunnan) Kirkjuveggar við Þuridarbraut. Við Hól eru miklar minjar um sögu Bolungarvíkur og skal þess gætt að þær raskist ekki.

Lögð er áhersla á að götur eða hverfi með sérstætt yfirbragð, m.t.t. sögu bæjarins og arkitektúrs, haldi sínum sérkennum, þrátt fyrir þéttingu byggðar eða viðhald einstakra húsa. Dæmi um slíkt eru verkamannabústaðirnir við Traðarstíg og Völusteinsstræti. Sérstök ákvæði gilda um elsta hluta byggðarinnar en hann er skilgreindur sem hverfisverndarsvæði, sbr. kafla 7.4.3 Hverfisvernd í þéttbýli.

Þrátt fyrir verulega minnkun íbúðarsvæða frá fyrra skipulagi, rúma íbúðarsvæðin talsvert meiri mannfjölda en aðalskipulagið gerir ráð fyrir eða um 70 íbúdir. Þannig verða tiltæk íbúðarsvæði fari svo að fjölgun hér verði meiri en gert er ráð fyrir í skipulaginu. Gert er ráð fyrir því að íbúðarsvæði byggist upp á hættulausum eða hættulitlum svæðum m.t.t. náttúruvár. Fjallað er um aðgerðir sem draga úr snjóflóðahættu í kafla 3 um náttúruvár.

Lögð er áhersla á að náttúruleg sérkenni verði varðveitt, s.s. umhverfi Hólsár, Lautirnar og Morðingjamýri. Til að sérkennin geti notið sín þarf jafnframt að vernda menningarsöguleg verðmæti. Mynda skal góðar tengingar við náttúruna með stígum og þess gætt að útsýni verði ekki hindrað. Stefnt skal að því að öll íbúðarhverfi verði í góðum tengslum við útivistarsvæði, og að hugað verði að göngu- og hjólaleiðum og aðgengi fyrir alla. Sjá nánar í kafla 7.3 um menningar- og búsetuminjar.

Við uppbyggingu þarf einnig að skoða hagkvæmni, fjárhagslegar forsendur, samfélag, gatnakerfi og samgöngur, útivist, umhverfi, fráveitu og meðhöndlun yfirborðsvatns.

Tafla 7.4 Íbúðarsvæði

Svæði	Ákvæði
Í1 - Íbúðarsvæði norðan Hólsár / 35 ha. Stærsti hluti núverandi byggðar. Allt að 65 nýjar íbúdir, þar af 10-15 í grónum hverfishlutum.	Gert ráð fyrir þéttingu byggðarinnar í samræmi við hættumat vegna ofanflóða, s.s. við Grænuhlíð, Þjóðólfsveg og norðurenda Hafnargötu. Svæðið stækkar einnig um 5 ha til suðurs í Gryfju að Hreggnasa, miðað við núverandi legu. Við uppbyggingu í grónum hverfishlutum skal þess gætt að ný hús falli vel að þeirri götummynd sem fyrir er, s.s. fjarlægð frá götu, þakform og efnisval. Á stækkunarsvæðinu skal sérstaklega hugað að nálægð svæðisins við útivistarsvæði. Hugað skal að aðgengi fyrir alla og öruggum göngu- og hjólaleiðum.

Tafla 7.4 Íbúðarsvæði - Framhald

<p>Svæði Í3 - Íbúðarsvæði sunnan Hólsár / 2 ha. Allt að 6 nýjar íbúðir.</p>	<p>Ákvæði Gert ráð fyrir stækkun hverfisins um 0,8 ha til suðurs miðað við núverandi legu. Hugað skal að nálægð við útivistarsvæði í uppbyggingu svæðisins sem og aðgengi fyrir alla. Utan snjóflóðahættusvæða.</p>
<p>Svæði Í2 - Íbúðarsvæði á Hóli / 0,7 ha.</p>	<p>Ákvæði Svigrúm til stækkunar húsa og breytinga. Svæðið er innan hverfisverndarsvæðis H3 og skulu allar framkvæmdir taka mið af ákvæðum hverfisverndar, sbr. kafla 7.4.3 Hverfisvernd í þéttbýli. Tryggja skal að Hólskirkja verði áfram kennileiti í Bolungarvík, þrátt fyrir hugsanlega uppbyggingu á svæðinu. Utan snjóflóðahættusvæða.</p>

7.4.2 Miðsvæði

Á miðsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu s.s. verslunum, skrifstofum, þjónustustofnunum, veitinga- og gistihúsum, menningarstofnunum og hreinlegum iðnaði. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði.

Aðalstræti er aðalgata bæjarins og þar er mest af daglegri þjónustu, s.s. verslanir, banki og stjórnsýsla, en þar eru einnig íbúðir fyrir aldraða sem í daglegu tali eru kallaðar Hvíta húsið. Félagsheimilið er við götuna, en það hefur verið gert upp og áhersla lögð á frágang utandyra með aðstöðu fyrir útisamkomur. Aðalstræti nær allt að 25 m breidd með gangstéttum og fjarlægð milli húsaraða er um 30-40 m, en að auki er nokkuð mikið um opin svæði við götuna.

Fram yfir miðja tuttugustu öldina var Hafnargata aðalgata bæjarins. Gatan er mjög þröng og húsin eru flest byggð á fyrri hluta tuttugustu aldar. Almenn miðbæjarstarfsemi er takmörkuð í Hafnargötu í dag, þó eru þar veitingastaður, verslun og skrifstofur. Að auki eru þar nokkur fyrirtæki sem tengjast sjávarútvegi og öðrum iðnaði. Þvert á Hafnargötu liggur Vitastígur og í framhaldi af honum liggur leiðin að Lækjarbryggju, þar sem smábátar og ferðaþjónustubátar leggjast að. Við Vitastíg er ein af aðalverslunum bæjarins og handverkshús, auk þess sem innangengt er í verslun og þjónustu sem er við Aðalstræti.

Stefna

Markmið

- Í miðbænum geti þrífist fjölbreytt starfsemi
- Aðgengi verði fyrir alla í miðbænum
- Miðbærinn endurspegli sögu og atvinnulíf bæjarins

Vistlegur miðbær er mikilvægur fyrir bæjarfélagið í heild. Hann getur haft áhrif á hvort íbúar velji að búa í sveitarfélaginu og styrkir þannig samkeppnisstöðu þess. Áhersla skal lögð á að efla Aðalstræti, milli Brimbrjótsgötu að Skólastíg og um Vitastíg að Lækjarbryggju, sem miðbæ Bolungarvíkur. Mikilvægt er að varðveita og styrkja þá þætti sem geta gert götuna lífvænlega, s.s. verslun, þjónustu og útivistarsvæði. Sérstök áhersla er lögð á að þetta byggðina á þessu svæði í samræmi við miðbæ. Vinna skal með rýmismyndun á svæðinu þannig að möguleiki verði til að mynda lítill torg af stærðargráðu sem er í samræmi við áætlaðan fólksfjölda í bænum. Sjá einnig kafla 12.3 Vegir og gatnakerfi.

Fjölbreytileiki er mikilvægur fyrir miðbæ og er því lögð áhersla á að tengslin við hafnarsvæðið glattist ekki. Bolungarvík byggðist upp í tengslum við útgerð og því er mikilvægt gera upprunann sýnilegri. Leið margra liggur að Lækjarbryggju, s.s. sjómanna á leið til vinnu, ferðamanna og íbúa í leit að afþreyingu. Fjölgun íbúða í Hvíta húsinu getur orðið mikilvægur

þáttur í styrkingu miðbæjarins, sbr. kafla 9.3 Félags- og heilbrigðismál. Slíkri starfsemi fylgir gjarnan jöfn og dagleg umferð auk staðbundins mannlífs sem er einn af lykilþáttum í uppbyggingu miðbæja. Með því að blanda saman mannlífi, sem tengist hafnarsvæðinu, íbúðum aldraðra og því sem tengist verslun og þjónustu, er möguleiki á að það byggist upp miðbær með aðdráttarafl fyrir fólk og starfsemi.

Á nokkrum stöðum við Aðalstrætið eru opin svæði og minni gróðursvæði. Þó þessi svæði hafi takmörkuð áhrif á uppbyggingu miðbæjar, er mikilvægt að hlúð sé að þeim og gróðurnotkun aukin. Það gerir götuna vistlegri og getur haft áhrif á staðbundna veðráttu.

Með breytingum á gatnakerfi á hafnarsvæðinu flyst þungaumferð frá miðbænum, sbr. kafla 12.3 Vegir og gatnakerfi. Meginaðkoma að bænum verður þó áfram um Aðalstræti. Lögð er áhersla á að styrkja gönguleiðir frá Aðalstræti að Lækjarbryggju um Vitastíg. Að auki er mikilvægt að efla göngutengsl við aðra bæjarhluta, s.s. um gömlu brúna yfir Hólsá, en hún tengir nýtt hverfi, fyrir ferðapjónustuhús, við miðbæinn. Nánar er fjallað um aðgengi í kafla 9 Félags og velferðarmál.

Tafla 7.5 Miðsvæði

Svæði	Ákvæði
M1 - Miðsvæði Bolungarvíkur / 7,5 ha Aðalstræti og Hafnargata milli Miðstrætis og Búðarkants	Gert ráð fyrir þéttingu byggðar fyrir fjölbreytta starfsemi, með aðaláherslu á Aðalstræti, milli Brimbrjótsgötu að Skólastíg og um Vitastíg að Lækjarbryggju, sem miðbæ. Sérstök áhersla á rýmismyndun í miðbænum með áherslu á gangandi vegfarendur. Huga skal að vistlegu umhverfi og aðgengi fyrir alla.

7.4.3 Hverfisvernd í þéttbýli

Í skipulagsáætlunum getur sveitarstjórn sett sérstök ákvæði um hverfisverndarsvæði án þess að um lögformlega friðun sé að ræða. Þau kveða á um verndun sérkenna vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis.

Bolungarvík er ein elsta verstöð landsins. Undir lok árabátaldrar voru 27 varir á svæðinu norðan Hólsár. Ofan við þær byggðist þéttbýlið þ.e. á Mölunum, fyrst eingöngu sem verbúðir en í lok nítjándu aldar byrjaði að þróast þar eiginlegt þorp með fastri búsetu. Í fyrstu var lítið byggt en verbúðum breytt í íbúðir. Framan af tuttugustu öldinni voru verbúðir því einkennandi fyrir byggðina. Mörg þessara húsa eru horfin og stendur nú aðeins eftir eitt hús sem skráð er byggt á nítjándu öld. Í Bolungarvík eru 29 uppistandandi byggingar sem eru byggðar fyrir 1921 en fjölmörg hús eru fallin, sbr. kafla 7.3 Menningar- og búsetuminjar. Stærstur hluti þeirra er á Bökkunum.

Gömlu húsin minna á sögu Bolungarvíkur, á þann grunn sem Bolvíkingar eru sprotnir úr. Það sem helst vantar í flóru gömlu húsanna eru „sjóbúðir“ sem minna á ræturnar sem byggjast á útgerð og nálægð við fiskimiðin. Mikilvægt er fyrir sérhvert byggðarlag að glata ekki tengslum við söguna og þar með sérkennum sínum og væri það verðugt verkefni að ýta undir byggingu slíkra húsa innan um gömlu húsin.

Hið forna höfuðból, Hóll, var mesta jörðin í Bolungarvík á fyrri öldum, höfuðból og kirkjustaður. Í Hólslandi voru afbýli mörg en fá ummerki eru þau sýnileg í dag þar sem hóllinn hefur nánast allur verið sléttaður. Engu að síður eru þarna miklar minjar um sögu Bolungarvíkur og mikil hætta á að þær raskist enn frekar við framkvæmdir.

Útlit bæja hefur töluverð áhrif á sjálfsmynd íbúa. Vistlegur bær með sterk tengsl við söguna getur haft afgerandi áhrif á val fólks um búsetu og skapað undirstöðu fyrir nýsköpun á ýmsum sviðum. Það hefur sýnt sig að verndun bæja leiðir ekki til stöðnunar. Verndunin hefur augljós jákvæð áhrif á ferðapjónustu en það sem laðar að ferðamenn, laðar einnig að fólk og fjárfesta. Áhersla á endurreisn gamalla bæjarhluta hefur verið afgerandi þáttur í þróun margra byggða í heiminum.



Fremri Ós, Traðarhyrna í baksýn (Baldur Smári Einarsson).

Stefna

Markmið hverfisverndar

- Skapa umhverfi sem styrkir efnahagslegan og samfélagslegan grunn Bolungarvíkur og styrkja jákvæða þróun sveitarfélagsins
- Tryggja að tengsl bæjarins við söguna glattist ekki

Hverfisverndarsvæði H1 nær til þess hluta bæjarins sem hefur að geyma helming af þeim húsum sem byggð eru fyrir 1910, eða átta hús. Með hverfisvernd er mögulegt að skapa aðlaðandi umhverfi sem verður eftirsóknarvert fyrir íbúa og gesti. Slíkt umhverfi getur styrkt bæjarfélagið í heild.

Með því að leggja áherslu á að gera uppruna þéttbýlisins sýnilegri skapar bærinn sér sérstöðu sem ein elsta verstöð landsins. Líklegt er að áhersla í þessa átt hafi afar jákvæð áhrif á ferðaþjónustu og renni styrkari stöðum undir atvinnulífið og bæti ímynd bæjarins.

Þó verndunin nái aðeins til lítils hluta bæjarins er þekkt að slík verndun hefur jákvæð áhrif á íbúaþróun í öðrum bæjarhlutum. Verndunin er því líkleg til að efla byggðina í heild. Mikilvægt er þó að verndarsvæðið myndi heildstæðan kjarna á sínum upprunalega stað. Stök hús hafa takmarkað gildi fyrir þróun byggðar, nema þau hafi verulegt verndargildi.

Ákvæði hverfisverndar taka til breytinga, viðhalds, niðurrifs og nýbyggingar húsa og umhverfis þeirra. Hverfisverndinni er ætlað að vernda íbúa og hagsmunaaðila fyrir hugsanlegum óæskilegum breytingum á svæðinu og ásýnd þess. Þó ákvæðin séu afgerandi hvað varðar útlit húsa þá mun traustur grunnur efla þróunarmöguleika alls sveitarfélagsins. Grundvöllur hverfisverndar er að gerð verði húsakönnun.

Upplýsingar um hverfisverndina skulu vera vel kynntar og aðgengilegar öllum á skipulagstímabilinu. Aðkoma hagsmunaaðila að gerð deiliskipulags skal tryggð.

Hverfisverndarsvæði H3 nær til þess svæðis þar sem líkur eru á að minjar höfuðbólsins Hóls sé að finna, skv. upplýsingum frá minjaverði Vestfjarða. Hverfisverndinni er ætlað að tryggja að hugsanlegar fornminjar spillist ekki við framkvæmdir og að uppbygging á svæðinu spilli ekki möguleikum á að gera sögu svæðisins sýnilega. Áhersla er lögð á að á skipulagstímabilinu verði gerð nákvæm fornleifaskráning á svæðinu.

Tafla 7.6 Hverfisvernd í þéttbýli

<p>Svæði H1 - Bakkar / 2,7 ha</p>	<p>Ákvæði Ákvæðin miða að því að skapa umhverfi sem styrkir efnahagslegan og samfélagslegan grunn Bolungarvíkur. Þau taka til bygginga og umhverfis innan hverfisverndarsvæðisins. Við viðhald og uppbyggingu hverfisins skal taka mið af hefðum og arkitektúr fyrstu áratuga tuttugustu aldar. Þó er heimilt að viðhalda yngri húsum í núverandi mynd, þ.e. endurbyggingar, viðbyggingar og viðhald verði í sama stíl og húsið er, við staðfestingu skipulagsins. Hús með verndargildi skulu ekki fjarlægð. Miða skal viðhald þeirra við upprunalegt horf eða það horf sem viðheldur verndargildi hússins sem best. Heimilt er að byggja ný hús eða færa hús inn á hverfisverndaða svæðið, enda falli þau að hefðum og arkitektúr fyrstu áratuga tuttugustu aldar. Hugað skal sérstaklega að gæðum í efnisvali og handverki. Leitast skal við að hafa hlutina í sem upprunalegustu mynd. Umhverfi húsa skal vera í samræmi við arkitektúr hverfisins.</p>
<p>Svæði H3 - Hóll / 10,5 ha</p>	<p>Ákvæði Tryggja skal að hugsanlegar fornminjar og menningarverðmæti spillist ekki. Tryggja skal að framkvæmdir spilli ekki möguleikum á að gera sögu svæðisins sýnilega. Hverfisverndin hefur ekki áhrif á núverandi landnotkun nema ef talið er að fornminjar geti spillst.</p>

7.5 Dreifbýli

Byggð í dreifbýli hefur mótast af landslagi og landgæðum svæðisins. Nokkrar breytingar hafa orðið á landnotkun í dreifbýli. Breytingarnar hafa m.a. falist í samdrætti í landbúnaði og aukinni ásókn í uppbyggingu sumarhúsa, skógrækt, útivist og ferðapjónustu. Fjöldi bæja hefur einnig farið í eyði á síðari hluta tuttugustu aldar, m.a. öll byggð í Skálavík.

Markmið

- Leitast skal við að varðveita gömul hús í dreifbýli sem hafa á einhvern hátt verndargildi
- Boðið verði upp á svæði fyrir frístundahús sem samrýmist nánasta umhverfi, bæði sögu og náttúru
- Hefðbundin hlunnindanýting verði tryggð á eyðijörðum

7.5.1 Eignarhald og landamerki

Landamerki og aðrar eignaskiptingar í sveitarfélaginu eru í vinnslu en verða ekki skilgreindar í aðalskipulaginu. Náttúrustofa Vestfjarða vinnur að skráningu landamerkja í sveitarfélaginu. Búnaðarsamtök Vesturlands vinna nú í samvinnu við bændur á svæðinu að hnitsetningu landamerkja á Vestfjörðum. Mikilvægt er að niðurstöður þeirrar vinnu verði færðar inn í aðalskipulagið við endurskoðun síðar.

Óbyggðanefnd mun hefja umfjöllun um eignarhald lands á Vestfjörðum árið 2010. Hlutverk nefndarinnar samkvæmt lögum nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta:

- Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda
- Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur
- Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna

Nefndin fer einnig með ákveðin verkefni við að skipta landinu í sveitarfélög, sbr. bráðabirgðaákvæði sveitarstjórnalaga, nr. 45/1998. Þó svo að skipulag takmarkist ekki af eignarhaldi þá er við framkvæmd

skipulags og landnýtingu mikilvægt að eignarhald liggja fyrir. Niðurstöður um mörk þjóðlendna og eignarlands verða færðar inn í aðalskipulagið við endurskoðun.

7.5.2 Lögbýli og eyðijarðir

Skv. Jarðalögum nr. 81/2004 merkir lögbýli sérhver jörð sem hefur þann húsakost og það landrými eða aðstöðu að unnt sé að stunda þar landbúnað eða aðra atvinnustarfsemi og var skráð í jarðaskrá landbúnaðarráðuneytisins 1. desember 2003. Ennfremur geta jarðir sem hljóta síðar viðurkenningu landbúnaðarráðuneytis talist lögbýli. Ný býli sem hljóta viðurkenningu landbúnaðarráðuneytisins geta einnig talist lögbýli.

Eyðijörð er samkvæmt Jarðalögum 81/2004 "jörð sem ekki hefur verið setin í fimm ár eða lengur án tillits til þess hvort hún er lögbýli eða ekki, nema sveitarstjórn og jarðeigandi hafi samþykkt að ábúanda sé ekki skylt að búa á jörð".

Búsetumynstrið hefur verið í stöðugri þróun til okkar daga. Þróunin hefur verið hægfara allt þar til á síðustu öld. Um aldir voru sveitirnar þétt setnar, stór býli voru fá en minni býli, hjáleigur, tómthús og þurrabúðir í miklum meirihluta. Þegar leið á öldina fækkaði býlum og stærð þeirra varð jafnari og þau minnstu fóru í eyði. Býlin héldu áfram að stækka og undir lok aldarinnar voru þau orðin fá en stór.

Síðari ár hefur eftirspurn eftir heilsársbúsetu í dreifbýli aukist. Sækjast menn þá einkum eftir búsetu en sækja atvinnu í þéttbýlið. Í sumum tilvikum er um tvöfalda búsetu að ræða, þ.e. einstaklingurinn eða fjölskyldan rekur eitt heimili í þéttbýli en annað í dreifbýlinu og sækir þaðan jafnvel vinnu að hluta til. Í öðrum tilvikum er um fasta búsetu að ræða, þ.e.a.s. atvinna sótt annað en ekki stundaður hefðbundinn landbúnaður. Segja má að eftirspurn eftir hjáleigum, tómthúsum eða þurrabúðum sé að endurtaka sig.

Tafla 7.7 Lögbýli í Bolungarvík (Hagþjónusta Landbúnaðarins 2008).

	Bolungarvík	Skálavík
Lögbýli í ábúð	Geirastaðir	
	Hanhóll	
	Miðdalur	
	Minni-Hlíð	
	Ós	
	Þjóðólfstunga	
Lögbýli í eyði	Gil	Breiðaból 1-4
	Hóll 1	Meiri-Bakki
	Meiri-Hlíð	Minni-Bakki

Stefna

Markmið


- Landbúnaðarland verði ekki skert nema að takmörkuðu leyti. Eyðijarðir má nytja til landbúnaðar ef á þarf að halda. Hefðbundin hlunnindanýting verði tryggð á afskekktari búsvæðum sem fóru fyrr í eyði
- Landbúnaðarnýting og hefðbundin hlunnindanýting skerði ekki önnur gæði svæðisins
- Umhverfi í dreifbýli sé snýrtilegt og ónýt mannvirki fjarlægð, en þess þó gætt að menningarverðmætum sé ekki fargað
- Bygðamynstrinu verði við haldið

Lagt er til að bæjarfélagið eignist eyðijarðir, þannig að nýtingarrétti verði ráðstafað af bæjarfélaginu. Nýting eyðijarða er í mörgum tilfellum mikilvæg fyrir starfsemi annarra jarða í dreifbýli. Auk hefðbundins landbúnaðar geta margs konar afþreyingarmöguleikar tengst eyðijörðum, t.d. sveitagisting fyrir ferðaþjónustu. Það er því mikilvægt fyrir þróun sveitarfélagsins að mögulegt verði að nýta eyðijarðir. Til að mæta aukinni eftirspurn eftir sumarhúsum er gert ráð fyrir fjölgun sumarhúsa, sbr. kafla 7.5.3 Frístundabyggð og kafla 8.4 Landbúnaður.


Öll landnýting og nýbyggingar skulu samrýmast nánasta umhverfi, bæði sögu og náttúru. Jafnframt skal leitast við að varðveita gömul hús í dreifbýli sem hafa á einhvern hátt verndargildi. Sérstök áhersla er lögð á að sérkennum s.s. byggðamynstri verði ekki raskað. Þetta á einkum við um byggð í Skálavík, sbr. kafla 7.5.4 Hverfisvernd í dreifbýli. Nánar er fjallað um landnotkun og aðra stefnu í dreifbýli í kafla 8.4 Landbúnaður og kafla 7.5.3 Frístundabyggð.

7.5.3 Frístundabyggð

Frístundahús eru hús sem nýtt eru til dvalar tímabundið, þ.e. ekki heilsársbúsetu, óháð eignaraðild eða rekstrarfyrirkomulagi. Þar er jafnan óheimilt að hafa skráð lögheimili. Almennt má segja að með bættum samgöngum aukist líkur á byggingu frístundahúsa og mannvirkja. Mannvirki eru nú byggð fjær þéttbýlisstöðum en áður. Einnig hafa frístundahús stækkað undanfarin ár. Uppbygging frístundabyggðar í dreifbýli hefur víða mikil áhrif, oft óafturkræf, á náttúru. Áhrif á ásýnd lands og skert aðgengi getur rýrt útivistargildi og möguleika á nýtingu, m.a. í þágu ferðaþjónustu. Uppbygging frístundahúsa getur auk þess skert nýtingarmöguleika landbúnaðarsvæða og haft óafturkræf áhrif á menningarminjar.



Mynd 7.12 Dreifing frístundahúsa eftir jörðum (Fasteignamat ríkisins 2009).



Mynd 7.13 Byggingarár frístundahúsa í Bolungarvík. Óvissa er með byggingarár eins hússins, og því er byggingarár þess ekki tilgreint á myndinni (Fasteignamat ríkisins 2009).

Í Bolungarvík eru skráð 21 frístundahús. Ekkert skipulagt hverfi er fyrir frístundabyggð, heldur dreifast þau á margar jarðir. Nærri helmingur húsanna er þó á Meiri- og Minni-Bakka í Skálavík, eða fimm á hvorri jörð.

Fjórðungur allra frístundahúsa í Bolungarvík er byggður fyrir 1970, en þar er um eldri íbúðarhús að ræða. Tiltölulega lítið hefur því verið byggt af frístundahúsum í Bolungarvík. Meðalstærð húsanna er tæpir 50 m². Afar fáar lóðir fyrir frístundahús eru samliggjandi.

Víða er ofanflóðahætta í dreifbýli í sveitarfélaginu og takmarkar hún þróun sumarhúsabyggðar. Ekki liggur fyrir hættumat í dreifbýli, nema undir Erninum og á stöku stað þar sem gert hefur verið staðbundið hættumat. Leyfilegt er að reisa frístundahús þar sem árleg áhætta er minni en 5 af 10.000 skv. reglugerð 505/2000. Veðurstofa Íslands hefur bent á að líklegt sé að í norðanverðri Skálavík sé ofanflóðahætta yfir þessum viðmiðunarmörkum. Stofnunin hefur jafnframt bent á að í austanverðum Syðridal séu þekktir snjóflóðafarvegir og því ofanflóðahætta. Nánar er fjallað um þessi svæði í kafla 3.2 um ofanflóð.

Stefna

Markmið

- Boðið verði upp á fjölbreytt svæði fyrir frístundabyggð
- Öll uppbygging frístundahúsa skal miða að því að skerða ekki sérstöðu svæðisins
- Uppbygging frístundahúsa skal ekki skerða góð landbúnaðarsvæði, t.d. ræktarland, aðgengi að útivistarsvæðum eða loka gömlum göngu- og reiðleiðum

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir allt að þremur frístundahúsum á skilgreindu landbúnaðarsvæði á hverri jörð ef aðstæður leyfa, en hlífa skal góðu ræktarlandi. Þessi hús eða svæði eru ekki sýnd á skipulagsuppdrætti. Þau svæði sem ætluð eru undir fleiri en þrjú frístundahús má sjá í töflu 7.9 og á meðfylgjandi skipulagsuppdrætti.

Lögð er áhersla á að lóðir í frístundabyggðum verði ekki samliggjandi, þannig að gott aðgengi að náttúru svæðisins verði tryggt. Útlit frístundahúsa skal taka mið af umhverfinu, þ.e. náttúrulegu landslagi og menningarlandslagi, þannig að sérstaða svæðisins skerðist ekki. Er þar átt við stærðarhlutföll, form og efnisnotkun sem og staðsetningu. Leitast skal við að samnýta nauðsynlega innviði eftir því sem kostur er, svo sem veitur, bílastæði, heimreiðar, stíga, útivistarsvæði og fleira þess háttar.

Fyrirhuguð er frístundabyggð í Syðridal (F3) og í Skálavík (B1) eins og sjá má í töflu 7.9 og á meðfylgjandi skipulagsuppdrætti. Uppbygging frístundabyggðar skal hagað í samræmi við hættumat á þeim svæðum sem talin er hætta á ofanflóðum. Gera skal ofanflóðahættumat áður en frekari útfræsla verður gerð á svæðum fyrir frístundabyggð. Í samræmi við álit Veðurstofu Íslands er ekki er gert ráð fyrir nýjum frístundahúsum í norðanverðri Skálavík, vegna hættu á ofanflóðum, þar sem talið er líklegt að árleg áhætta þar sé meiri en 5 af 10.000. Nánar er fjallað um ofanflóð í kafla 3.2 um ofanflóð.

Frístundabyggð skal vera í sátt við nærliggjandi landnotkun. Við byggingu frístundahúsa skal þess gætt að þau séu ekki staðsett nær takmarkandi þáttum en sem segir í töflunni hér að neðan. Í hverfisverndarákvæðum Skálavíkur er kveðið á um útlit og stærð frístundahúsa þar. Stefnu um skóg- og trjárækt, sem oft fylgir frístundabyggð, má sjá í kafla 4.2 um skógrækt.

Tafla 7.8 Lágmarksfjarlægðir fyrir frístundahús vegna takmarkandi þátta.

Takmarkandi þáttur	Lágmarksfjarlægð
Landamerki	50 m
Vatnsbakki	50 m
Fornminjar	20 m
Loðdýra-, alifugla- og svínabú eða önnur starfsemi sem veldur óþægindum vegna hávaða eða lyktar	500 m

Tafla 7.8 Lágmarksfjarlægðir fyrir frístundahús vegna takmarkandi þátta - Framhald.

Takmarkandi þáttur	Lágmarksfjarlægð
Veitulagnir	25 m
Stofn- og tengivegir	100 m
Aðrir vegir	50 m

Tafla 7.9 Svæði fyrir frístundabyggð.

<p>Svæði F3 - Hanhóll og Gil / 31,5 ha. Eitt hús í dag. Allt að 20 ný hús. Svæðið hefur ekki verið metið m.t.t. ofanflóðahættu.</p>	<p>Ákvæði Öll uppbygging frístundahúsa skal miða að því að skerða ekki sérstöðu svæðisins og ásýnd þess í heild, þ.e. lítt spillta náttúru, líffræðilega fjölbreytni, landslagsheildir og menningarsögu. Uppbygging frístundahúsa skal hvorki skerða góð landbúnaðarsvæði, t.d. ræktarland, né aðgengi að útivistarsvæðum eða loka gömlum göngu- og reiðleiðum. Forðast skal samliggjandi lóðir. Í landi Hanhóls er fyrirhuguð skógrækt og skal þess gætt að frístundahúsin samrýmist henni. Nánar er fjallað um skógrækt í kafla 4.2. Svæðin eru skipulögð með fyrirvara um ofanflóðahættumat. Staðbundið hættumat skal vinna áður en frekari ákvarðanir verða teknar um uppbyggingu á svæðinu. Innan þessa svæðis liggja Bolungarvíkurlínur 1 og 2. Innan helgunarsvæðis háspennulína er ekki heimilt að reisa mannvirki og ekki er gert ráð fyrir skipulagðri trjárækt innan þessa svæðis. Leitast skal við að hækka ekki yfirborð lands sem er undir háspennulínunum, án þess að grípa til viðeigandi ráðstafana. Tryggja skal aðgengi að línunum og möstrum vegna viðhalds. Nánar er fjallað um helgunarsvæði í kafla 11.2.2 Rafveita.</p>
<p>Svæði B1 - Skálavík /340 ha. 15 hús í dag. Hluti svæðisins er innan hverfisverndarsvæðis. Blönduð landnotkun: Frístundabyggð og opið svæði til sérstakra nota. Allt að 20 ný hús - þar af 5 innan hverfisverndarsvæðis en 15 utan þess. Svæðið hefur ekki verið metið m.t.t. ofanflóðahættu en vitað er að snjóflóð falla úr hlíðum innan þessa svæðis.</p>	<p>Ákvæði Öll uppbygging frístundahúsa skal miða að því að skerða ekki sérstöðu svæðisins og ásýnd þess í heild, þ.e. lítt spillta náttúru, líffræðilega fjölbreytni, landslagsheildir og menningarsögu. Uppbygging frístundahúsa skal hvorki skerða góð landbúnaðarsvæði, t.d. ræktarland, né aðgengi að útivistarsvæðum eða loka gömlum göngu- og reiðleiðum. Forðast skal samliggjandi lóðir. Svæðin eru skipulögð með fyrirvara um ofanflóðahættumat. Staðbundið hættumat skal vinna áður en frekari ákvarðanir verða teknar um uppbyggingu á svæðinu. Landamerki liggja ekki fyrir en ber að skoða í deiliskipulagi. Á hverfisvernduðu svæði H2 gilda ákvæði hverfisverndar, sbr. töflu 7.11. Sé jörð að hluta</p>

Tafla 7.9 Svæði fyrir frístundabyggð - Framhald.

til á hverfisverndarsvæði, gilda ákvæði hverfisverndar þar, sbr. kafla 7.5.4 Hverfisvernd í dreifbýli. Að öðrum kosti gilda ákvæðin að ofan.
--

7.5.4 Hverfisvernd í dreifbýli

Í skipulagsáætlunum getur sveitarstjórn sett sérstök ákvæði um hverfisverndarsvæði án þess að um lögformlega friðun sé að ræða. Þau kveða á um verndun sérkenna vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis.

Skálavík

Víkin er fyrir opnu hafi, vestan þéttbýlis Bolungarvíkur. Þar er brimasamt og óhægt um lendingu. Í Skálavík eru 6 jarðir sem allar eru farnar í eyði. Breiðaból, Meiri-Bakki og Minni-Bakki eru lögbýli. Íbúar svæðisins lifðu einkum á landbúnaði en sjósókn var aukabúgrein (Ragnar Edvardsson 2000). Þéttleiki fornminja í Skálavík er heldur meiri en almennt í Bolungarvík. Þar eru t.d. verstöðvarminjar í landi Minni-Bakka.

Skálavík er vinsælt útivistarsvæði Bolvíkinga en fjaran og Skálavíkuráin hafa mikið aðdráttarafl. Gömlu bæjarhúsin eru nýtt sem sumarhús, auk þess sem nokkur stök sumarhús eru dreifð um svæðið, en þar er ekkert sumarhúsahverfi. Í dag eru túnin að einhverju leyti nýtt af bændum í Bolungarvík auk þess sem Skálavíkin öll er nýtt til sauðfjárbæitar. Landið ber því sterk einkenni sveitarinnar sem þar var, fram yfir miðja tuttugustu öldina og er það hluti af aðdráttarafl og sérkennum Skálavíkur.

Tafla 7.10 Jarðir í Skálavík (Hagþjónusta landbúnaðarins 2008).

Jörð

Minni-Bakki (lögbýli)

Meiri-Bakki (lögbýli)

Breiðaból (lögbýli)

Kroppstaðir

Meira-Hraun

Minna-Hraun

Stefna

Markmið hverfisverndar

- Vernda náttúru og yfirbragð svæðisins – fjöruna, ána og fuglalíf
- Vernda sögulegar minjar
- Tryggja að almenningur og land- og húseigendur í Skálavík geti notið svæðisins með bættu aðgengi
- Tryggja langtíma verndun þeirra auðlinda sem geta aukið velferð íbúa og gesta á svæðinu

Til að ná þessum markmiðum er gert ráð fyrir að ytri hluti Skálavíkur njóti hverfisverndar, merkt H2, þ.e. sá hluti víkurinnar sem ber sterkust einkenni af sveitinni sem þar var. Þar er gert ráð fyrir tjaldsvæði, gönguleiðum og bættu aðgengi að svæðinu og upplýsingum fyrir gesti, sbr. kafla 8.6 Ferðaþjónusta. Gert er ráð fyrir að fjölga megi frístundahúsum en þess gætt að þau falli vel að yfirbragði byggðarinnar sem fyrir er. Lögð er áhersla á styrkja ímynd sveitarinnar í Skálavík.

Til að tryggja að verminjar í landi Minnibakka spillist ekki er gert ráð fyrir að svæðið njóti

hverfisverndar, merkt H4. Ekki er gert ráð fyrir framkvæmdum á svæðinu, nema þeim sem lúta að verndun minjanna eða að því að gera sögu þeirra sýnilega.

Ekki er gert ráð fyrir landbúnaði á svæðinu á skipulagstímabilinu. Hafa ber þó í huga að nokkuð er um gott landbúnaðarland í Skálavík og skal því leitast við að skerða það sem minnst, þannig að möguleiki til landbúnaðarnotkunar verði til staðar fyrir komandi kynslóðir.

Við gerð deiliskipulags á hverfisvernduðum og friðlýstum svæðum, ber þeim er stendur að gerð deiliskipulags að gera greiningu á áhrifum deiliskipulags, í samræmi við staðlaða matstöflu í viðauka aðalskipulagsins. Þannig er reynt að tryggja að tillit sé tekið til áhrifa á umhverfi og samfélag og að deiliskipulag sé í samræmi við markmið aðalskipulagsins. Greiningin tryggir jafnframt faglega málsmeðferð við ákvarðanatöku sveitarstjórnar og framkvæmdaaðila. Nánar er fjallað um þetta í kafla 1.6 Umhverfismat og í viðauka greinargerðarinnar.

Tafla 7.11 Hverfisvernd í dreifbýli. Einnig er fjallað um ákvæði svæðanna í köflum 4.2 Skógrækt og 7.5.3 Frístundabyggð.

<p>Svæði H2 - Ytri hluti Skálavíkur /134,5 ha</p>	<p>Ákvæði Allar nýbyggingar skulu vera í samræmi við deiliskipulag og tilheyrandi greiningu á áhrifum þess, skv. staðlaðri matstöflu í viðauka aðalskipulagsins. Stöðuleyfi eru ekki heimil fyrir færanleg íveruhús, s.s. rútur, húsbíla eða hjólhýsi. Stærð og útlit húsa, þéttleika og stærð svæðis skal ákvarða í deiliskipulagi í samræmi við greiningu á áhrifum deiliskipulags. Lóðir frístundahúsa skulu þó ekki vera samliggjandi. Nýbyggingar og aðrar framkvæmdir skulu falla vel að yfirbragði byggðar og landslags og samræmast markmiðum verndarinnar, sbr. töflu 7.9. Útlit frístundahúsa og breytingar á þegar byggðum húsum skulu taka mið af þeim byggingarstíl sem tíðkaðist meðan byggð hélst á svæðinu. Einkum er átt við stærð, efnisval, lit, hlutföll, glugga og þakgerð. Engar framkvæmdir eða ný mannvirki, s.s. frístundahús, skulu vera á belti sem nær 100 m frá sjávarmáli og Skálavíkurá. Undanteknar eru þó framkvæmdir til að verja mannvirki í augljósri hættu og til að tryggja aðgengi að á og fjöru, enda verði slíkar framkvæmdir í samræmi við markmið verndarinnar og með viðeigandi leyfum. Við hugsanlega endurbyggingu á þjóðvegi skal þess gætt að hann fylgi landslagi og raski ekki þeirri landslagsheild sem svæðið er. Sjá einnig ákvæði í töflu 7.9 Svæði fyrir frístundabyggð, töflu 8.4 Landnotkun m.t.t. ferðaþjónustu og töflu 10.1 Opin svæði og útivist.</p>
<p>Svæði H4 - Verminjar í landi Minnibakka / 3,3 ha</p>	<p>Ákvæði Allar framkvæmdir innan svæðisins skulu miða að verndun þeirra verminja sem eru á svæðinu. Heimilar eru einnig framkvæmdir sem miða að því að gera sögu minjanna sýnilega. Óheimilt er að spilla fornminjum á svæðinu.</p>

8 Atvinna

Í þessum hluta er fjallað um atvinnumál og þróunarmöguleika í þéttbýli og dreifbýli Bolungarvíkur. Fjallað er um stefnu í sjávarútvegi, landbúnaði, verslun og þjónustu, iðnaði og efnistöku og vinnslu. Jafnframt er fjallað um flutninga og atvinnuhúsnæði.


8.1 Atvinnuþróun

Talsverðar breytingar hafa verið í atvinnulífi í Bolungarvík síðustu tvo áratugi. Samdráttur hefur orðið í frumatvinnugreinum á svæðinu. Sjávarútvegur hefur dregist saman með minnkandi aflaheimildum og nýliðun í landbúnaði hefur verið lítil. Jafnframt hafa ákveðnir innviðir samfélagsins verið lakari en í ördum landshlutum. Má í því samhengi benda á ótryggar samgöngur, háan flutningskostnað, óstöðugt rafmagn og erfiðar gagnaflutningsleiðir, sbr. kafla 11 Veitur og sorp og kafla 12 Samgöngur.

Bætt grunngerð er alger forsenda fyrir jákvæðri atvinnuþróun á svæðinu. Samgöngur og fjarskipti á svæðinu hafa ekki staðist samanburð við mörg önnur landsvæði. Þetta hefur haft neikvæð áhrif á atvinnulífið vegna hás flutningskostnaðar fyrir framleiðslu- og þjónustugreinar og verra afhendingaröryggis afurða í framleiðslugreinum. Auk þess hefur ferðaþjónustan mátt líða fyrir ímynd lélegs vegakerfis. Með nýjum jarðgöngum til Ísafjarðar, sem opnuð verða á þessu ári (2010) verða nokkrar breytingar þar á og munu þá opnast ný tækifæri. Bolvíkingar leita nú nýrra atvinnutækifæra eins og skýrt kom fram á íbúáþingi í febrúar 2007.

Ferðaþjónusta og atvinnugreinar tengdar henni eru þær greinar sem hafa verið í mestum vexti, sérstaklega á allra síðustu árum. Töluverður áhugi hefur verið á uppbyggingu ferðaþjónustu sem tengist sjóstangveiði enda stutt á fiskimið sem hentar afar vel fyrir slíka starfsemi. Jafnframt hefur verið nokkur uppbygging í þjónustu fyrir ferðamenn sem leggja leið sína á Hornstrandir og Jökulfirði.

Breytingar í sjávarútvegi síðustu árin hafa haft þau áhrif á fatlaða og öryrkja að erfitt er fyrir þennan hóp að fá vinnu. Þetta hefur leitt til frekari einangrunar þessa hóps.



Mynd 8.1 Fjöldi starfandi á Vestfirðum, skipt eftir atvinnugreinum. (Hagstofa Íslands 2008)

Eitt af viðfangsefnum aðalskipulags er að marka stefnu sem tryggir rekstrarumhverfi fyrirtækja og styrkir þannig möguleika á þróun og vexti atvinnulífs. Uppbygging innviða, skýr stefna yfirvalda og öflug samfélagsvitund eru grundvallarforsendur fyrir þessu.

Atvinnulífið, s.s. iðnaður, ferðaþjónusta, sjávarútvegur og landbúnaður, hafa með einum eða öðrum hætti áhrif á landslag og náttúru. Mjög mismunandi er þó hve mikil áhrif atvinnugreinar hafa eða geta haft á umhverfið. Stórfelldar breytingar og inngríp geta samrýmst umhverfinu nokkuð vel en eins geta lítil mannvirki haft veruleg áhrif, t.d. ef þau eru klaufalega staðsett og án tillits til aðstæðna.

Stefna

Markmið

- Tryggja fjölbreytt atvinnulíf
- Efla innviði til að bæta samkeppnisstöðu atvinnulífsins
- Meginstoðir atvinnulífsins byggja áfram á nálægðinni við fiskimiðin
- Atvinnulífið byggja ímynd sína á hreinleika og sérkennum náttúrunnar

Aðalskipulaginu er ætlað að móta þann grunn sem þarf til eflingar atvinnulífsins. Mikilvægt er að efla innviði til að öflugt og fjölbreytt atvinnulíf geti þrífist á svæðinu. Með innviðum er einkum átt við vegakerfi, flugsamgöngur, sjóflutninga, almenningsamgöngur, afhendingu rafmagns, fjarskipti, veitur, auk fyrirkomulags sormála. Nánar er fjallað um þetta í kafla 11 Veitur og sorp og kafla 12 Samgöngur. Góðar samgöngur til nágrennasveitarfélaga stækka atvinnusvæði íbúa í Bolungarvík og eru því einn af hornsteinum öflugs atvinnulífs.

Ímynd hreinleika og sérkenna Bolungarvíkur er til staðar og getur hún stutt við þróun í framleiðslugreinum, eins og landbúnaði, sjávarútvegi og ferðaþjónustu. Ímynd samfélagsins getur einnig haft áhrif á val fólks um búsetu. Gæta þarf þess að stóriðnaður skyggi ekki á það sem þegar er til staðar og hafi ekki neikvæð áhrif á fyrrnefndar atvinnugreinar.

Hagsmunaárekstrar geta orðið á milli ólíkrar landnotkunar og atvinnuvega. Í Vaxtarsamningi Vestfjarða er lögð áhersla á myndun svokallaðra fyrirtækjaklasa. Mikilvægt er að mynda samstarfsvettvang eða klasa í sem flestum atvinnugreinum. Viðhorf skipta miklu varðandi samstarf og árangur og því er mikilvægt að auka traust á milli aðila. Með samstarfi má bæta stöðu fyrirtækja og skapa ný sóknarfæri. Kynningarmál, ímynd og samræming í markaðssetningu á Vestfjörðum eru þættir sem hægt er að hafa samvinnu um.

Mikilvægt er að virkja frumkvöðlakraftinn í samfélaginu með markvissum stuðningi. Ívilnanir sem höfða til fólks og fyrirtækja, geta verið grundvallarforsenda þess að nýsköpunarfyrirtæki komist á legg.

Skapa þarf atvinnuvegum nægt rými til þróunar og vanda val á plássfrekum atvinnurekstri, þannig að tryggt verði að framtíðarnýting svæðisins verði sem best. Stuðla skal að vönduðum frágangi allra atvinnulóða, gæta þess að ásýnd atvinnusvæða verði í sátt við umhverfið og tillit verði tekið til stærðarhlutfalla bygginga og götumynda þar sem það á við. Horfa ber til langs tíma við ákvarðanatöku í skipulagi og jafnframt huga sérstaklega að afturkræfni framkvæmda og aðgerða.

Vinna og vinnuframlag er öllum mikilvægt, einnig fötluðum, geðfötluðum og öryrkjum og er það slæmt fyrir heilsu fólks sem hefur takmarkaða starfsgetu að hafa ekki tækifæri á vinnu sem hæfir getu hvers og eins. Allir hafa þörf á að upplifa sig sem nýtan þjóðfélagsþegn. Lögð er áhersla á að fatlaðir og öryrkjar fái aðstoð við að finna vinnu sem hentar starfsgetu hvers og eins. Atvinna með stuðningi er einn af möguleikum í þessu sambandi.


8.2 Sjávarútvegur

Meginatvinnuvegurinn í Bolungarvík hefur, frá því að byggð tók að myndast, verið sjávarútvegur. Margfeldisáhrif af greininni hafa verið talsverð, einkum í verslun og þjónustu. Samdráttur hefur einkennt þróun síðustu ára í sjávarútvegi í sveitarfélaginu sem hefur leitt til fækkunar starfa í greininni og umsvif tengd þjónustugreinum hafa dregist saman. Samdrátturinn hefur leitt til þess að í sveitarfélaginu er

talsvert af vannýttu iðnaðarhúsnæði sem áður hýsti starfsemi tengda sjávarútvegi. Þá eru hafnarmannvirki sveitarfélagsins mun minna notuð en gert var ráð fyrir við byggingu þeirra.

Skortur á uppbyggingu innviða til jafns við önnur landsvæði hefur aukið enn frekar erfiðleika og samdrátt í sjávarútvegi á svæðinu. Ötryggjar samgöngur við nágrannasveitarfélögin og aðra landshluta hafa torvelað uppbyggingu atvinnu í sveitarfélaginu. Jarðgöng til Ísafjarðar munu þó hafa verulegar breytingar í för með sér fyrir alla atvinnuþróun eins og áður var nefnt.

Ímynd svæðisins getur haft veruleg áhrif á afkomu sjávarútvegsins. Aukin umhverfisvitund neytenda kallar á það að sjálfbær þróun sé höfð að leiðarljósi við veiðar og vinnslu afurða. Neytandinn kallar eftir auknum gæðum og lætur sig varða hvar og við hvaða aðstæður varan er framleidd.



Mynd 8.2 Fjöldi starfandi við sjávarútveg á Vestfirðum 1998-2005. (Hagstofa Íslands 2008)

Stefna

Markmið

- Öflugur sjávarútvegur þrífist í sveitarfélaginu
- Tryggja rými fyrir frekari þróun í sjávarútvegi, vinnslu og rannsóknum þeim tengdum
- Efla rannsóknir og styrkja tengsl við menntastofnanir

Sérstök áhersla er lögð á að í Bolungarvík þrífist öflugur sjávarútvegur. Mikilvægt er að nýta þau sóknarfæri sem gefast og þróa þau til eflingar atvinnulífsins.

Mikil nálægð er við gjöful fiskimið í Bolungarvík. Möguleikar eru miklir á að gera verðmæti úr gæðum og ferskleika hráefnisins þegar það er selt áfram til frekari vinnslu. Nálægðin við auðlindina gerir það að verkum að sjávarútvegur á auðvelt með að dafna við rétt starfsskilyrði.

Rík áhersla er lögð á það að starfsumhverfi sjávarútvegs verði bætt og eru innviðir þar í lykilhlutverki. Traustar og öruggar flutningaleiðir og lækkaður flutningskostnaður er ein af grunnforsendum þess að sjávarútvegur geti þrífist á svæðinu. Auknir sjóflutningar geta styrkt fleiri atvinnugreinar og jafnvel lækkað almennan flutningskostnað. Beint millilandaflug eykur samkeppnishæfni og þróunarmöguleika í greininni, auk þess að styrkja aðrar greinar atvinnulífsins, sbr. kafla 12 Samgöngur. Afhendingaröryggi rafmagns hefur einnig veruleg áhrif á möguleika til uppbyggingar í greininni, sbr. kafla 11.2.2

Rafveita. Erfiðar samgöngur og ótryggt rafmagn skekkir samkeppnisstöðu svæðisins og gerir það minna aðlaðandi fyrir greinina, þrátt fyrir nálægðina við miðin.

Gert er ráð fyrir að svæðin næst höfninni verði fyrst og fremst ætluð hafnsæknum iðnaði eins og sjávarútvegi. Mikilvægt er að haga landnotkun þannig að atvinnugreinar styrki hverja aðra. Sem dæmi má nefna að ýmis hátækniíðnaður og ferðaþjónusta geta styrkt sjávarútveg en mengandi iðnaður getur veikt hann.

Ímynd svæðisins getur haft veruleg áhrif á afkomu sjávarútvegsins. Lögð er áhersla á það að gengið verði um fiskimiðin á sjálfbæran hátt, þannig að jákvæðri ímynd svæðisins verði viðhaldið.

8.3 Hafnarsvæði

Á hafnarsvæðum tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu, sjóflutningum og skipasmíði eða viðgerðum. Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdum starfsemi fyrirtækja í undantekningartilvikum, s.s. fyrir húsverði. Hafnarsvæði eru svæði sem heyra undir hafnarstjórn en Siglingastofnun Íslands hefur eftirlit með framkvæmdum. Fjallað er um hafnarsvæði í hafnalögum nr. 61/2003 og hafnarreglugerð nr. 489/1985 fyrir Bolungarvík. Samkvæmt lögunum má engin mannvirkjagerð fara fram á hafnarsvæði nema með samþykki hafnarstjórnar.

Höfnin og athafnasvæði hennar hafa tekið umtalsverðum breytingum í árána rás. Starfsemi hefur einnig breyst mikið, en umsvif sjávarútvegs hafa dregist verulega saman síðustu ár. Útflutningur sem var einn af hornsteinum hafnarinnar hefur að mestu lagst af en hann er mikilvægur fyrir rekstrarumhverfi framleiðslufyrirtækja. Umtalsverðar breytingar hafa einnig átt sér stað í aflbrögðum sem hefur áhrif á rekstur hafnarinnar. Farþegaflutningar til Jökulfjarða og Hornstranda hafa aukist mikið undanfarin ár og líkur eru á að frístundaveiðar muni aukast í framtíðinni sbr. kafla 8.6 Ferðaþjónusta.

Ásýnd hafnarsvæða getur haft talsverð áhrif á afkomu þeirra atvinnugreina sem þar eru stundaðar, m.a. sjávarútveg og ferðaþjónusta. Aukin umhverfisvitund neytenda og ferðamanna kallar á aukin gæði.

Um umgengni við og á hafnarsvæðum gilda lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004. Öll losun úrgangs og mengandi og skaðlegra efna á hafnarsvæðum er bönnuð. Fjallað er um sjóvarnir í kafla 3 Náttúruvá.

Stefna

Markmið

- Aðstaða á hafnarsvæðum miðist við þarfir sjávarútvegsins en einnig annarra atvinnugreina eins og vöruflutninga og ferðaþjónustu
- Aðstaða fyrir smábátaútgerð verði til fyrirmyndar
- Aðstaða fyrir skemmti- og frístundabáta verði tryggð
- Ásýnd og umgengni á hafnarsvæðum verði til fyrirmyndar

Með samdrætti í sjávarútvegi og aukningu í ferðaþjónustu hefur hlutverk hafnarinnar breyst. Mæta þarf breyttum þörfum og huga að nýjum möguleikum en jafnframt gera ráð fyrir að hefðbundnar greinar geti dafnað á svæðinu. Við uppbyggingu og hönnun hafnarsvæða þarf að gera ráð fyrir fjölbreyttri notkun og þróun ólíkra atvinnutækifæra, án hagsmunaárekstra. Mikilvægt er að haga landnotkun þannig að atvinnugreinar styrki hverja aðra og ekki verði þrengt að hafnarsvæðunum svo að það hefti uppbyggingu og þróun þeirra.

Á hafnarsvæðunum er fyrst og fremst gert ráð fyrir hafnsækinni starfsemi. Gert er ráð fyrir tveimur hafnarsvæðum í Bolungarvík. Annað svæðið er í góðum tengslum við miðsvæði en hitt er betur tengt iðnaðar- og athafnasvæðum. Með því móti geta hafnarsvæðin dafnað í góðum tengslum við aðra starfsemi. Svæðin hafa verið tengd saman með nýjum vegi um ósa Hólsár sbr. kafla 12.3 Vegir og gatnakerfi.

Ímynd hafnarsvæðisins er samofin ímynd bæjarins og sjálfsmynd íbúanna. Öflug hafnarsvæði, með góða umgengni, geta því haft afgerandi jákvæð áhrif á bæjarfélagið í heild.

Tafla 8.1 Hafnarsvæði

Svæði K2 - Sjávarbraut og Grundargarður / 1 ha	Ákvæði Svigrúm fyrir hafnsækna starfsemi sem sækir styrk sinn í nálægð við iðnaðar- og athafnasvæði. Huga ber að nálægð við ferðaþjónustusvæði og aðkomu að bænum.
Svæði K1 - Árbæjarkantur, Búðarkantur og Brimbjóstgata / 4,6 ha	Ákvæði Svigrúm fyrir hafnsækna starfsemi. Í norðurenda svæðisins er fyrst og fremst gert ráð fyrir starfsemi sem tengist sjávarútvegi og / eða sjóflutningum. Fyrir miðju svæðinu, í grennd við Lækjarbryggju, er gert ráð fyrir að það byggist upp ferðaþjónusta og önnur starfsemi, sem sækir styrk sinn í nálægð við miðbæinn. Huga ber að nálægð við miðsvæði.

8.4 Landbúnaður

Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á jörðinni. Beitolönd eru skilgreind sem óbyggð svæði en ekki sem sérstök landbúnaðarsvæði.

Undanfarin 50 ár hefur landbúnaður á Íslandi breyst mikið og um leið hafa ólíkar greinar þróast innan landbúnaðar. Má þar nefna alifugla- og loðdýrarækt, hrossarækt, ferðaþjónustu, fiskeldi, garðyrkju og skógrækt. Samdráttur hefur verið í landbúnaði í Bolungarvík, eins og víðast á landinu, og samfara því hafa jarðir farið í eyði, m.a. öll Skálavík.

Sauðfé á Íslandi hefur fækkað en á móti hefur hrossum fjölgað. Algengt er að bændur haldi eftir hrossum þegar þeir hætta með annað búfé en einnig virðist auðveldara að hefja hrossarækt en annan búskap. Þá eykst hestaeign þéttbýlisfólks og samhliða því ásókn í eyðijarðir fyrir þessi hross. Þrátt fyrir samdrátt í landbúnaði hefur því þörfin fyrir landbúnaðarsvæði ekki minnkað sem neinu nemur. Búum hefur fækkað á landsvísi en þau sem eftir eru hafa stækkað. Fjölskyldubúum með fjölþætta framleiðslu hefur fækkað og sérhæfð framleiðslubú hafa komið í staðinn.


Hugsanlegt er að þörf fyrir hefðbundinn landbúnað á Íslandi aukist í framtíðinni. Til að auka matvælaöryggi þjóðarinnar er mikilvægt að varðveita það land sem best hentar til matvælaframleiðslu. Með hlýnandi veðurfari er líklegt að ræktunarmöguleikar á bújörðum aukist, og er þá sérstaklega litið til kornræktar.

Framleiðsla í landbúnaði hefur til þessa beinst að sölu á kjöti og mjólkurafurðum. Útlit er fyrir að þarfir neytenda séu að breytast. Eftirspurn er ekki lengur bundin við vörur sem fullnægja frumþörfum neytandans, s.s. kjöt og mjólk. Neytendur vilja einnig kaupa landbúnaðarvörur sem tengjast lífstíl og upplifun. Neytandinn kallar eftir auknum gæðum og lætur sig varða hvar og við hvaða aðstæður varan er framleidd. Sem dæmi um þetta er vistvænn, lífrænn og menningartengdur landbúnaður. Landbúnaðurinn hefur því fjölþætt hlutverk.

Samþjöppun á mjólkurframleiðslu og samdráttur í sauðfjárbúskap hafa einkennt landbúnaðinn síðustu ár. Aðrar greinar hafa vaxið, t.d. ferðaþjónusta og skógrækt. Sauðfjárrækt, nautgriparrækt og hrossarækt eru þær greinar sem geta styrkt hvor aðra, en uppkaup jarða í öðrum tilgangi geta veikt þessar greinar.

Landbúnaður á Íslandi er að verða mun sjálfbærari en áður, samfara breyttum viðhorfum í þjóðfélaginu. Dæmi um þetta er verkefnið Betra bú sem er samstarfsverkefni nokkurra stofnana og samtaka. Segja má að Betra bú sé tæki til að ná eða viðhalda sjálfbærri landnýtingu. Hugmyndin byggir á því að landnotandinn sjálfur geri landnýtingaráætlun, þ.e. áætlun um beitarnýtingu, jarðrækt, uppgræðslu, túnrækt og skógrækt. Ekkert býli í sveitarfélaginu stundar núna lífrænan landbúnað.

Með breyttum áherslum í landbúnaði og nýjum landbúnaðarafurðum hefur hugtakið búsetulandslag borið á góma. Landslag felur ekki aðeins í sér náttúrufar, heldur einnig menningarþætti. Búsetulandslag



Mynd 8.3 Fjöldi starfandi við landbúnað á Vestfjörðum 1998-2005. (Hagstofa Íslands 2008)

er auðlind til upplifunar sem fræðir um ferla náttúrunnar, menningarsögu og samspil manns og náttúru. Bændur eiga mikinn þátt í þeim mikla vexti sem orðið hefur í ferðaþjónustu hér á landi. Það er m.a. að þakka framboði þeirra á upplifun er tengist búskaparháttum, menningu og sögu, þ.e. menningartengdri ferðaþjónustu þar sem sagan og menningin er söluvara.

Ef fyrirhugað er að breyta landnotkun á landbúnaðarsvæði skal samkvæmt 7. gr. jarðalaga, nr. 81 / 2004, fá leyfi landbúnaðarráðherra til að leysa landið úr landbúnaðarnotum áður en skipulagsáætlun hlýtur endanlega afgreiðslu.

Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli, sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha, eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar sem úrskurðar hvort þörf sé á umhverfismati. Þetta á einnig við um framkvæmdir til að leggja óræktað land eða lítt snortið svæði undir þaulnýttinn landbúnað.

Stefna

Markmið

- Gott landbúnaðarland, sem er í góðum tengslum við innviði sveitarfélagsins, verði nýtt til landbúnaðar
- Stuðla að því að þeir sem hafa áhuga á því að stunda búskap, fái tækifæri til þess
- Stefnt verði að sjálfbærum búskap sem miðar að arðbærri framleiðslu sem tekur bæði tillit til umhverfis og dýravelferðar
- Bændur verði hvattir til að vinna að landnýtingaráætlunum fyrir jarðir sínar
- Efla tengsl landbúnaðar og ferðaþjónustu
- Tryggja hefðbundna hlunnindanýtingu

Gert er ráð fyrir að landbúnaður verði stundaður í Tungudal og Syðridal. Jafnframt er gert ráð fyrir að tún og beitilönd verði áfram nýttuð í Skálavík, þó svæðið verði skilgreint fyrir útivist og frístundahús. Á Hóli er landbúnaðarland innan hverfisverndarsvæðis H3. Hverfisverndin hefur engin áhrif á hefðbundin landbúnaðarnot, svo fremi sem þau hafi ekki áhrif á fornminjar eða menningarverðmæti á svæðinu.

Landbúnaðarsvæði eru afmörkuð m.t.t. landslags og innviða. Gert er ráð fyrir því að þau svæði sem í dag eru nýtt til landbúnaðar verði skilgreind sem landbúnaðarsvæði, auk þeirra svæða sem henta vel til landbúnaðar og eru í góðum tengslum við innviði eins og

vegasamband og rafveitu. Lögð er áhersla á að það land sem best hentartil matvælaframleiðslu, s.s. á kjöti, mjólk, grænmeti eða korni, verði fyrst og fremst nýtt til slíkrar framleiðslu. Með því að spilla ekki slíku landi er einnig viðhaldið möguleikum fyrir nýliða að hefja búskap.

Ekki er gert ráð fyrir landbúnaðarsvæðum þar sem landbúnaður hefur lagst af og aðgengi er lélegt, enda er hagkvæmast að nýta fyrst þau svæði sem eru næst byggð. Efnahagsþrengingar í heiminum geta haft þau áhrif að hagkvæmt verði að nýta meira land til landbúnaðar en skilgreint er í þessu skipulagi og er þá mögulegt að breyta aðalskipulaginu til samræmis við það.

Mikilvægt er að möguleikum til þróunar og nýsköpunar á landbúnaðarsvæðum verði haldið opnum svo nýta megi núverandi aðstöðu til fulls, en einnig má gera ráð fyrir breytingum samfara breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu. Þróunarmöguleikar svæðisins felast m.a. í nægilegu landrými, hreinleika og lítt snortinni náttúru. Mikilvægt er að tryggja möguleika bænda til að byggja upp lífræna framleiðslu.

Lögð er áhersla á það að hefðbundinn landbúnaður sem atvinnugrein geti eflst og uppbygging stöðgreina hans verði auðvelduð. Möguleikar til breytinga felast m.a. í framleiðslu og sölu afurða, á ýmsum framleiðslustigum, beint til neytenda. Mikilvægt er að tryggja möguleika til úrvinnslu landbúnaðarafurða heima í héraði. Því er gert ráð fyrir því að vinnsla á afurðum geti farið fram á býlum og að mannvirki því tengd verði innan landbúnaðarsvæða. Þetta á einnig við um heimasláturhús og sölu- eða veitingahús þar sem vara af býlinu er seld.

Gert er ráð fyrir því að heimild landeigenda til hefðbundinnar hlunnindanýtingar verði óbreytt, s.s. æðarvarp, fiskveiði og eggjataka. Áhersla er lögð á möguleika landeigenda til að vernda mikilvæg búsvæði fugla, m.a. æðarvarp, gagnvart mannvirkjagerð og annarri umgengni sem getur raskað þeim.

Á landbúnaðarsvæðum verður heimilt að reisa allt að þrjú sumarhús á hverri jörð án þess að breyta aðalskipulagi þessu, sbr. kafla 7.5.3 Frístundabyggð.

Um vatnsaflsvirkjanir á landareignum er fjallað í kafla 8.7 Iðnaðar- og athafnasvæði.


Við uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum skal þess gætt að framkvæmdir, aðrar en skógrækt, verði ekki staðsettar nær takmarkandi þáttum en tilgreint er í töflu 8.2 um fjarlægðir vegna skógræktar er fjallað í kafla 4.2 Skógrækt.

Tafla 8.2. Takmarkandi þættir við uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum.

Takmarkandi þáttur	Lágmarksfjarlægð	Undantekningar
Landamerki	50 m	Sameiginleg uppbygging aðliggjandi jarða Jarðhitaleitarholur
Vatnsbakki	50 m	Smávatnsvirkjanir Jarðhitaleitarholur
Fornminjar	20 m	Uppbygging til verndar minjum
Veitulagnir	25 m	Byggingar tengdar veitum
Stofn- og tengivegir	100 m	Jarðhitaleitarholur

8.5 Verslun og þjónusta

Á verslunar- og þjónustusvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi sem þjónar viðkomandi svæði. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum, sérstaklega á efri hæðum bygginga. Gera skal grein fyrir staðsetningu og stærð verslunar- og þjónustusvæða, tengslum svæðanna við aðra landnotkun, þéttleika byggðar og öðrum einkennum þegar byggðra og fyrirhugaðra verslunar- og þjónustusvæða.



Mynd 8.4 Fjöldi starfandi við þjónustu á Vestfirðum 1998-2005 (Hagstofa Íslands 2008).

Vægi verslunar og þjónustu, s.s. hótél- og veitingahúsareksturs, fasteigna- og viðskiptaþjónustu og fjármálaþjónustu, hefur haldist nokkuð stöðugt síðustu ár. Opinber stjórnsýsla hefur hins vegar dregist töluvert saman. Heilbrigðisþjónusta, fræðslustarfsemi og önnur þjónusta hefur verið í mestum vexti undanfarin ár.

Verslun og þjónusta innan sveitarfélagsins er að mestu leyti bundin við miðsvæðið, þ.e. við Aðalstræti, Vitastíg og Hafnargötu.

Stefna

Markmið

- Stuðla að fjölbreyttri og öflugri ferðarþjónustu
- Viðhalda blómlegum miðbæ

Gert er ráð fyrir tveimur verslunar- og þjónustusvæðum sunnan Hólsár. Svæðin eru fyrst og fremst ætluð fyrir ferðarþjónustu, t.d. þjónustu við sjóstangveiði.

Þróun miðbæjarins hefur einkennst af samþættingu margbreytilegrar landnotkunar, s.s. verslunar og þjónustu, íbúðarbyggðar, léttis iðnaðar og stofnana og er lögð áhersla á það að viðhalda þessu mynstri. Til að tryggja að miðbærinn haldist blómlegur, er lögð áhersla á það að á verslunar- og þjónustusvæðum verði að jafnaði ekki sú starfsemi sem betur hentar fyrir miðbæjarstarfsemi.

Tafla 8.3 Verslunar- og þjónustusvæði

Svæði	Ákvæði
V1 - Ferðarþjónustusvæði við Grundarstíg / 1,8 ha	Svigrúm fyrir starfsemi tengda ferðarþjónustu, s.s. útleiguhús og tengd þjónusta.
V2 - Ferðarþjónustusvæði við Kirkjuveg / 1,9 ha	Uppbygging svæðisins hafi tengsl við sögu þéttbýlisins og byggingar falli að yfirbragði byggðarinnar.

Tafla 8.3 Verslunar- og þjónustusvæði - Framhald**Svæði - framhald**

Að hluta innan
hverfisverndarsvæðis H3


Ákvæði - framhald

Áhersla er lögð á aðlaðandi umhverfi og huga ber að
göngutengingum við miðbæ og útivistarsvæði.

8.6 Ferðaþjónusta

Ferðaþjónusta er ein af meginundirstöðum íslensks efnahagslífs og hefur mikill vöxtur einkennt greinina undanfarið. Komum erlendra ferðamanna til landsins hefur fjölgað um 9% á ári að meðaltali síðastliðna hálfra öld. Á árunum 2000 til og með 2008 fjölgaði erlendum gestum úr rúmum 300 þúsundum í 502 þúsund, þ.e. um 66%. Áætlað er að árið 2015 verði erlendir ferðamenn orðnir um 850 þúsund. Fjölgun ferðamanna sem heimsækja Ísland hefur verið meiri en á heimsvísu. Tímabilið 1995-2004 fjölgaði ferðamönnum sem sóttu Ísland heim um 69% en sambærileg aukning í heiminum öllum var um 24%.


Ferðaþjónustan hefur skilað miklum gjaldeyri inn í íslenskt hagkerfi. Samkvæmt gögnum frá Hagstofu Íslands var hlutur ferðaþjónustu í útflutningstekjum 19% á árunum 2004-2006. Tekjur af erlendum gestum hafa aukist í svipuðu hlutfalli við fjölda þeirra, úr um 38 milljörðum íslenskra króna árið 2000 í um 73 milljarða árið 2008.



Mynd 8.5 Útflutningstekjur ferðaþjónustu og fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi á mismunandi tímum (Hagstofa Íslands 2009).

Kannanir og greiningar hafa leitt í ljós að markaðshlutdeild Vestfjarða í ferðaþjónustu er minni en á mörgum öðrum landsvæðum en jafnframt eru miklir möguleikar til sóknar. Bættar samgöngur munu styðja verulega við þróun í ferðaþjónustu.


Á Vestfjörðum hefur markvisst verið unnið að uppbyggingu ferðaþjónustu og samfara því hefur atvinnugreinin eflst. Á mynd 8.6 má sjá að gistinætur og gestakomur hafa aukist jafnt og þétt frá árinu 1998, að árinu 2002 undanskildu. Meðaldvalarlengd hefur breyst minna, var 1,4 gistinætur árið 1998 en 1,7 árið 2007. Aukningin hefur verið nálægt 8% á milli ára en jókst mun meira, eða um 14%, á milli áruna 2006 – 2007, þegar fjöldi gistinátta fór úr 69.364 í 78.868.




Mynd 8.6 Gistinætur, gestakomur og meðaldvalarlengd á Vestfjörðum 1998-2007 (Hagstofa Íslands 2008).

Töluverð uppbygging hefur átt sér stað í tengslum við fjölgun sjóstangveiðimanna sem koma til Vestfjarða, einkum til Flateyrar, Suðureyrar, Súðavíkur og Tálknafjarðar. Komum skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar hefur fjölgað jafnt og þétt og árið 2009 komu 27 skemmtiferðaskip þangað, á tímabilinu frá 30. maí til 10. september, sbr. mynd 8.7.

Það er líklegt að með sömu þróun og verið hefur muni erlendir ferðamenn verða fleiri en innlendir innan skamms. Enn er þó fjöldi erlendra ferðamanna á Vestfjörðum fremur lítill hluti af þeim fjölda sem heimsækir Ísland.



Mynd 8.7 Gistinætur alls á Vestfjörðum 1998-2009 (Hagstofa Íslands 2010).



Mynd 8.8 Árlegur fjöldi skemmtiferðaskipa sem kemur til Ísafjarðar. (Ísafjarðarbær 2009).

Ferðamenn í heiminum í dag sækja í auknum mæli í lítt spillta náttúru sem verður sífellt sjaldgæfari. Jafnframt leita þeir eftir nýrri upplifun í ferðum sínum. Íslendingar ferðast meira en áður um eigið land og hafa gönguferðir um náttúruna notið vaxandi vinsælda. Samkvæmt könnunum á viðhorfum og hegðun ferðamanna á Vestfjörðum er náttúran helsta aðráttarafl svæðisins, sérstaklega hvað varðar erlenda ferðamenn (Albertína Friðbjörg Elíasdóttir o.fl. 2008). Ferðamenn á Vestfjörðum eru náttúruunnendur sem sækja í frið og ró og eru meðvitaðir um umhverfið. Slíkir ferðamenn krefjast almennt minni þjónustu og afþreyingar en sækja í að upplifa hið „ósnera“ eða óhefðbundna. Útivist, einkum gönguferðir og fuglaskoðun, er á meðal þess helsta sem ferðamenn svæðisins vilja upplifa. Þó nokkuð stór hópur sækir einnig í söfn, sýningar, sund og aðra þjónustu.

Horft hefur verið til ferðaþjónustu til atvinnuuppbyggingar og aukins efnahagvaxtar á jarðarsvæðum þar sem samdráttur hefur verið í öðrum greinum. Ferðaþjónustan er afar mikilvægur drifkraftur í byggðum landsins og ein hagkvæmasta leiðin til að fjölga störfum og auka gjaldeyriskjör þjóðarinnar. Ferðaþjónusta er atvinnugrein sem hefur vaxið hratt og nýjungar og þróun hafa einkennt hana.

Margs konar þjónusta og afþreying er til staðar fyrir ferðamenn í Bolungarvík. Töluverð gróska hefur einkennt ferðaþjónustu á svæðinu, samhliða auknum fjölda ferðamanna. Af einstökum stöðum koma flestir ferðamenn til sjóminjasafnsins í Ósvör, við ósa Ósár, en þar má sjá 19. aldar verbúð, salthús, fiskreit, þurrkhjalla, áraskip, veiðafæri og fleiri tæki og tól sem notuð voru við veiðar og fiskverkun á liðnum öldum. Af öðrum stöðum sem hafa aðráttarafl má nefna Skálavík, Bolafjall, golfvöllinn, náttúrugripasafnið, sundlaugina, Syðridalsvatn ásamt veitingasölu og annarri þjónustu. Menntatengd ferðaþjónusta hefur einnig verið í sókn með aukinni starfsemi stofnana á svæðinu, einkum Náttúrustofu Vestfjarða, Fræðasetri Háskóla Íslands og Háskólaseturs Vestfjarða. Tjaldsvæði eru sunnan við sundlaugina en einnig er tjaldsvæði í Skálavík, sbr. nánari umfjöllun í kafla 10 Opin svæði og útivist. Mjög takmörkuð aðstaða er í boði fyrir ferðamenn í Skálavík.

Stefna

Markmið

- Aðalskipulagið leggi grunn að öflugri og sjálfbærri ferðaþjónustu, þ.e. ferðaþjónustu sem hámarkar ávinning íbúa svæðisins og upplifun ferðamanna, en gengur ekki á náttúruleg eða menningarsöguleg gæði svæðisins

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir aukinni og fjölbreyttari ferðaþjónustu í sveitarfélaginu sem byggir á sérstöðu svæðisins. Í Bolungarvík er hægt að kynnast fjölbreyttri og tilkomumikilli náttúru, frá fjöru að fjalli, á aðgengilegan hátt. Saga og menning svæðisins er hluti af þessari



Höfnin, Ernirinn í baksýn (Böðvar Þórisson).

sérstöðu, en eins og áður sagði er Bolungarvík ein elsta verstöð landsins. Aðlaðandi umhverfi getur laðað að sér ferðamenn og nýja íbúa, en einnig aukið lífsgæði núverandi íbúa, sbr. kafla 7 um byggð. Til að ferðaþjónustan geti dafnað er æskilegt að hafa góða aðstöðu og fjölbreytta afþreyingu á svæðinu.

Markviss uppbygging í ferðaþjónustu, með samstarfi ferðaþjónustuaðila og sveitarfélaga, er líkleg til að auka hlutdeild ferðamanna sem heimsækja norðanverða Vestfirði. Gert er ráð fyrir að ferðaþjónusta verði mikilvægur þáttur í framtíðarþróun atvinnulífs á Vestfjörðum og aukningu efnahagvaxtar. Hafa verður þó í huga að greinin byggir á þeim gæðum náttúru og samfélags sem til staðar eru og aukinn fjöldi ferðamanna veldur álagi á náttúru, samfélag og innviði þess. Hætta er á því að atvinnuvegir og framkvæmdir sem spilla náttúru svæðisins geti haft neikvæð áhrif á ferðaþjónustu. Auka þarf skilning og þekkingu íbúa og ferðamanna á náttúru og samfélagi og stuðla þannig að sjálfbærni.

Viðhorf ferðamanna eru mismunandi og ekki er hægt að fullnægja þörfum allra ferðamanna alls staðar. Sumir ferðamenn sækja í þjónustu á meðan aðrir sækja í náttúrulegt umhverfi. Á landbúnaðarsvæðum er svigrúm fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu og mannvirkjum því tengdum. Uppbygging ferðaþjónustu á hverfisvernduðum svæðum í dreifbýli miði að mestu leyti að verndun náttúru og menningarminja, í samræmi við verndarmarkmið aðalskipulagsins. Auðvelt er að skapa góð tengsl ferðamanna við atvinnulíf, m.a. landbúnað og sjávarútveg, m.a. vegna nálægðar við þessar atvinnugreinar. Mikilvægt er að miða uppbyggingu hafnarsvæðis við þetta, m.a. með það að markmiði að skapa aðlaðandi umhverfi þar. Vegna nálægðar við Hornstrandafriðland og góðrar hafnaraðstöðu er gert ráð fyrir auknu vægi ferðaþjónustu á hafnarsvæðinu, sbr. kafla 8.3.

Til að ferðaþjónusta geti dafnað þarf að huga að innviðum, svo sem aðgengi, aðstöðu og upplýsingagjöf til ferðamanna, m.a. að gönguleiðum. Gera skal aðgengi að húsum og öðrum mannvirkjum þannig að fólk í hjólastólum og aðrir sem eiga erfitt með gang komist leiðar sinnar um svæðið. Auðvelt er að haga framkvæmdum þannig að þær stingi ekki í stúf við umhverfið.

Svæði þola mismikið álag ferðamanna, hvort sem horft er til náttúrufars, viðhorfa ferðamanna sjálfra eða íbúa svæðisins. Mikilvægt er að aðalskipulagið sé góður grunnur fyrir sjálfbæra ferðaþjónustu, að það styðji við greinina til langs tíma litið. Í því tilliti er nauðsynlegt að byggja upp nauðsynlega innviði þar sem það á við, vegna þess að lélegir innviðir geta hamlað uppbyggingu greinarinnar en auk þess valdið umhverfisraski. Skoða

þarf þó snemma hvaða áhrif stóraukinn fjöldi getur haft á samfélagið og náttúru svæðisins, t.d. í tengslum við komu skemmtiferðaskipa eða sjóstangveiði.

Til að ná frekari árangri í ferðaþjónustu og til þess að nýta þau fjölmörgu tækifæri sem norðanverðir Vestfirðir geta boðið upp á fyrir ferðamenn er mikilvægt að efla samvinnu ferðaþjónustuaðila og sveitarfélaga, bæði við stefnumörkun og skipulagningu atburða. Staðþekking er dýrmæt og mikilvægt er að nýta hana vel. Jafnframt getur verið ákjósanlegt og hagkvæmt að hafa samvinnu á milli landssvæða við þróun á vöru og þjónustuframboði.

Nýta ber það sem hefur verið byggt upp og gagnast getur í ferðaþjónustu, m.a. íþróttamannvirki, menningu, rannsóknaaðstöðu, nálægð við Hornstrandir, söfn, atburði og göngustíga. Svæðið hentar vel til rannsókna, bæði m.t.t. aðstöðu og náttúrufars. Reyna ætti að lengja ferðamanntímann og byggja enn frekar upp ferðir sérsniðnar að vetrinum og upplifunum á náttúru, menningu og mannlífi tengdu þessari árstíð.

Tryggja þarf nægt framboð að tjaldsvæðum og fylgja þarf eftir þeim kröfum sem almenningur gerir með breyttum ferðavenjum. Leggja skal áherslu á fjölbreytileika og forðast hagsmunarárekstra mismunandi hópa ferðamanna. Áfram er gert ráð fyrir þeim tjaldsvæðum sem þegar eru rekin, þ.e. við sundlaugina og í Skálavík. Svigrúm er til stækkunar og bættrar þjónustu en einnig er lögð áhersla á það að hægt verði að byggja upp ný svæði. Tjaldsvæði má byggja á landbúnaðarsvæðum og opnum svæðum til sérstakra nota. Tjaldsvæði eru oft á eða í nálægð við viðkvæm svæði og því skal við alla uppbyggingu hafa almenn verndarmarkmið aðalskipulagsins að leiðarljósi.

Tafla 8.4 Landnotkun m.t.t. ferðaþjónustu. Sjá einnig töflur 8.3 Verslunar- og þjónustusvæði og 10.1 Opin svæði og útivist.

<p>Svæði Þ2 - Tjaldsvæði við Sundlaug Bolungarvíkur Hluti af stærra svæði</p>	<p>Ákvæði Gert er ráð fyrir þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins kallar á. Auka má þjónustu, þar sem við á. Við skipulag og framkvæmdir ber að huga sérstaklega að nálægð við íbúðarbyggð.</p>
<p>Svæði B1 - Tjaldsvæði í Skálavík, í landi Minnibakka Hluti af stærra svæði Svæðið er innan hverfisverndarsvæðis H2</p>	<p>Ákvæði Gert er ráð fyrir tjaldsvæði með hreinlætisaðstöðu og vatnssalernum. Stöðuleyfi fyrir færanleg íveruhús, s.s. rútur, húsbíla eða hjólhýsi, eru ekki heimil á tjaldsvæðinu. Nánari uppbygging verður útfærð í samhengi við aðra nýtingu svæðisins í deiliskipulagi. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við markmið hverfisverndarinnar, sbr. kafla 7.5.4 Hverfisvernd í dreifbýli og töflu 10.1. Opin svæði og útivist.</p>
<p>Svæði Ú3 - Sjóminjasafnið Ósvör / 1 ha Hluti af stærra svæði</p>	<p>Ákvæði Við Ósvör verður áfram byggt upp safnasvæði sem getur tekið við talsverðum fjölda ferðamanna. Áhersla er lögð á gott aðgengi að svæðinu svo og varðveislu fjörunnar og þeirra menningarverðmæta sem er að finna á svæðinu. Yfirbragð svæðisins skal endurspeglar anda þess tíma sem safnið fjallar um.</p>
<p>Svæði B2 - Bolafjall / 8,8 ha Hluti af stærra svæði</p>	<p>Ákvæði Svigrúm til uppbyggingar þjónustu, s.s. afþreyingar, veitinga- og safnareksturs, gistingar auk núverandi notkunar sbr. töflu 11.4. Fjarskipti. Taka skal tillit til starfsemi ratsjár- og fjarskiptastöðvarinnar við mannvirkjagerð og skipulagsbreytingar á nærsvæði stöðvarinnar, í samráði við þá stofnun sem rekur stöðina, sbr. kafla 11.2.3. Fjarskipti.</p>

Tafla 8.4 Landnotkun m.t.t. ferðaþjónustu. Sjá einnig töflur 8.3 Verslunar- og þjónustusvæði og 10.1 Opin svæði og útivist - Framhald.

Sérstaklega skal huga að öryggi ferðamanna. Nýting skal samræmast almennum verndarmarkmiðum aðalskipulagsins og ákvæðum um vatnsvernd en svæðið er í nágrenni við vatnsverndarsvæði, sbr. kafla 5 Vatn, loft og hljóð.

8.7 Iðnaðar- og athafnasvæði

Á athafnasvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugeymslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum. Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdum starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði. Starfsemi tengd búrekstri, t.d. vörugeymslur og verkstæði, getur rúmast innan athafnasvæða og landbúnaðarsvæða. Þar sem þetta á við í dreifbýli er gert ráð fyrir því að starfsemin verði innan landbúnaðarsvæða.

Á iðnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skólpdælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olíu og móttökustöðvum fyrir úrgang. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.

Iðnaðar- og athafnasvæði er við innanverða byggðina sunnan Hólsár. Þar er nægt landrými og aðgengi að höfn og þjóðvegi er gott. Byggð á svæðinu er mjög dreifð en það er mjög sýnilegt við innkomuna í bæinn.

Móttökusvæði fyrir sorp er við áhaldahús bæjarins á iðnaðarsvæðinu. Nánar er fjallað um meðhöndlun sorps í kafla 11.1 Sorp.

Ein vatnsaflsvirkjun er í sveitarfélaginu, Reiðhjallavirkjun í Syðridal, sem tekin var í notkun árið 1959. Vatnafl Fossár er nýtt og raforkuframleiðsla á ári eru tæpar 3,7 GWh.

Starfsstöð Orkubús Vestfjarða og tengivirki í sameiginlegri eign Landsnets og Orkubús Vestfjarða eru staðsett austan Ernis, á ofanflóðahættusvæði C samkvæmt hæattumati. Um þessi mannvirki fer allt rafmagn til Bolungarvíkur.

Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli, sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha, eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar sem úrskurðar hvort þörf sé á umhverfismati. Margvíslegar framkvæmdir innan iðnaðar- og athafnasvæðis eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar og er vísað til laga nr. 106 / 2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í umhverfismati aðalskipulagsins, sem finna má í viðauka, eru metin áhrif úrbóta vegna ofanflóðahættu við aðveitustöðina austan Ernis. Skoðaðir eru fjórir valkostir: Að færa svæðið að iðnaðarsvæðinu, byggja varnargarð við núverandi stöð, færa búnað inn í hús og draga þannig úr hættu á tjóni eða aðhafast ekkert. Nánari umfjöllun er að finna í umhverfismatinu, í viðaukanum.

Stefna

Markmið

- Nægt rými verði fyrir atvinnuuppbyggingu í sátt við samfélagið og náttúruna
- Efla iðngreinar, nýsköpun og útflutning
- Efla möguleika til samvinnu fyrirtækja og menntastofnana
- Fyrirkomulag á sorpgámasvæðum verði til fyrirmyndar

Gert er ráð fyrir því að iðngreinar og iðnaður geti eflst og stækkað. Áfram er gert ráð fyrir iðnaðar- og athafnasvæðum á Söndunum. Byggðin er mjög dreifð og miklir möguleikar fyrir þéttingu. Þannig næst hagkvæmt byggingarland og betri nýting innviða. Þétt byggð kallar einnig á skynsamlega nýtingu lóða og bættu ásýnd. Vegna sýnileika svæðisins er lögð áhersla á það að svæðinu verði haldið snyrtilegu.

Samgöngur og landrými gefa möguleika á að byggja nokkuð stóran iðnað. Hafa verður í

huga að iðnaðarstarfsemi getur haft margvísleg áhrif á atvinnuvegi sem fyrir eru í sveitarfélaginu og því mikilvægt að gera grein fyrir hugsanlegum árekstrum á milli atvinnugreina áður en ákvörðun um slíkt er tekin. Þetta á sérstaklega við um starfsemi sem byggir afkomu sína að talsverðu leyti á náttúru og ímynd, m.a. sjávarútveg, landbúnað og ferðaþjónustu. Iðnaðarsvæðið er jafnframt í mikilli nálægð við helstu útivistarsvæði Bolvíkinga og er sýnilegt frá íbúðarbyggð. Mikilvægt er að íbúar taki þátt í frekari ákvörðunum um þessi málefni.

Lögð er áhersla á það að umgengni á iðnaðar- og athafnasvæðum verði til fyrirmyndar. Leitast skal við að varningur safnist ekki á ónýttar lóðir og opin svæði á atvinnusvæðum. Í deiliskipulagi skal hugað að því að fyrirkomulag á lóð hvetji til snyrtilegs umhverfis og að bæjarland verði aðlaðandi. Stuðla skal að öryggi á athafnasvæðum í samræmi við markmið aðalskipulagsins m.t.t. náttúruvár í kafla 3.

Óviðunandi er að starfsstöð og tengivirki, sem er staðsett undir Erninum á svæði I3, sé á ofanflóðahættusvæði C. Aðalskipulagið gerir því ráð fyrir flutningi tengivirkisins, út fyrir núverandi byggð, á svæði I4. Í stað tengivirkisins verður sett upp geymslusvæði fyrir gáma á svæði I3. Jafnframt er gert ráð fyrir geymslusvæði við áhaldahús bæjarins, á svæði I1. Á svæðunum verður hægt að geyma gáma kerrur, vagna og fleiri slíka hluti. Svæðið við áhaldahúsið tengist vel hafnarsvæðinu, vegna nálægðar. Þetta er að sama skapi ókostur vegna særoks og sýnileika. Svæðið undir Erninum er fjær sjó og ekki eins sýnilegt frá þéttbýlinu eða við innkomu í bæinn. Ókostir þess svæðis eru hins vegar nálægð við útivistarsvæði og snjóflóðahætta en samkvæmt hættumati er svæðið skilgreint sem C svæði. Með flutningi tengivirkis og hesthúsa af svæðinu (sbr. kafla 10) og uppsetningu geymslusvæðis breytist landnotkun á svæðinu talsvert. Dregið er úr nýtingu og áhættu íbúa á skipulagstímabilinu en jafnframt eru þeir innviðir sem eru til staðar nýttir. Viðvera á umræddu svæði er mjög lítil, einkum yfir vetrartímann, en ef mikil snjóflóðahætta er til staðar má takmarka umferð. Mikilvægt er að svæðið verði snyrtilegt, sbr. ákvæði í töflu 8.5.

Gert er ráð fyrir að auka þéttleika á iðnaðarsvæði I1. Úthluta skal fyrst lóðum á því svæði sem núverandi mannvirki eru. Svæðið suðaustar verður hins vegar nýtt í framhaldi af því, eftir því sem þörf krefur.

Áhersla er lögð á endurnýjanlega orkugjafa. Gert er ráð fyrir því að landeigendur geti virkjað bæjarlækinn, með smávirkjun. Að fengnu framkvæmdaleyfi eru virkjanir, sem eru allt að 30 kW með minniháttar uppistöðulóni, eða rennslisvirkjanir, sem eru allt að 200 kW án uppistöðulóns, því heimilar án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Framkvæmdir þurfa að vera í samræmi við verndarmarkmið aðalskipulagsins og öllu raski skal haldið í lágmarki. Við uppsetningu virkjana skal huga að sýnileika og afturkræfni framkvæmda og þess gætt að valda sem minnstum skaða á náttúrunni. Á hverfisvernduðum svæðum skal meta áhrif virkjanaframkvæmda í greiningu á áhrifum deiliskipulags, sem gera skal samfara deiliskipulagi, skv. staðlaðri matstöflu sem birt er í viðauka og fjallað er um í kafla 1.6 um umhverfismat.

Tafla 8.5 Iðnaðar- og athafnasvæði

Svæði A1 - Athafnasvæði við Grundarstíg / 0,7 ha	Ákvæði Svigrúm fyrir léttan iðnað og hreinlega starfsemi sem samrýmist landnotkun í nágrenninu. Huga ber að nálægð við ferðaþjónustusvæði og aðkomu að bænum.
Svæði I1 - Iðnaðarsvæði innan byggðar, sunnan Hólsár / 14,0 ha	Ákvæði Svigrúm fyrir iðnaðarstarfsemi sem samrýmist landnotkun í nágrenninu. Huga ber að nálægð við íbúðarbyggð, ferðaþjónustusvæði og sýnileika svæðisins við innkomu í bæinn.
Svæði I3 - Geymslusvæði austan Ernis / 2,6 ha	Ákvæði Geymslusvæði fyrir gáma. Nýting skal samrýmast landnotkun í nágrenninu.

Tafla 8.5 Iðnaðar- og athafnasvæði - Framhald.

	Tryggja ber snyrtilega umgengni, einkum m.t.t. nálæggra útivistarsvæða. Svæðið er á snjóflóðahættusvæði C. Haga ber nýtingu m.t.t. ofanflóða. Gert er ráð fyrir lítilli viðveru fólks á svæðinu.
Svæði I4 - Tengivirki / 0,9 ha	Ákvæði Svæði ætlað fyrir starfsstöð og tengivirki rafmagns. Huga ber að sýnileika svæðisins við innkomu í bæinn.
Svæði I2 - Reiðhjallavirkjun / 0,3 ha	Ákvæði Svigrúm fyrir endurbætur og stækkun virkjunar. Haga ber nýtingu m.t.t. náttúruvár. Lágmarka skal allt rask á umhverfi og fella mannvirki sem best að landslagi.

8.8 Efnistaka og vinnsla

Samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44 / 1999 m.s.br., VI. kafla, er öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Efnistaka er jafnframt háð skipulags- og byggingarlögum. Áður en slíkt leyfi er gefið skal liggja fyrir áætlun námuréttarhafa um væntanlega efnistöku, þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga veitir starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna, sbr. reglugerð nr. 785/1999 m.s.br. um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Leyfi þarf frá embætti veiðimálastjóra fyrir efnistöku sem getur haft áhrif á lífríki í ám og vötnum. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með efnistöku á landi. Þó er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil minni háttar efnistaka til eigin nota, nema um sé að ræða landslagsgerðir sem njóta verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd sbr. 47. gr. sömu laga.

Í júlí 2008 varð efnistaka úr eldri námum, sem hafin var fyrir 1. júlí 1999 og tiltekin atriði eiga við um, óheimil nema að fyrir liggja framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar, sbr. ákvæði í breytingu á lögum nr. 44 / 1999 um náttúruvernd. Eftir 1. júlí 2012 skal afla framkvæmdaleyfis fyrir allri efnistöku á svæðum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1. júlí 1999, sbr. ákvæði laganna.

Óheimilt er að veita leyfi fyrir efnistöku, sem er tilkynningar- og matsskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum, áður en ákvörðun um matsskyldu liggur fyrir og / eða úrskurður í mati á umhverfisáhrifum. Skilyrði um mat á umhverfisáhrifum er m.a. háð flatarmáli og rúmmáli efnistökusvæða, sbr. töflu 8.6.

Tafla 8.6. Efnistaka og mat á umhverfisáhrifum.

Efnistaka	Umhverfismat
Áætluð efnistaka á landi eða úr hafsbotni þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m ² svæði eða stærra eða er 150.000 m ³ eða meiri.	Ávallt háð mati á umhverfisáhrifum.
Áætluð efnistaka á landi eða úr hafsbotni þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m ² svæði eða stærra eða er 50.000 m ³ eða meiri.	Tilkynningarskylt og Skipulagsstofnun metur hvort þörf sé á umhverfismati.
Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná til samans yfir 25.000 m ² .	Tilkynningarskylt og Skipulagsstofnun metur hvort þörf sé á umhverfismati.

Skv. 49. gr. laga um náttúruvernd skal efnistökusvæði ekki standa ónotað og ófrágengið lengur en þrjú ár, nema sérstakar ástæður séu fyrir stöðvuninni. Í sveitarfélaginu eru ófrágengin efnistökusvæði sem ekki eru lengur í notkun enda hefur efnistaka verið með fremur óskipulögðum hætti, m.a. vegna þess hve lagaraminn hefur verið óskýr. Í námuskrá Vegagerðarinnar frá árinu 2006 eru 3 námur í sveitarfélaginu sem búið er að ganga frá og 5 námur sem ekki er búið að loka eða ganga frá.

Langtímaáætlun Vegagerðarinnar um námufrágang 2004-2018 gerir ráð fyrir frágangi einnar námu í sveitarfélaginu. Frágangur námunnar mun verða í samræmi við leiðbeiningar í ritinu Námur – efnistaka og frágangur.

Tafla 8.7. Efnistökusvæði í Bolungarvík, samkvæmt námuskrá Vegagerðarinnar (Vegagerðin 2006).

Náma	Frágangur
Ófærunáma	Fullfrágengin
Kálfadalur	Hálffrágengin
Ósá (sandur)	Fullfrágengin
Sandur	Fullfrágengin
Hóll	Ófrágengin
Syðridalsvegur	Hálffrágengin*
Tunga	Hálffrágengin
Hærríkross	Ófrágengin

*Verður lokað samkvæmt Langtímaáætlun Vegagerðarinnar um námufrágang 2004-2018 (Vegagerðin 2004).

Samkvæmt breytingu á Aðalskipulagi Bolungarvíkur 1980-2000 frá árinu 2007, vegna jarðgangagerðar um Óshlíð, er gert ráð fyrir að um 70 þúsund m³ umframefnis vegna gangagerðar verði nýtt til að fylla í opin efnistökusvæði í landi Hóls og í Óshlíð. Jafnframt er þar gert ráð fyrir að um 50 þúsund m³ af efni verði sett í sjóinn austan við Óshólavita.

Engin náma er með starfsleyfi í sveitarfélaginu.

Stefna

Markmið

- Nægt framboð efnistökusvæða verði fyrir fjölbreytta starfsemi
- Öllum eldri námum, sem ekki eru sýndar á aðalskipulaginu, verði lokað þannig að þær falli sem best að umhverfi og náttúruleg gæði verði endurheimt eftir því sem kostur er

Aðgengi að efnisnámu er forsenda margs konar mannvirkjagerðar. Opin og ófrágengin efnistökusvæði hafa hins vegar neikvæð áhrif á ásýnd og ímynd sveitarfélagsins. Slík svæði leiða gjarnan til lakari umgengni og jafnvel efnistöku án heimildar. Áhersla er því lögð á það að efnistökusvæðum verði fækkað og eldri svæði nýtt í stað þess að opna ný. Ganga skal frá eldri námu. Þegar hlé verður á notkun námunnar eða henni lokað skal ganga snyrtilega frá framkvæmdasvæðinu þannig að það falli sem best að umhverfi. Jafnframt skal ganga snyrtilega um efnistökusvæði á meðan á vinnslu stendur, sérstaklega þar sem sýnileiki er mikill eða umhverfið er viðkvæmt. Frágangur á gömlum efnistökusvæðum verður unninn í tengslum við uppgræðslu- og skógræktarverkefni þar sem því verður við komið.

Framkvæmdaleyfi verður bundið skilyrðum um það að framfylgja markmiðum aðalskipulagsins, sem m.a. er ætlað að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á landslag, lífríki, vistkerfi og núverandi eða fyrirhugaða starfsemi eða landnýtingu í nágrenni svæðanna. Í áætlun réttthafa skal gera grein fyrir því hvernig þessum markmiðum verður framfylgt. Við ákvarðanatöku skal bærinn kynna fyrirhugaða efnistöku fyrir landeigendum og þeim er kunna að hafa hagsmuna að gæta.

Taflan að neðan sýnir þau svæði þar sem efnistaka verður leyfileg skv. aðalskipulagi. Samtals er gert ráð fyrir 4 efnistökusvæðum og eru þau jafnframt sýnd á meðfylgjandi skipulagsupprætti. Öðrum námum verður lokað og frá þeim gengið í samræmi við ákvæði aðalskipulagsins.

Ekki verður frekara efnisnám úr námu við Óshlíð, en þar er haugsvæði vegna Bolungarvíkurganga og jafnframt gömul grjótnáma. Gengið verður frá námunni með afgangsefni úr Bolungarvíkurgöngum.

Náma E1 á Skálavíkurheiði nær inn á grann- og fjarsvæði vatnsverndar. Á þessu svæði gilda ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 m.s.br. um varnir gegn mengun vatns. Samkvæmt reglugerðinni er óheimilt að hafa birgðageymslu efna sem mengað geta grunnvatn. Á grann- og fjarsvæði skal notkun á hættulegum eða mengandi efnum lágmörkuð og fyllstu varúðar gætt við notkun þeirra. Byggingar og áburðgargjöf eru jafnframt bannaðar á námusvæðinu. Mjög mikilvægt er að tryggja verndun neysluvatns í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar og aðalskipulagsins. Þessum markmiðum verður fyrst og fremst náð með góðri og náinni samvinnu Bolungarvíkurkaupstaðar við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða og þá er kunna að nýta námuna á skipulagstímabilinu. Áætluð stærð námusvæðisins er 5 ha og því er efnistakan háð lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfismatið mun stuðla enn frekar að vatnsvernd á þessu svæði.

Tafla 8.8. Efnistökusvæði í Bolungarvík

Náma E1 - Skálavíkurheiði, Hærrikross.	Gerð Grjótnáma.	Stærð 5 ha.	Áætlað efnismagn 100.000 m ³ .
Ákvæði Lágmarka skal neikvæð áhrif á náttúru, menningarmínjar, útivistarsvæði eða aðra starfsemi við notkun en einnig tímabundinn frágang og langtímafrágang námusvæðanna. Á grann- og fjarsvæði vatnsverndar skal lágmarka notkun á og gæta fyllstu varúðar við notkun á mengandi efnum í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 m.s.br. Þetta ber að útfæra nánar í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða.			
Náma E2 - Syðridalsvegur	Gerð Sandnáma.	Stærð 0,5 ha.	Áætlað efnismagn 20.000 m ³ .
E3 - Tunga	Malarnáma.	0,6 ha.	10.000 m ³ .
Ákvæði Lágmarka skal neikvæð áhrif á náttúru, menningarmínjar, útivistarsvæði eða aðra starfsemi við notkun en einnig tímabundinn frágang og langtímafrágang námusvæðanna.			
Náma E4 - Hóll, við urðunarstað	Gerð Malar- og sandnáma.	Stærð 1 ha.	Áætlað efnismagn 20.000 m ³ .
Ákvæði Námunni verður lokað fyrri hluta skipulagstímabils, samhliða lokun urðunarstaðarins, og hún ekki nýtt eftir það. Námusvæði skal falla sem best að umhverfi eftir frágang. Sérstaklega skal gætt að nálægð við fornminjar.			

9 Félags- og velferðarmál

Í þessum hluta er fjallað um skóla, rannsóknastofnanir, íþróttahús, menningu, félagsmál og heilbrigðismál.

Bolungarvík hefur að geyma fjölskylduvænt samfélag, sem m.a. orsakast af smæðinni. Það er stutt í skóla, heilsugæslu og aðra þjónustu en einnig er stutt í villta náttúru. Því má segja að lífið í Bolungarvík sé einfalt en það er kostur sem vegur þungt í hugum margra íbúa.

Markmið

- Bolungarvík verði fjölskylduvænt samfélag með aðgengi fyrir alla

9.1 Skólar og íþróttahús

Grunnskóli, íþróttamiðstöð og tónlistarskóli eru á samliggjandi svæði og mynda nokkurs konar skólahverfi. Grunnskóli og íþróttamiðstöð eru í samtengdum byggingum við Höfðastíg. Í grunnskólanum er um 140 nemendur en skólinn getur rúmað nokkuð fleiri. Í íþróttamiðstöðinni Árbæ er góð aðstaða til íþróttar og afþreyingar, vinsæl innisundlaug og útisvæði með heitum pottum og vatnsrennibraut. Aðgengi fyrir fatlaða er þó ábótavant, bæði við aðkomu og innanhúss. Öflugur tónlistarskóli er í nágrenni grunnskólans, á mótum Aðalstrætis og Skólastígs, en þar stundar stór hluti grunnskólabarna tónlistarnám.

Grunnskólinn er í útjaðri núverandi byggðar, við Aðalstræti milli Ósár og Höfðastígs. Nálægð við opin svæði og landbúnað er mikil, en Aðalstræti er nokkuð þung umferðargata. Höfðastígur sker sundur skólahverfið, á milli grunnskólans og tónlistarskólans, en þar er þó mjög lítil umferð.

Einn leikskóli er í sveitarfélaginu, Glaðheimar, en hann er starfræktur á tveimur stöðum. Til skamms tíma var skólinn í einu húsnæði við Hlíðarstræti 16 en haustið 2007 var deild fyrir elstu börnin opnuð í Lambhaga sem er við Höfðastíg í nágrenni við grunnskólann. Húsnæðið við Hlíðarstræti rúmar ekki þann fjölda barna sem er á leikskólaaldri í Bolungarvík.

Stefna

Markmið

- Ávallt verði nægt leikskólapláss
- Auka samstarf á milli skólastiga
- Umhverfi skóla verði heilsusamlegt, stuðli að góðri hreyfingu og efli þroska allra nemenda
- Skólarnir nýti sér nálægðina við náttúruna
- Allir íbúar sveitarfélagsins eigi möguleika á skipulagðri íþróttaiðkun
- Aðgengi fatlaðra að skólum og íþróttahúsi bæjarins verði ávallt tryggt

Mikilvægt er að ávallt verði nægt framboð á leikskólaplássu en það getur styrkt stöðu sveitarfélagsins í samkeppni um íbúa. Ljóst er að stækka þarf leikskólann þannig að hann geti rúmað þann fjölda barna á leikskólaaldri sem gert er ráð fyrir að verði á skipulagstímabilinu. Leikskólinn verður áfram við Hlíðarstræti en jafnframt er gert ráð fyrir leikskólastarfi í Lambhaga.

Leggja skal áherslu á samstarf milli skólastiga og jafnvel kynslóða, s.s. samstarf milli yngstu og elstu borgara sveitarfélagsins. Nánar er fjallað um leikskólastarfsemi í leikskólafélagi bæjarins en slík stefna er lykilatriði í þessum málaflokki.

Gert er ráð fyrir að skólarnir nýti tækifærin sem felast í fjölmenningslegu samfélagi. Lögð er áhersla á að nemendur með sérþarfir fái viðeigandi aðstoð og skal miða alla hönnun skólamannvirkja við að aðgangur verði fyrir alla.

Skólalóðir skulu vera hluti af kennslumhverfinu og mæta þörfum nemenda í samræmi við þroskastig. Leggja skal áherslu á nýtingu náttúrunnar í uppbyggingu skólalóða og lágmarka neikvæð áhrif frá umferð eða iðnaði. Stuðlað skal að fjölbreytileika á lóð ásamt öruggum tengingum við önnur útivistarsvæði eða ósnortna náttúru.

Tafla 9.1 Skólar og íþróttahús

<p>Svæði Þ2 - Grunnskóli Bolungarvíkur Íþróttamiðstöðin Árbær Hluti af stærra svæði</p>	<p>Ákvæði Svigrúm til frekari uppbyggingar íþrótt- og skólamannvirkja. Umhverfi bygginga verði fjölbreytilegt, heilsusamlegt, stuðli að góðri hreyfingu og efli þroska allra nemenda og iðkenda. Öll hönnun miðist við að aðgengi að byggingum og þjónustu sé fyrir alla. Skólinn og íþróttastarfsemi nýti sér nálægðina við náttúruna.</p>
<p>Svæði Þ1 / Þ2 - Leikskólinn Glaðheimar Lambhagi (Þ2 / hluti af stærra svæði) Hlíðarstræti (Þ1 / 0,4 ha)</p>	<p>Ákvæði Gert er ráð fyrir leikskóla og tilheyrandi uppbyggingu á báðum þessum svæðum. Umhverfi skólans verði fjölbreytilegt, heilsusamlegt, stuðli að góðri hreyfingu og efli þroska allra nemenda og iðkenda. Öll hönnun miðist við að aðgengi að byggingum og þjónustu sé fyrir alla.</p>
<p>Svæði Þ2 - Tónlistarskóli Bolungarvíkur Hluti af stærra svæði</p>	<p>Ákvæði Svigrúm til endurbóta og uppbyggingar fyrir menningarstarfsemi.</p>

9.2 Menning

9.2.1 Safna- og menningarhús

Menningarlíf Bolungarvíkur tengist að mörgu leyti sjósókn og útgerð en styrkur þess liggur í því samfélagi sem byggir Víkina. Árlega eru haldnar ýmsar hátíðir sem efla menningarlífið.

Sjóminjasafnið Ósvör er lifandi minjasafn um útgerðarhætti fyrri tíma á Íslandi. Bolungarvík hefur verið nefnd elsta verstöð landsins og víst er að þar hefur verið útræði frá upphafi Íslandsbyggðar. Í Ósvör er kynnt sjósókn á áraskipum sem og hvernig líf og starf í kringum hana var háttað hérlandis um aldir.

Náttúrgripasafn Bolungarvíkur er staðsett við Vitastíg og tengist starfsemi Náttúrustofu Vestfjarða. Í safninu eru sýndar íslenskar stein- og bergtegundir, spendýr og fuglar.

Bókasafn Bolungarvíkur er staðsett í húsakynnum Grunnskóla Bolungarvíkur.

Félagshemili Bolungarvíkur, Víkurbær, er við Aðalstræti. Það var byggt árið 1952 en unnið er að verulegum endurbótum á húsinu.

Stefna

Markmið

- Efla safna- og menningarstarfsemi í Bolungarvík
- Gamla byggingar með sögulegt gildi verði nýttar fyrir menningarlífið

Mikilvægt er að hlúa vel að því safnastarfi sem nú er í Bolungarvík. Sjóminjasafnið Ósvör er endurgerð verstöð sem varðveitir sögu útgerðar á arabátaöld og er afar mikilvægt fyrir sögu



Markaðsdagurinn (Elías Jónatansson).

Vestfjarða. Safnið hefur mikið aðdráttarafli fyrir ferðamenn og eru miklir möguleikar á frekari eflingu safnastarfsins. Með tilkomu jarðganga leggst vegurinn um Óshlíð af sem þjóðvegur. Mikilvægt er að tryggja að örugg aðkoma verði að svæðinu. Lögð er áhersla á það að allar framkvæmdir stuðli að því að upplifun gesta og ásýnd svæðisins verði í anda árabátaaldarinnar.

Félagsheimilið er mikilvægur staður í menningarlífi bæjarins. Mikilvægt er að efla tengsl þess við miðbæinn sem skilgreindur er í kafla 7.4.2 Miðsvæði.

Tafla 9.2 Safna- og menningarhús

<p>Svæði Ú3 - Sjóminjasafnið Ósvör / 1 ha Hluti af stærra svæði.</p>	<p>Ákvæði Svigrúm til stækkunar og eflingar safnasvæðisins, s.s. fyrir aukin umsvif safnsins eða starfsemi sem getur styrkt safnasvæðið. Við allar framkvæmdir skal miða við það að viðhalda ásýnd og upplifun þess tíma sem safnið miðar við, þ.e. árabátaöldina. Áhersla er lögð á gott aðgengi að svæðinu svo og varðveislu fjörunnar og þeirra menningarverðmæta sem er að finna á svæðinu.</p>
<p>Svæði M1 - Náttúrugripasafn Bolungarvíkur. Þ2 - Bókasafn Bolungarvíkur.</p>	<p>Ákvæði Svigrúm til stækkunar og eflingar.</p>

Tafla 9.2 Safna- og menningarhús - Framhald

Svæði M1 - Félagsheimili Bolungarvíkur, Víkurbær Byggt 1952.	Ákvæði Umhverfi félagsheimilisins tengist miðbænum.
--	---

9.2.2 Kirkjur og kirkjugarðar

Hólskirkja er eina kirkjan í sveitarfélaginu en Hóll hefur frá fornu fari verið kirkjustaður Bolungarvíkur. Kirkjan er mjög sýnileg frá stórum hluta byggðarinnar og er hún mikilvægt kennileiti. Hún var byggð árið 1908 og er því friðuð skv. lögum um húsfriðun nr. 104 / 2001.

Tveir kirkjugarðar eru í Bolungarvík, Hólskirkjugarður og Grundarhólskirkjugarður. Hólskirkjugarður er mjög gamall og þar er mikill fjöldi óþekkttra legstaða. Garðurinn er nánast ekkert nýttur til greftrunar í dag. Grundarhólskirkjugarður er einnig nokkuð gamall og verður fullnýttur á skipulagstímabilinu. Áætluð rýmisþörf fram á miðja öldina er um 1500 m² miðað við svipaða notkun og verið hefur síðustu ár. Unnið er að stækkun garðsins, en góðir stækkunarmöguleikar eru til suðurs.

Stefna

Markmið

- Varðveita Hólskirkju og Hólskirkjugarð sem eina heild
- Ávallt verði nægt rými til greftrunar þannig að íbúar hafi ásættanlegt val um legstað

Grundarhólskirkjugarður verður stækkaður til suðurs, um allt að 2000 m², á fyrri hluta skipulagstímabilsins. Við fyrirhugaða stækkun skal hugað að heildarásýnd garðsins og þess gætt að gróður hafi nægan tíma til að dafna áður en nýir hlutar eru teknir í notkun. Gert er ráð fyrir því að Hólskirkja og Hólskirkjugarður njóti verndar sem heild.

Tafla 9.3 Kirkjur og kirkjugarðar

Svæði Þ3 - Hólskirkja og -kirkjugarður / 0,23 ha Byggt 1908	Ákvæði Friðuð skv. lögum um húsfriðun nr. 104 / 2001. Útlit og umhverfi kirkju og kirkjugarðs verndað sem heild.
Svæði Ú4 - Grundarhólskirkjugarður / 0,6 ha	Ákvæði Gert ráð fyrir allt að 0,2 ha stækkun til suðurs. Huga skal að aðgengi fyrir alla og snyrtilegri ásýnd.

9.2.3 Vitar

Vitar eru samofnir sögu og menningu íslensku þjóðarinnar. Þeir gegna enn í dag öryggishlutverki en eru einnig aðdráttarafli ferðamanna, enda sé stæð mannvirki á myndrænum stöðum. Jafnframt bera þeir merki þróunar íslenskrar byggingarlistar á síðustu öld. Einn viti er í Bolungarvík, Óshólaviti, sem byggður var úr steinsteypu árið 1937. Vitinn stendur við núverandi þjóðveg um Óshlíð og er vel sýnilegur frá þéttbýlinu. Hann er því mikilvægt kennileiti í Bolungarvík.

Stefna

Markmið

- Varðveita Óshólavita sem menningarminjar

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að Óshólaviti, ásamt nánasta umhverfi hans, verði verndaður, þ.e. haldið verði í núverandi útlit og ásýnd. Hins vegar er gert ráð fyrir svigrúmi fyrir breyttri notkun, t.d. að mannvirkið verði nýtt sem íbúð eða fyrir ferðaþjónustu.

Tafla 9.4 Vitar

Svæði	Ákvæði
Ú3 - Óshólaviti Byggður 1937 - steinsteyptur	Svigrúm fyrir breytta notkun ef núverandi not leggjast af. Útlit og umhverfi vitans verði verndað sem heild.

9.3 Félags- og heilbrigðismál

Viðbragðsaðilar eru staðsettir á þremur stöðum í sveitarfélaginu. Sýslumaður er ásamt stjórnarsýslunni við Aðalstræti, Slökkvilið við Mávakamb og björgunarsveit við Hafnargötu.

Heilbrigðisstofnun Bolungarvíkur er staðsett á þremur stöðum í sveitarfélaginu. Heilsugæslustöð er við Höfðastíg, sjúkrahús við Miðstræti og sjúkrahjálfun í Árborg við Aðalstræti.

Íbúðir fyrir aldraða eru í Árborg, sem stendur við Aðalstræti og er í daglegu tali kallaðar Hvíta húsið. Árið 2006 var gerð könnun á húsnæðisþörf eldri borgara í Bolungarvík. Í ljós kom að þörf er fyrir nokkra fjölgun íbúða í framtíðinni, sérstaklega hjónaíbúða í tengslum við þjónustu fyrir aldraða.

Aðgengi fyrir einstaklinga með skerta færni er víða ábótavant, bæði í opinberri þjónustu, almenningssamgöngum og í einkageiranum. Þetta á einnig við um aðgengi að upplýsingum fyrir íbúa af erlendum uppruna.

Stefna

Markmið

- Bolungarvík verði fjölskylduvænt samfélag
- Bolungarvík verði bær með aðgengi fyrir alla
- Frumkvæði og kraftur einkenni fjölmenningsamfélag framtíðarinnar

Styrkur Bolungarvíkur er það samfélag sem þar dafnar og sá félagsauður sem í því felst. Stærstu verðmætin felast í traustum fjölskylduböndum, vináttu og sameiginlegum sigrum samfélagsins.

Í samkeppni sveitarfélaga um fólk og fyrirtæki er mikilvægt að viðhalda og efla samfélagslega auðlegð Bolvíkinga. Mikilvægt er að styrkja þær stöðir sem stuðla að fjölskylduvænu samfélagi og skapa þannig góð skilyrði fyrir fjölskyldusamveru. Smæð samfélagsins, samvinna og félagsleg nálægð íbúa, óháð aldri, færni eða uppruna, eru þar lykilatriði.

Bolungarvík er fjölmenningsleg samfélag en þar býr og starfar fjöldi fólks af erlendum uppruna. Mikilvægt er að efla tengsl nýrra íbúa við samfélagið. Jafnframt ber að leggja áherslu á þátttöku almennings í tengslum við stefnumótun og ákvarðanir í bæjarfélagi, enda stuðlar slíkt að eflingu félagsauðs. Ríkulegur félagsauður hefur jákvæð áhrif á hegðun fólks og viðheldur heilbrigði og hamingju í samfélaginu.

Um nokkurt skeið hefur heilsueflingarverkefnið Heilsuþæringin verið í gangi í Bolungarvík. Markmið verkefnisins eru m.a. forvarnir og að vekja almenning til ábyrgðar á eigin heilsu og hvetja til heilbrigðra lífshátta. Aðalskipulagið leggur áherslu á að öll uppbygging í samfélaginu taki mið af markmiðum verkefnisins um heilbrigða lífshætti.

Mikilvægt er að viðhalda og efla þjónustu á félags- og heilbrigðissviði, þannig að Bolvíkingar geti áfram notið góðrar og persónulegrar þjónustu. Gert er ráð fyrir fjölgun íbúða fyrir aldraða í Árborg (Hvíta húsinu) en jafnframt er lögð áhersla á heimaþjónustu, þannig að fólk geti búið sem lengst í heimahúsi við sem eðlilegastar aðstæður. Með því móti er komið betur til móts við þarfir hvers og eins, auk þess sem þörf fyrir sérhæfðar íbúðir minnkar.

Staðsetning Hvíta hússins er heppileg, bæði með tilliti til líðanar íbúa þess og fyrir uppbyggingu miðbæjarins, sbr. kafla 7.4.2 Miðsvæði. Starfsemi sem þessi færir daglega umferð til svæðisins sem er einn af grundvöllum þess að miðbær dafni. Það er ekki síður mikilvægt að íbúar á heimilum sem þessu geti fylgst með daglegum athöfnum í bænum, séð fólk við leik og störf.

Umhverfið hefur talsverð áhrif á líkamlega og andlega heilsu íbúa og dvalargesta stofnana. Þetta á bæði við um útsýni sem og beinan aðgang að svæðum utandyra. Þess vegna er lögð er áhersla á að umhverfi stofnana verði hannað með þarfir notenda þeirra í huga og að jafnframt verði hugað að útsýni frá vistarverum þeirra. Sérstök áhersla skal lögð á notkun náttúrulegra efna, eins og trjá- og blómgróðurs, dýralífs og vatnsyfirborðs. Jafnframt skal reynt að tryggja útsýni til sjávar, fjalla, gróðursvæða, sem og útsýni yfir svæði þar sem búast má við fólki við leik og störf. Mikil kostur er ef stofnanagarður dregur einnig að sér gesti og blómlegt mannlíf.

Tryggja skal möguleika allra til fullrar þátttöku í samfélaginu, óháð aldri, kyni, færni eða uppruna. Stefnt er að því að Bolungarvík verði bær með aðgengi fyrir alla. Forðast skal, eins og kostur er, aðgreiningu aðgengis eftir færni einstaklinga en miða heldur lausnir við að allir geti nýtt sér aðalinngang og megingönguleiðir. Öll þjónusta sem veitt er af sveitarfélaginu skal vera aðgengileg fyrir alla. Ávallt skal hugað að aðgengi fyrir alla við hönnun nýbygginga, útisvæða og internetþjónustu. Lögð er áhersla á að aðgengi verði einnig bætt í eldri byggingum þar sem þjónusta er veitt. Huga ber þó að verndargildi eldri bygginga á svæðinu og miða lausnir við að gildi þeirra skerðist ekki. Lagt er til að sérstök nefnd á vegum sveitarfélagsins tryggi að nýframkvæmdir og breytingar á eldra húsnæði samræmist þessari stefnu.

Tafla 9.5 Viðbragðs- og heilbrigðisstofnanir

<p>Svæði M1 - Sýslumaður og bæjarskrifstofur</p> <p>M1 - Björgunarsveit M1 - Slökkvilið</p>	<p>Ákvæði Svigrúm til uppbyggingar og viðhalds. Aðgengi skal vera fyrir alla.</p>
<p>Svæði Þ2 - Heilsugæsla</p> <p>M1 - Sjúkrahús</p>	<p>Ákvæði Hugað skal sérstaklega að aðlögun bygginga að aðliggjandi byggð, útivistarsvæðum á lóð og útsýni frá vistarverum. Aðgengi skal vera fyrir alla.</p>
<p>Svæði M1 - Árborg - íbúðir fyrir aldraða og sjúkraþjálfun</p>	<p>Ákvæði Svigrúm til stækkunar húsnæðis og fjölgunar íbúða. Hugað skal sérstaklega að aðlögun byggingar að aðliggjandi byggð, útivistarsvæðum á lóð og útsýni frá vistarverum. Aðgengi skal vera fyrir alla.</p>

10 Opin svæði og útivist

Hér er fjallað um almenna útivist, leiksvæði, íþróttir og önnur græn svæði. Einnig er fjallað um útivist á óbyggðum svæðum.

Útivist af ýmsum toga hefur almennt aukist á Íslandi, einkum síðustu ár. Fjölbreytnin hefur aukist jafnt og þétt en einnig er um tiskusveiflur að ræða. Áhugi á útivist tengist m.a. breytingum á viðhorfi og breyttum lífsgildum þar sem horft er til heilsu.

Möguleikar til útivistar eru góðir í Bolungarvík, vegna fjölbreytileika í náttúru- og búsetulandslagi. Sveitarfélagið er ekki víðfeðmt en innan þess eru aðgengilegar sandfjörur, ár, stöðuvatn, góð berjalönd, fjöll og heiðar; allt í göngufæri frá þéttbýlinu. Að auki eru sveitabýli í mikilli nálægð við þéttbýlið, en þau setja svip sinn á landslagið í Víkinni og auka fjölbreytileikann. Í Skálavík er vinsælt útivistarsvæði en byggð hefur lagst þar af.

Um nokkurt skeið hefur heilsuefingarverkefnið Heilsuþæringin verið í gangi í Bolungarvík. Markmið verkefnisins eru m.a. forvarnir og að vekja almenning til ábyrgðar á eigin heilsu og hvetja til heilbrigðra lífshátta, t.d. með aukinni hreyfingu.

Íþróttasvæði er suður af Hóli og í Syðridal er níu holu golfvöllur. Skíðalyfta er í Traðarhyrnu við innri enda snjóflóðagarðs. Skíðalyftan er líklega, skv. álitu Veðurstofu Íslands, á snjóflóðahættusvæði C. Skv. reglugerð nr. 636 / 2009 flokkast skíðasvæðið sem lítið og því ber rekstraraðilum að gera áætlun um daglegt eftirlit vegna snjóflóða. Jafnframt er stutt í öflugt Skíðasvæði í Tungudal í Skutulsfirði. Sjá nánari umfjöllun í kafla 3.2 um ofanflóð. Hestúshverfi er undir Erninum austanverðum. Skv. hættumati er Hestúshverfið allt innan snjóflóðahættusvæðis C. Þar hafa margsinnis fallið snjóflóð sem hafa stundum valdið tjóni. Staðsetningin takmarkar aðgengi að svæðinu yfir vetrartímamann.

Leiksvæði er á horni Höfðastígs og Aðalstrætis en það þarfnast lagfæringa. Skógræktarsvæði er neðan Þjóðólfsvegur og er unnið að gerð skokkstígs milli þess og íþróttamiðstöðvarinnar. Unnið er að gerð útivistarsvæðis á og við snjóflóðagarðinn undir Traðarhyrnu. Vísar að skjúðgördum eru beggja vegna Aðalstrætis, austan Vitastígs.

Stefna

Markmið

- Uppbygging útivistarsvæða stuðli að heilsuefningu í anda Heilsuþæringarinnar
- Aðgengi verði fyrir alla að íþrótt- og útivistarsvæðum bæjarinnar
- Aðstaða verði bætt á leiksvæðum og þeim fjölgað
- Tryggja varðveislu náttúrunnar sem útivistarsvæðis
- Tryggja möguleika almennings til að fylgjast með atvinnulífinu

Aðalskipulagið leggur áherslu á að öll uppbygging í samfélaginu taki mið af markmiðum verkefnisins um heilbrigða lífshætti. Áhersla skal lögð á að aðgengi verði fyrir alla að útivistarsvæðum, þar sem því verður við komið.

Gert er ráð fyrir tveimur aðalleiksvæðum, þ.e. núverandi leiksvæði á horni Höfðastígs og Aðalstrætis og lóð leikskólans Gláðheima. Allar íbúðir í þéttbýli verða þá í innan við 500 m frá aðalleiksvæði. Að auki er gert ráð fyrir minni nærleiksvæðum sem skulu vera innan við 200 m fjarlægð frá íbúðum. Nærleiksvæði eru almennt ekki sýnd á uppdrætti. Núverandi leiksvæði



Við Hólsá (reynirsk.smugmug.com).

skulu endurbætt og opin svæði í eldri íbúðarhverfum nýtt sem leiksvæði. Lögd er áhersla á að leiksvæði barna hvetji til útivistar og hollrar hreyfingar og miða ber að því að svæðin nýtist öllum íbúum hverfisins til samveru. Mikilvægt er að varðveita náttúrulegt landslag og nýta náttúruleg leiktæki eins og kostur er. Huga skal að öruggum aðkomuleiðum að leiksvæðum og ávallt skal miða við aðgengi fyrir alla.

Lögd er áhersla á að bæta og fjölga göngu- og hjólaleiðum, þannig að þær hvetji til útivistar en verði jafnframt raunhæfur valkostur sem samgönguleið, sbr. kafla 12.1 Göngu- og hjólaleiðir. Við varnargarðinn undir Traðarhrynu verður útivistarsvæði, í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Skíðalyftan í Traðarhrynu verður nýtt eftir því sem aðstæður leyfa og í samræmi við reglugerð 636 / 2009 um hættumat vegna snjóflóða á skíðasvæðum. Bolungarvíkurkaupstaður mun m.a. gera áætlun um daglegt eftirlit vegna ofanflóða. Sjá nánari umfjöllun í kafla 3.2 um ofanflóð.

Varðveita skal náttúru þeirra svæða sem henta vel til útivistar. Á meðal þessara svæða eru Hólsá innan þéttbýlis og nánasta umhverfi hennar, Morðingjamýri, sandfjaran milli Ósvarar og þéttbýlisins, fjörur í Skálavík, Ósá og Skálavíkurá, Syðridalsvatn og góð berjalönd. Uppbygging á slíkum svæðum skal miðast við að skerða ekki gæði þeirra, en huga skal að aðgengi fyrir alla þar sem það er kostur.

Grunnatvinnuvegir eins og sjávarútvegur og landbúnaður eru mikilvægir þættir í umhverfi íbúa í Bolungarvík. Ásamt náttúrunni skapar nálægð atvinnuveganna við íbúðarbyggð sérstöðu og auðgar útivistarmöguleika í sveitarfélaginu. Aðalskipulagið leggur áherslu á að varðveita þessa sérstöðu og tryggja að íbúar og gestir geti áfram fylgst með atvinnulífi bæjarins. Það verður gert með góðu aðgengi gangandi vegfarenda um hafnarsvæðin og sveitina, sbr. kafla 12.1 Göngu- og hjólaleiðir.

Nægt landrými er fyrir íþróttamannvirki á núverandi íþróttasvæði sunnan þéttbýlisins. Gert er ráð fyrir möguleikum til að bæta aðstöðuna þar og byggja upp öflugt íþróttasvæði með

viðeigandi mannvirkjum, s.s. áhorfendapalla eða hús með aðstöðu fyrir knattspyrnuíðkun. Lögð er áhersla á að bæta göngutengingu milli þéttbýlisins og íþróttasvæðisins og tryggja aðgengi fyrir alla að mannvirkjum, sbr. kafla 12.1 Göngu- og hjólaleiðir.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu golfvallar á núverandi stað, með möguleikum á stækkun innan svæðis sem skilgreint er til sérstakra nota. Tryggja ber að golfiðkun hafi ekki neikvæð áhrif á aðra landnotkun, svo sem landbúnað, hestamennsku eða aðra útivist á svæðinu.

Hesthúsabyggðin verður flutt af snjóflóðahættusvæði C og yfir á öruggara svæði. Skoðaðir voru fjórir staðir fyrir staðsetningu hesthúsa. Annars vegar voru metnir kostir og gallar þess að færa hesthúsin utar, norðaustur fyrir núverandi svæði og hins vegar að færa húsin innar, suður fyrir golfvöllinn austan Syðridalsvegur. Skv. niðurstöðum umhverfismats, sbr. viðauka þessarar greinargerðar og umsögn Veðurstofu Íslands um snjóflóðahættu á þessum svæðum, verður hesthúsabyggðin færð utar, á svæði merkt Ú10 á skipulagsupprætti. Þar verður jafnframt rými fyrir annars konar frístundabúskap. Skv. umsögn Veðurstofunnar verða snjóflóð sjaldgæfari og minni eftir því sem nær dregur öxl Ernís. Til er hættumat af þessu svæði frá árinu 1997 og sýnir það línu sem er sambærileg við B-línu. Aðalskipulagið gerir því ráð fyrir uppbyggingu hesthúsa neðan þessarar línu. Önnur mannvirki, m.a. skeiðvöllur og gerði, verða áfram nýtt á núverandi stað. Huga ber uppbyggingu í samræmi við hættumat, þegar það liggur fyrir. Þess skal gætt að uppbygging hesthúsa og tengdra mannvirkja þrengi ekki að golfi og annari útivist á svæðunum sem eru til umræðu. Huga ber að nálægð hesthúsahverfisins við önnur útivistarsvæði og ásýnd þess gagnvart aðkomu að bænum. Mikilvægt er fyrir ásýnd bæjarins að hesthúsahverfið sé snyrtilegt. Fjallað er um reiðleiðir í kafla 12.2.

Í Tungudal er gert ráð fyrir svæði fyrir akstursíþróttir. Þar hefur verið efnistaka og er svæðið því talsvert raskað nú þegar. Mikilvægt er að lágmarka hagsmunaárekstra sem geta skapast á milli þeirra sem nýta þetta svæði. Sérstaklega skal huga að nálægð við landbúnaðarsvæði og haga nýtingu þannig að hún hafi ekki neikvæð áhrif á búsetu eða búrekstur.

Tafla 10.1 Opin svæði og útivist

<p>Svæði Ú5 - Íþróttasvæði sunnan Hóls / 6 ha. Hluti af stærra svæði.</p>	<p>Ákvæði Svigrúm til stækkunar og frekari uppbyggingar íþróttamannvirkja í sátt við landslag svæðisins. Meta þarf hættu vegna ofanflóða komi til byggingar íþróttahúss.</p>
<p>Svæði Ú2 - Golfvöllur í Syðridal. Hluti af stærra svæði.</p>	<p>Ákvæði Svigrúm til stækkunar og frekari uppbyggingar í sátt við náttúru svæðisins sem og önnur útivistarsvæði. Svæðið liggur beggja vegna Syðridalsvegur en stækkunarmöguleikar eru meðfram þjóðveginum í átt að þéttbýlinu.</p>
<p>Svæði Ú6 - Skíðasvæði / 7 ha. Hluti af stærra svæði.</p>	<p>Ákvæði Nýting í samræmi við hættumat vegna ofanflóða.</p>
<p>Svæði M1 - Leiksvæði við Höfðastíg. Aðalleiksvæði. Hluti af stærra svæði. Þ1 - Leiksvæði milli Hlíðarstrætis og Hjallastrætis. Aðalleiksvæði / 0,4 ha.</p>	<p>Ákvæði Svigrúm til endurbóta. Leiksvæði hvetji til útivistar og hollrar hreyfingar. Miða ber að því að svæðin nýtist öllum íbúum hverfisins til samveru. Aðkomuleiðir skulu vera öruggar og ávallt skal miða við aðgengi fyrir alla. Varðveita náttúrulegt landslag og nýta náttúruleg leiktæki eins og kostur er.</p>

Tafla 10.1 Opín svæði og útivist - Framhald.

<p>Svæði Nær leiksvæði í íbúðarhverfum.</p>	<p>Ákvæði Leiksvæði skulu höfða til fjölbreytts hóps notenda og hvetja til útivistar og hollrar hreyfingar. Aðkomuleiðir skulu vera öruggar og ávallt skal miða við aðgengi fyrir alla. Varðveita skal náttúrulegt landslag og nýta náttúruleg leiktæki eins og kostur er.</p>
<p>Svæði Ú7 - Útivistar- og skógræktarsvæði neðan Þjóðólfsvegur / 3,7 ha. Ú8 - Útivistarsvæði undir Traðarhyrnu. Hluti af stærra svæði. Sjá einnig töflu 3.2</p>	<p>Ákvæði Skipulögð útivistarsvæði í sátt við náttúruna og í samræmi við gildandi deiliskipulag. Huga skal að aðgengi fyrir alla.</p>
<p>Svæði B1 - Skálavík / 340 ha. Blönduð landnotkun: Frístundabyggð og opið svæði til sérstakra nota. Hluti svæðisins er innan hverfisverndarsvæðis H2.</p>	<p>Ákvæði Svigrúm til uppbyggingar útivistarsvæða í sátt við náttúru og búsetulandslag. Heimilt er að nýta núverandi byggingar og mannvirki til að bæta aðgengi að svæðinu og auka útivistarmöguleika þar, s.s. með veitingasölu, gistingu eða miðlun sögu svæðisins. Gera skal staðbundið hættumat vegna uppbyggingar frístundabyggðar og skal öll uppbygging taka mið af því. Sjá nánar í kafla 3.2 Ofanflóð og 7.5.3 Frístundabyggð. Hluti svæðisins er innan hverfisverndarsvæðis og ber að taka mið af ákvæðum hennar á því svæði. Sjá einnig töflur 7.9 Svæði fyrir frístundabyggð, 7.11 Hverfisvernd í dreifbýli og 8.4 Landnotkun m.t.t. ferðapjónustu.</p>
<p>Svæði Ú9 - Skeiðvöllur hestamanna / 4 ha. Við Erninn, vestan Syðridalsvegur. Hættumatssvæði C.</p>	<p>Ákvæði Svigrúm til endurbóta og uppbyggingar mannvirkja sem ekki eru í stöðugri notkun s.s. skeiðvöllur og gerði. Huga ber að nálægð svæðisins við önnur útivistarsvæði.</p>
<p>Svæði Ú1 - Hóll. Hluti af stærra svæði. Innan hverfisverndarsvæðis H3.</p>	<p>Ákvæði Svigrúm til uppbyggingar sem er í sátt við sögu svæðisins og gerir hana sýnilega. Tryggja skal að hugsanlegar fornminjar spillist ekki.</p>
<p>Svæði Ú10 - Hesthúsahverfi og annar frístundabúskapur við Erninn, vestan Syðridalsvegur / 6 ha.</p>	<p>Ákvæði Svigrúm til uppbyggingar fyrir frístundabúskap. Miða skal að því að ásýnd hverfisins hafi jákvæð áhrif á ímynd sveitarfélagsins. Huga ber uppbyggingu í samræmi við hættumat vegna ofanflóða.</p>
<p>Svæði Ú11 - Svæði fyrir akstursíþróttir. Tungudalur / 4,9 ha.</p>	<p>Ákvæði Svigrúm til uppbyggingar aðstöðu fyrir akstursíþróttir í sátt við náttúru og landslag svæðisins. Við uppbyggingu ber að huga sérstaklega að nálægð svæðisins við landbúnaðarsvæði. Huga ber nýtingu svæðisins þannig að hún hafi ekki neikvæð áhrif á búsetu eða búrekstur.</p>

innviðir

Í þessum hluta er fjallað um innviði sveitarfélagsins: Veitur, sorp og samgöngur, þ.e. göngu- og reiðleiðir, vegi, gatnakerfi, almenningssamgöngur, hafnir og flugvelli.



11 Veitur og sorp

Í þessum kafla er fjallað um meðhöndlun á sorpi og veitur, þ.e. vatnsveitu, hitaveitu, fráveitu, rafveitu og fjarskipti.

11.1 Sorp

Sorpförgunarsvæði eru svæði þar sem fram fer, eða fyrirhuguð er, förgun á sorpi og öðrum úrgangi, s.s. urðun eða brennsla. Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir staðsetningu og stærð svæðanna, áhrifum á aðra landnotkun og öðru sem þurfa þykir. Íbúðir eru ekki heimilar á sorpförgunarsvæðum.

Förgunarstöðvar þar sem spilliefni eru brennd, meðhöndluð með efnum eða urðuð, sem og aðrar förgunarstöðvar úrgangs sem meðhöndla meira en 500 tonn af úrgangi á ári, eru ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum. Förgunarstöðvar þar sem úrgangur er brenndur, meðhöndlaður með efnum eða urðaður, endurvinnslustöðvar og geymsla brotajárns sem er að magni 1500 tonn á ári eða meira eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar, sem úrskurðar hvort þörf sé á umhverfismati.

Samkvæmt reglugerð 737 / 2003, um meðhöndlun úrgangs, er úrgangur flokkaður í heimilisúrgang og rekstrarúrgang. Áætlað er að á Íslandi sé um 30% úrgangs heimilisúrgangur og 70% rekstrarúrgangur. Magn úrgangs í vestrænum ríkjum á hvern íbúa hefur aukist mikið í seinni tíð vegna breyttra lífshátta og fólksfjölgunar. Magn úrgangs sem fellur til á Íslandi hefur aukist hraðar en endurnýting, sem þó tvöfaldaðist á tímabilinu 1994-2004. Gerðar eru strangari kröfur en áður um meðhöndlun úrgangs. Meðhöndlun úrgangs er nú starfsleyfisskyldur atvinnurekstur og stefna íslenskra stjórnvalda er að minnka magn lífræns úrgangs sem berst til urðunarstaða, sbr. töflu 11.1.

Umhverfisstofnun hefur gefið út almenna áætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir tímabilið 2004-2016. Áætlunin gildir fyrir allt landið og byggir á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55 / 2003, reglugerðar nr. 737 / 2003 auk fleiri laga og reglugerða sem snerta málefnið, þ.á.m.:

- Lög nr. 162 / 2002 um úrvinnslugjald
- Lög nr. 7 / 1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir
- Lög nr. 52 / 1988 um eiturefni og hættuleg efni
- Reglugerð nr. 738 / 2003 um urðun úrgangs
- Reglugerð nr. 739 / 2003 um brennslu úrgangs
- Reglugerð nr. 184 / 2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang
- Reglugerð nr. 806 / 1999 um spilliefni
- Reglugerð nr. 609 / 1996 um umbúðir og umbúðaúrgang
- Reglugerð nr. 660 / 2000 um meðferð og nýtingu á sláturúrgangi og dýraúrgangi
- Reglugerð nr. 799 / 1999 um meðhöndlun seyru
- Reglugerð nr. 809 / 1999 um olíuúrgang
- Reglugerð nr. 785 / 1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun
- Reglugerð nr. 786 / 1999 um mengunarvarnareftirlit
- Reglugerð nr. 531 / 2003 um úrvinnslugjald

Landsáætluninni er ætlað að leiða til ábyrgari meðhöndlunar úrgangs, draga úr hættu á mengun

umhverfis og sóunar á verðmætum og landrymi til urðunar. Henni er jafnframt ætlað að vera sveitarstjórnnum til leiðbeiningar um gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs. Í landsáætluninni er tekið mið af mengunarbótareglunni, þ.e. gert ráð fyrir því að úrgangshafi greiði fyrir meðhöndlun úrgangs. Samkvæmt áætluninni verður markmiðum hennar náð með því að draga úr myndun úrgangs, með endurnotkun, endurnýtingu og endanlegri förgun, m.a. með aukinni endurnýtingu lífræns úrgangs, umbúðaúrgangs og raftækjaúrgangs, sbr. töflu 11.1. Í áætluninni kemur fram að fljótandi úrgangur er óheimilt að urða og þarf að finna farveg fyrir hann.

Í svæðisáætlun ber sveitarstjórn að gera grein fyrir hvernig hún hyggst ná markmiðum landsáætlunar. Unnið er að svæðisáætlun fyrir Vestfirði. Niðurstöður áætlunarinnar verða færðar inn í aðalskipulagið eins og þurfa þykir.

Tafla 11.1. Markmið um minnkun á úrgangi samkvæmt reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Ákvæði	1. janúar 2009	1. júlí 2013	1. janúar 2015	1. júlí 2020
Minnkun á lífrænum heimilisúrgangi sem berst til urðunarstaða miðað við þann úrgang sem féll til árið 1995.	75%	50%		35%
Minnkun á öðrum lífrænum úrgangi sem berst til urðunarstaða, svo sem lífrænum rekstrarúrgangi, miðað við þann úrgang sem féll til árið 1995.	75%	50%		35%
Lágmark endurnotkunar og endurnýtingar allra úr sér genginna ökutækja / lágmark endurnotkunar og endurvinnslu af meðalþyngd ökutækis.			95/85%	
Lágmarksmeðhöndlun af raftækjum á hvern íbúa á viðeigandi hátt.	4 kg			

Sorp er flokkað í brennanlegt sorp, óbrennanlegt sorp, timbur, brotajárn, spilliefni, hjólbarða og spilliefni. Óbrennanlegt sorp er urðað við Hól en brennanlegt sorp er meðhöndlað í sorpbrennslustöðinni Funa í Engidal í Ísafjarðarbæ. Spilliefnum er eytt í Reykjavík. Blöð, fernur og fleira þ.h. er ekki endurunnið og lífrænn úrgangur hefur ekki verið flokkaður til jarðgerðar.

Um 470 tonn af úrgangi falla til árlega í sveitarfélaginu, þar af eru um 180 tonn af óbrennanlegum úrgangi sem ýmist er urðaður eða endurunnin. Talið er að um 35% úrgangsins sem kemur til sorpbrennslu sé lífrænn en þá er ekki talinn með annar lífrænn úrgangur, eins og ónýtar heyrúllur. Um 290 tonnum af brennanlegu sorpi er brennt í Funa. Funa var tekinn í notkun árið 1994 og nú er allt brennanlegt sorp frá Ísafjarðarbæ, Bolungarvík, Súðavík, Vesturbyggð og Tálknafirði brennt þar. Sorpbrennslan hefur starfsleyfi sem heimilar brennslu á allt að 1 tonn/klst. af brennanlegum úrgangi. Starfsleyfið var gefið út í febrúar 2007 og gildir til 1. okt. 2018. Líftími sorpbrennslustöðvarinnar er áætlaður 25 ár og þarf mikla endurnýjun á búnaði hennar innan fárra ára. Í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 er gert ráð fyrir áframhaldandi rekstri Funa.

Urðunarstaður í landi Hóls hefur starfsleyfi þar sem heimilt er að urða allt að 500 tonn af óvirkum úrgangi á ári. Starfsleyfið var gefið út í maí 2006 og gildir til 1. júlí 2018. Urðunarstaðurinn er umdeildur vegna nálægðar við Hólsá og margvíslega starfsemi, m.a. Hólskirkju, sem er friðuð, kirkjugarð og Grunnskóla Bolungarvíkur. Í nágrenninu er auk þess að finna fornminjar, sbr. kafla 4.1 Náttúruminjar.

Sorpgámar eru staðsettir við áhaldahús Bolungarvíkur en þar er tekið á móti öllum úrgangi. Sveitarfélagið sér um sorphirðu við hús í öllu þéttbýli, en íbúar í dreifbýli skila sorpi í gámastöðina við áhaldahúsið.

Í forathugun vegna sorpeyðingar árið 1990 var skoðuð hagkvæmni sorpurðunar og sorpbrennslu, auk mögulegrar staðsetningar fyrir urðun. Svæðin, sem helst voru talin koma til greina, voru Arnardalur, Bolungarvík og Önundarfjörður. Í kjölfarið var gert frummat á umhverfisáhrifum urðunarstaðar við Klofning í Önundarfirði en svæðið hafði verið nýtt sem slíkt til margra ára. Skipulagsstjóri ríkisins

úrskurðaði um matið 9. október 1995. Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir því að svæðið við Klofning nýttist til 80-100 ára en starfsleyfið gildir aðeins fyrir fyrsta áfanga sem er 10.000 m² svæði.

Í umhverfismati aðalskipulagsins, í viðauka, eru skoðaðir mismunandi valkostir m.t.t. meðhöndlunar á óbrennanlegu sorpi í sveitarfélaginu.

Stefna

Markmið

- Fyrirkomulag sorpmála verði til fyrirmyndar og í sátt við íbúa sveitarfélagsins
- Öll umgengni um sorpförgunarsvæði og ásýnd þeirra verði til fyrirmyndar
- Meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óeskilegum áhrifum á umhverfið og mengi ekki vatn, jarðveg eða andrúmsloft
- Dregið verði úr myndun úrgangs og þeirri hættu sem förgun úrgangs getur haft á heilsu manna og dýra þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma
- Stuðlað verði að endurnýtingu úrgangs
- Tryggt verði að spilliefni berist ekki út í umhverfið

Mikilvægt er að sorpmál verði til fyrirmyndar í sveitarfélaginu og stuðli þannig að öryggi og heilbrigði íbúa og gesta. Sorpmál geta einnig haft mikil áhrif á ímynd sveitarfélagsins og þar af leiðandi áhrif á samkeppnishæfni fyrirtækja og stofnana en einnig val fólks um búsetu.

Áfram er gert ráð fyrir brennslu sorps í Funa í samvinnu við Ísafjarðarbæ. Gert er ráð fyrir urðun á óvirkum úrgangi við Hól á fyrri hluta skipulagstímabilsins en stefnt að því að loka urðunarstaðnum í kjölfar svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs, sem þegar er hafin vinna við í samstarfi við nágrannasveitarfélögin. Urðun við Hól skal vera í samræmi við starfsleyfi og miða að því að lágmarka neikvæð áhrif eins mikið og mögulegt er. Sérstaklega skal þess gætt að fornminjum í nágrenninu verði ekki raskað. Jafnframt skal áhersla lögð á að allir móttökustaðir fyrir sorp, þ.m.t. gámasvæði, verði afgirtir þannig að sjónmengun verði í lágmarki, sbr. kafla 8.7 lðnaðar- og athafnasvæði. Gert er ráð fyrir íbúðarsvæði, Í2, á umræddum stað, sbr. kafla 7.4 Byggð í þéttbýli.

Leitað skal leiða til að draga úr myndun úrgangs í sveitarfélaginu, m.a. með endurnotkun og endurnýtingu. Fyrirtæki og stofnanir verða einnig hvött til aðgerða og áætlana sem stuðla að minna umfangi sorps.

Verulega þarf að bæta úr fræðslu íbúa og forsvarsmanna fyrirtækja, varðandi flokkun sorps og umgengni og bæta þarf aðstöðu þeirra til flokkunar, bæði heima og á móttökustað. Mikilvægt er að brennanlegt sorp, spilliefni og sorp sem mögulegt er að endurvinna, endi ekki á urðunarstað.

Gera skal svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, þar sem leiðir að markmiðum aðalskipulagsins verða útfærðar nánar, m.a. varðandi endurnotkun, endurnýtingu og kosti og galla þess að jarðgera lífrænan úrgang frá sjávarútvegi, landbúnaði og heimilum og nýta hann sem jarðvegsbæti.

Tafla 11.2 Sorpförgunarsvæði.

Svæði	Ákvæði
Sjá E4 - Urðunarstaður við Hól Urðun á allt að 500 t af óvirkum úrgangi á ári	Svæðið nýtt fyrst um sinn en urðun hætt á skipulagstímabilinu í samræmi við niðurstöður svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs. Nýting svæðisins verði í samræmi við gildandi starfsleyfi. Áhersla lögð á vandaðan frágang og snyrtilega umgengni vegna nálægðar við þéttbýli, útivistarsvæði, fornminjar og þjóðminjaverndarsvæði.

11.2 Veitur

Til veitna teljast stofn- og dreifikerfi veitna, s.s. vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskipti og fráveita. Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum stofnkerfum veitna, þ.e. flutningskerfi, frá upptökum að dreifikerfi.

Vísað er til kafla 4.2 Skógrækt, kafla 7.5.3 Frístundabyggð og kafla 8.4 Landbúnaður varðandi lágmarksfjarlægð framkvæmdasvæða frá veitulögnum. Ákvörðun byggingarbanns háspennulína er skv. stöðlum ÍST EN 50341-1:2001 og EN 50341-3-12:2001 og ákvarðast í hverju tilviki fyrir sig eftir kennistærðum línunnar. Gildir sú ákvörðun ef fjarlægð skal vera meiri en tilgreind er í ofangreindum köflum. Dæmigerð breidd byggingarbanns við 66 kV háspennulínu er 25 m og 35-45 m fyrir 132 kV línu. Um jarðstrengi gildir að ekki má grafa eða byggja innan eins og hálfes metra fjarlægðar frá ysta streng. Fyrirvari er gerður um legu veitulagna á uppdrætti vegna skorts á upplýsingum.

11.2.1 Vatnsveita, hitaveita og fráveita

Neysluvatn fyrir Bolungarvík kemur úr Hlíðardal og hefur vatnsverndarsvæði verið skilgreint sbr. kafla 5. Vatn, loft og hljóð. Dæluhús eru í Hlíðardal og Tungudal. Neysluvatnið er hreinsað með geislun en ómeðhöndlað stenst vatnið ekki gæðakröfur. Minni einkaveitur eru fyrir stök býli í dreifbýli. Vatnsleiðslur sem eru 10 km eða lengri og eru grafnar í jörðu eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar sem úrskurðar hvort þörf sé á umhverfismati.

Upphitun húsnæðis og neysluvatnsnotkun í Bolungarvík á sér stað með endurnýjanlegum orkugjöfum að stærstum hluta. Um er að ræða beina rafhitun í viðkomandi húsi eða rafkynta hitaveitu sem saman stendur af kyndi- og dælustöð og hitaveitudreifikerfi til notenda. Rafkatlar hita vatnið í kyndistöðinni og olíukatlar sem varaafli. Orkusala til notenda með hitaveitu, þ.e. fyrir húshitun, iðnað, þjónustu o.s.frv., var 10,9 GWh á árinu 2008. Rafhitun, sem er að mestu nýtt til íbúðarhitunar, var 5,8 GWh á sama ári. Orkunotkun á heitu vatni samsvaraði því 16,7 GWh á árinu 2008. Olíukatlar eru notaðir sem varaafli fyrir rafkatla þegar raforkuskortur er.

Líkur eru á að finna megi jarðhita, allt að 60°C, í botni Syðridals í landi Gils. Á síðustu árum hefur verið leitað að nýtanlegum jarðhita nær þéttbýlinu og virðist nú nokkuð ljóst að hann er ekki að finna þar. Frekari jarðhitaleit mun fela í sér borun á svokölluðum hitastigulsholum, m.a. í nágrenni við stöðvarhús Reiðhjallavirkjunar. Ekki hafa þó verið teknar ákvarðanir varðandi frekari jarðhitaleit.

Flutningskerfi fyrir heitt vatn, sem er 10 km eða lengra, er tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar sem úrskurðar hvort þörf sé á umhverfismati.

Um fráveitu gildir reglugerð nr. 798 / 1999 um fráveitur og skólþ. Hún hefur það markmið að vernda almenning og umhverfið gegn mengun af völdum skólþs, en einnig að koma á samræmdri og kerfisbundinni söfnun, meðhöndlun og hreinsun skólþs frá íbúðarbyggð og tilteknum atvinnurekstri.

Með fráveitu frá íbúðabyggð berast lífræn efni, næringarefni og gerlar í sjóinn. Frá iðnaði berast auk þess ýmis önnur efni, svo sem olíuefni, þungmálmur og þrávirk lífræn efni. Mengunaráhrif skólþs eru mjög háð hæfni viðtakans til að þynna eða eyða þeirri mengun sem berst í hann.

Útrásir fráveitu frá íbúðabyggð, iðnaði og annarri starfsemi liggja í sjó á beltum sem nær norður og suður fyrir hafnarmannvirkin. Skv. skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða um skólþmengun (Anton Helgason o.fl. 2002), reyndist mengun í viðtaki skólþs á svæðinu almennt vera innan viðmiðunarmarka fyrir útivistarsvæði, en þau mörk eru strangari en mörkin fyrir þaðstrendur landa í Evrópusambandinu. Nánast allur iðnaður á svæðinu er matvælaíðnaður, þannig að um mjög takmarkaða efnamengun er að ræða. Um 90% af lífrænum efnunum í skólþpi reyndist vera frá iðnaði og aðeins 10% frá heimilum. Niðurstöður framkvæmdaáætlunar um varnir gegn mengun sjávar, sýna einnig að hafið umhverfis Ísland er góður viðtaki og að með hreinsun má halda skólþmengun í lágmarki.

Stefna

Markmið

- Allir íbúar sveitarfélagsins sem og fyrirtæki eigi kost á nægu ómengdu, heilnæmu vatni til neyslu eða annarra nytja
- Gæðum einstakra vatnsbóla verði ekki spillt með framkvæmdum eða annarri umgengni

- Áhersla skal lögð á endurnýjanlega orkugjafa til húshitunar
- Fráveita sveitarfélagsins verði í samræmi við lög og reglugerðir
- Mengun vegna skólps við strendur sveitarfélagsins verði í algjöru lágmarki
- Mengun í ám og stöðuvötnum vegna skólps verði engin eða svo lítil að hún hafi ekki áhrif á vistkerfi, fiskgengd eða útivistargildi
- Tryggja skal að veitulagnir spilli ekki verðmætum náttúrusvæðum og að frágangur þeirra verði til fyrirmyndar

Lögð skal áhersla á það að viðhalda eða auka gæði þess neysluvatns sem afhent er í sveitarfélaginu. Ekki er gert ráð fyrir því að ráðist verði í almenna uppbyggingu á veitum utan þéttbýlis.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi rekstri og viðeigandi viðhaldi og uppbyggingu hitaveitu, eftir því sem þurfa þykir.

Áhersla skal lögð á góðar mengunarvarnir fyrir skólp frá iðnaði á svæðinu en með því næst viðunandi takmörkun á losun lífræns úrgangs í hafid. Hreinsun heimilisskólps skal miðast við grófhreinsun rusls sem veldur sjónmengun. Allt skólp frá þéttbýlinu skal leitt út fyrir höfnina, þar sem viðtakinn ræður vel við þá mengun sem þangað berst. Lögð er áhersla á það að skólpmengun hindri ekki möguleika hafna og strandsvæða til að hljóta Bláfánann, sbr. kafla 12.4 Hafnir. Gera skal úttekt á fráveitumálum í dreifbýlinu eins fljótt og kostur er og í framhaldinu áætlun um fyrirkomulag rotþróa. Gert er ráð fyrir því að öll frístundahús og heimili í dreifbýli ekki eru tengd fráveitukerfi, verði tengd viðurkenndri rotþró.

Mikilvægt er að veitulagnir falli vel að landslagi og verðmætum náttúrusvæðum verði hlíft eins og kostur er. Í öllum tilvikum skal gengið þannig frá að sem minnst ummerki verði á yfirborði landsins. Allt jarðrask skal lagað að aðliggjandi landslagi m.t.t. gróðurs, efnis og forms.

11.2.2 Rafveita

Tengivirki (aðveitustöð) er austan Ernis, sbr. kafla 8.7 iðnaðar- og athafnasvæði. Tvær flutningslínur liggja um sveitarfélagið, eins og sjá má á meðfylgjandi skipulagsupprætti.

Nánast allt rafmagn sem afhent er í sveitarfélaginu er frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Um 60 % orkunnar eru framleidd innan Vestfjarða. Hlutfall orku frá bændavirkjunum hefur aukist verulega síðustu ár og er nú um 9% af heildarorkuafhendingu Orkubús Vestfjarða.

Áreiðanleiki raforkuafhendingar er lægstur á Vestfjörðum af öllu landinu. Veðurskilyrði eru slæm og línur oft í töluverðri fjarlægð frá byggð og því vara truflanir oft lengi. Þetta á sérstaklega við um Mjólkár línu 1 en hún hefur um áttfalda bilanatíðni á við meðallínu í flutningskerfi landsins. Bolungarvíkurlína 1 er með óareiðanlegustu loftlínunum í öllu flutningskerfinu. Keyra þarf varaafsstöðvar á meðan viðgerðir standa yfir, en gera má ráð fyrir því að algjört rafmagnsleysi vari í allt að eina klst. Slíkt hefur í för með sér verulegan samfélagslegan kostnað. Þetta hefur talsverð neikvæð áhrif á rekstrarumhverfi fyrirtækja sem og mikil óþægindi fyrir einstaklinga. Ljóst er að óbreytt ástand hefur veruleg áhrif á möguleika til uppbyggingar atvinnulífs og nýsköpunar.

Landsnet og Orkubú Vestfjarða vinna nú að bættu afhendingaröryggi raforku til notenda á Vestfjörðum og hefur varnabúnaður 66 kV línu nýlega verið endurnýjaður. Í Raforkuspá 2008-2030 er búist við því að raforkunotkun á Vestfjörðum muni aukast um 6,4% til ársins 2020. Spáin miðast við þá þróun sem hefur verið undanfarin ár. Ekki er gert ráð fyrir nýjum atvinnuvegum eða verulegri fjölgun íbúa hér. Með álagi umfram raforkuspá minnkar afhendingaröryggi enn frekar og straumleysistímum fjölgar.

Loftlínur utan þéttbýlis, til flutnings á raforku með 66 kV spennu eða hærri, eru ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum. Það á einnig við um sæstrengi sem eru með 132 kV spennu eða hærri og eru 20 km eða lengri. Flutningskerfi raforku með jarðstrengjum, sem eru 10 km eða lengri og utan þéttbýlis, sæstrengir, og flutningur raforku með loftlínunum um verndarsvæði, eru tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar sem úrskurðar hvort þörf sé á umhverfismati.

Um virkjanir er fjallað í kafla 8.7 Iðnaðar- og athafnasvæði.

Stefna

Markmið

- Bæta afhendingaröryggi raforku og draga verulega úr straumleysi
- Hægt verði að mæta aukinni orkuþörf
- Bæta eyjarekstur og samnýta varaafli á svæðinu
- Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun verði sem hæst
- Stuðlað verði að aukinni orkunýtni
- Lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af nýlagningu lína

Algjört forgangsatriði er að bæta afhendingaröryggi raforku í sveitarfélaginu. Gert er ráð fyrir því að Bolungarvíkurlína 2 verði lögð í jarðstreng í gegnum jarðgöngin á milli Bolungarvíkur og Hnífsdals. Þannig minnkar álagið á Bolungarvíkurlínu 1 og jafnframt verður möguleiki á því að reka flutningskerfið sem tengir Ísafjörð, Breiðadal og Bolungarvík í hringtengingu og auka afhendingaröryggi.

Stefnt skal að því að raflínur verði lagðar í jörðu þar sem þess er kostur. Mikilvægt er að allar lagnir falli vel að landslagi og verðmætum náttúrusvæðum verði hlíft eins og kostur er. Æskilegt er að línur liggi meðfram vegum þar sem land er þegar raskað. Þá er mikilvægt að í öllum tilvikum verði gengið þannig frá að sem minnst ummerki verði á yfirborði landsins. Allt jarðrask skal lagað að aðliggjandi landslagi m.t.t. gróðurs, efnis og forma.

Innan helgunarsvæðis háspennulína er ekki heimilt að reisa mannvirki og ekki er gert ráð fyrir skipulagðri trjárækt innan þessa svæðis. Helgunarsvæði jarðstrengja eru ekki eins vel skilgreind en hvorki má grafa né byggja í minna en hálf metra fjarlægð sitt hvoru megin við ysta streng. Þetta fer þó eftir aðstæðum hverju sinni. Leitast skal við að hækka ekki yfirborð lands sem er undir háspennulínum, án þess að grípa til viðeigandi ráðstafana. Jafnframt skal forðast að háspennulínur og vegir þveri hvort annað. Tryggja skal aðgengi að línunum í lofti og jörð sem og möstrum eins og kostur er til að hægt sé að sinna viðhaldi.

Tafla 11.3 Stofnkerfi rafmagnsveitu.

Lína	Ákvæði
Bolungarvíkurlína 1 - 66 kV flutningslína, lengd 17,1 km. Liggur frá Breiðadal að tengivirki í Bolungarvík. Afar há truflanatiðni er á línunni.	Gert ráð fyrir því að línan verði lögð í jörðu þar sem kostur er. Ávallt skal leitast við að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið við framkvæmdir. Virða skal helgunarsvæði og tryggja aðgengi að línunum og möstrum vegna viðhalds.
Bolungarvíkurlína 2 - 66 kV flutningslína, lengd 16,5 km. Liggur frá Ísafirði að tengivirki í Bolungarvík. Línan er með elstu línunum í flutningskerfinu og er því ekki í daglegum rekstri.	Núverandi loftlína skal fjarlægð og nýr jarðstrengur lagður í Bolungarvíkurgöng. Leitast skal við að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af niðurrifi og nýlagningu utan ganga. Virða skal helgunarsvæði og tryggja aðgengi að línunum og möstrum vegna viðhalds.

11.2.3 Fjarskipti

Góðar fjarskiptatengingar eru mikilvægar fyrir eflingu svæðisins og í raun ein af grunnforsendum í uppbyggingu samfélagsins. Gott aðgengi að fjarskiptum er mikilvægt fyrir íbúa en hefur ekki síður mikil áhrif á rekstrarskilyrði fyrirtækja.

Fjarskiptasamband á Vestfjörðum hefur verið lakara en á mörgum öðrum landsvæðum. GSM-samband hefur verið stopult og afhendingaröryggi nettenginga verið óviðunandi. Líklegt er að þetta hafi haft neikvæð áhrif á samkeppnisstöðu sveitarfélagsins gagnvart uppbyggingu atvinnulífs, nýsköpun og

möguleikum til menntunar. Undanfarið hefur þó verið unnið talsvert í því að auka útbreiðslusvæði GSM-senda, þannig að samband er nú í nánast öllu sveitarfélaginu. Stjórnvöld vinna einnig að uppbyggingu háhraðatenginga.

Á Bolafjalli er ratsjár- og fjarskiptastöð sem heyrir undir utanríkisráðuneyti ásamt fjarskiptamöstrum. Stöðin var tekin í notkun árið 1992 og þangað lagður vegur. Tveir starfsmenn stöðvarinnar hafa fasta búsetu í Bolungarvík. Starfsemi ratsjár- og fjarskiptastöðvarinnar er veigamikill þáttur við framkvæmd þjóðréttarlegra skuldbindinga á sviði öryggis- og varnarmála. Jafnframt felast í starfsemi hennar mikilvægir hagsmunir vegna flugöryggis. Sjá nánar í Varnarmálalögum nr. 34/2008 og reglugerð um skipulags- og mannvirkjamál á öryggis- og varnarsvæðum, nr. 736/2008.

Stefna

Markmið

- Allir íbúar sveitarfélagsins hafi öruggan aðgang að fjarskiptum
- Öll heimili í sveitarfélaginu geti tengst háhraðaneti og notið þeirra möguleika sem boðið er upp á með slíkri tengingu
- Menntastofnanir verði tengdar öflugum háhraðaneti
- Fyrirtæki í öllu sveitarfélaginu geti treyst á örugga gagnaflutninga um háhraða nettengingu

Lögð skal áhersla á það að öll heimili og fyrirtæki í sveitarfélaginu verði tengd háhraðaneti sem fyrst. Til að tryggja örugga gagnaflutninga er mikilvægt að ljósleiðarinn verði hringtengdur um Vestfirði og að bandvídd verði í samræmi við þróunarmöguleika svæðisins. Við uppbyggingu fjarskipta á svæðinu skal miða við það að þjónusta verði til jafns við það sem best gerist á landinu.

Gert er ráð fyrir að á Bolafjalli verði áframhaldandi uppbygging á sviði fjarskiptamála, auk möguleika á ferðaþjónustu sbr. kafla 8.6 Ferðaþjónusta. Taka þarf tillit til starfsemi ratsjár- og fjarskiptastöðvarinnar á Bolafjalli við mannvirkjagerð og skipulagsbreytingar á nærsvæði stöðvarinnar. Leita ber umsagnar utanríkisráðuneytis vegna allrar mannvirkjagerðar og umferðar uppi á fjallinu.

Þegar veituframkvæmdir eru fyrirhugaðar er mikilvægt að skoðaðir verði möguleikar á því að leggja ljósleiðara samhliða þeim. Mikilvægt er að allar lagnir falli vel að landslagi og verðmætum náttúrusvæðum verði hlíft eins og kostur er. Þá er mikilvægt að í öllum tilvikum verði gengið þannig frá að sem minnst ummerki verði á yfirborði landsins. Allt jarðrask skal lagað að aðliggjandi landslagi m.t.t. gróðurs, efnis og forms.

Við uppsetningu fjarskiptamastra skal hugað að sýnileika og afturkræfni framkvæmda og þess gætt að valda sem minnstum skaða á náttúrunni.

Tafla 11.4 Fjarskipti

Svæði	Ákvæði
B2 - Bolafjall / 8,8 ha	Möguleiki fyrir áframhaldandi notkun ratsjár- og fjarskiptastöðvar og uppbyggingu fjarskiptabúnaðar. Nýting skal samræmast almennum verndarmarkmiðum aðalskipulagsins og ákvæðum um vatnsvernd en svæðið er í nágrenni við vatnsverndarsvæði, sbr. kafla 5 Vatn, loft og hljóð. Svigrúm er einnig til uppbyggingar ferðaþjónustu sbr. töflu 8.4. Landnotkun m.t.t. ferðaþjónustu. Taka skal tillit til starfsemi ratsjár- og fjarskiptastöðvarinnar við mannvirkjagerð og skipulagsbreytingar á nærsvæði stöðvarinnar, í samráði við utanríkisráðuneytið.

12 Samgöngur

Undir þennan flokk falla öll helstu samgöngumannvirki, s.s. vegir og götur, þ.m.t. brýr, mislæg gatnamót, göngubrýr, undirgöng og jarðgöng, göngu-, hjólreiða- og reiðstígar, flugvellir og flugbrautir, komustaðir farþegaferja, sporbundin umferð og önnur samgöngumannvirki..

Um skilgreiningar vega og helgunarsvæða vega er fjallað í vegalögum. Um skilgreiningar flugvalla og helgunarsvæða flugvalla er fjallað í lögum um loftferðir nr. 60 / 1998 m.s.br. og reglum um einstaka flugvelli. Um skilgreiningar hafna er fjallað í hafnalögum nr. 61 / 2003 og hafnarreglugerð nr. 489 / 1985 fyrir hafnir Bolungarvíkur.

Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum samgöngumannvirkjum, s.s. þjóðvegum og höfnum, svo og helstu umferðaræðum og tengingum við þær. Einnig skal gera grein fyrir flugvöllum og áhrifasvæðum þeirra, sbr. ákvæði laga um loftferðir og skipulagsreglur settar á grundvelli þeirra fyrir viðkomandi flugvelli. Gera skal grein fyrir umferð um helstu vegi og önnur helstu samgöngumannvirki við skipulagsgerð og áætlaðri þróun umferðar á skipulagstímabilinu.

Í aðalskipulagi skal, eins og kostur er, leggja mat á hávaða- og loftmengun frá umferð um helstu samgöngumannvirki, miðað við umferð við skipulagsgerð og áætlaða umferð á skipulagstímabilinu og fjarlægð og tilhögun nærliggjandi byggðar skipulögð með tilliti til þess.

Á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulags skal gera grein fyrir þjóðvegum og almennum vegum. Einnig skal gera grein fyrir gömlum þjóðbrautum og göngu-, hjólreiða- og reiðstígum, sem eru þegar til staðar eða fyrirhugaðir. Á þéttbýlisuppdrætti skal gera grein fyrir stofnbrautum og tengibrautum.

Nýbygging og/eða breyting á eldri samgöngumannvirkjum er í mörgum tilvikum háð mati á umhverfisáhrifum og er vísað til laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106 / 2000.

Markmið

- Tryggja áreiðanlegar samgöngur og auka öryggi vegfarenda
- Aðstaða hafnarinnar miðist við fjölbreyttar þarfir
- Áhersla verði lögð á bættar göngu-, hjóla- og reiðleiðir
- Efla almenningsamgöngur
- Ávallt verði hugað að aðgengi fyrir alla

12.1 Göngu- og hjólaleiðir

Göngu- og hjólaleið er á gamla þjóðveginum meðfram golfvöllinum. Einnig er gönguleið milli Þjóðólfsvegur og Hóls, en ráðgert er að lengja leiðina, þannig að hún nái alveg að íþróttamiðstöðinni. Viðsnjóflóðavarnarvirkin undir Traðarhyrnu er gert ráð fyrir göngustígum. Aðrir vegir, s.s. Skálavíkurvegur og Syðridalsvegur, eru einnig mikið notaðir til göngu- og hjólaferða. Fjaran sunnan við þéttbýlið hefur mikið aðdráttarafli fyrir útivistarfólk. Gönguleiðir eru mikið notaðar af bæjarbúum og gestum.

Stefna

Markmið

- Innan þéttbýlisins verði áhersla lögð á að gera net göngu- og hjólaleiða sem verði raunhæfur valkostur í samgöngum
- Allir íbúar í þéttbýli hafi greiðan aðgang að öruggum gönguleiðum

- Bæta göngutengingu milli íbúðarbyggðar og útivistarsvæða
- Fyrirkomulag gönguleiða virki hvetjandi fyrir íbúa sveitarfélagsins til að stunda útivist og holla hreyfingu
- Gönguleiðir verði aðlaðandi og í sem heilsusamlegustu umhverfi
- Ávallt verði hugað að aðgengi fyrir alla

Lögð er áhersla á frekari uppbyggingu gönguleiða í sveitarfélaginu. Göngustígakerfið á að vera valkostur við aðrar samgönguleiðir en jafnframt að veita aðgengi að helstu útivistarsvæðum með neti gönguleiða sem liggur út frá þéttbýlinu. Þannig er leitast við að stýra umferð inn á ákveðnar leiðir og minnka álag á náttúrulegt umhverfi og mannvirki, s.s. girðingar. Mikilvægt er að íbúar geti nýtt sé þann fjölbreytileika sem landslagið í sveitarfélaginu hefur. Sérstök áhersla er því á að bæta aðgengi að fjörum, vötnum, fjalllendi og vinsælum útivistar- og ferðamannastöðum, með nýlagningu stíga eða merkingu leiða eftir því sem við á.

Bygging gönguleiða skal miðast við aðstæður á hverjum stað, s.s. staðhætti og umferð. Á fáförnum útivistarleiðum skal miða við lágmarksframkvæmdir og almenn verndarmarkmið aðalskipulagsins. Jafnframt skal miða hönnun við að stígarnir nýtist öllum bæjarbúum, þar sem kostur er. Innan hverfisverndaðra svæða ber að taka mið af ákvæðum þeirra við framkvæmdir og viðhald, sjá kafla 7.4.3 Hverfisvernd í þéttbýli og kafla 7.5.4 Hverfisvernd í dreifbýli.

Þegar vegurinn um Óshlíð verður lagður af sem þjóðvegur er gert ráð fyrir að nýta hann sem ferðamanna- og útivistarleið sbr. kafla 12.3 Vegir og gatnakerfi. Leiðin liggur um stórbrotið landslag með útsýni um Djúpið og langt út á haf. Miklir möguleikar eru því á að skapa spennandi og sérstæða útivistarleið. Talið er mjög kostnaðarsamt að halda leiðinni við sem bílvegi en mun einfaldara ef um gönguleið, reiðleið eða jafnvel hjólaleið er að ræða. Sjá einnig kafla 12.2 Reiðleiðir.

Mikilvægt er að tryggja öruggar göngu- og hjólaleiðir innan þéttbýlisins. Við byggingu nýrra hverfa skal áhersla lögð á gangandi vegfarendur og hugað að aðgengi fyrir alla. Þetta skal einnig haft í huga við hugsanlegar endurbætur í eldri hverfum, sbr. kafla 12.3 Vegir og gatnakerfi. Tryggja skal hæfilega lýsingu á gönguleiðum innanbæjar þannig að þær nýtist allt árið. Jafnframt ber að tryggja að útigögn, m.a. bekkir og sorpílát, verði með hæfilegu millibili.

Helstu gönguleiðir eru sýndar á meðfylgjandi skipulagsuppdraetti. Staðsetning þeirra er þó ekki nákvæm, sérstaklega ekki í dreifbýli. Þar sem þær eru samhliða vegi er ekki tekin afstaða til þess hvoru megin við veginn þær liggja, þó svo þær séu sýndar á uppdraetti. Nákvæmlega og útfærsla verður ákvörðuð í deiliskipulagi eða á framkvæmdastigi. Einnig er fjallað um göngustíga í kafla 10 Opin svæði og útivist.

12.2 Reiðleiðir

Hestamennska er vaxandi íþróttagrein í sveitarfélaginu eins og annars staðar á Íslandi. Byggð fyrir frístundabúskap er í Syðridal. Ágæt aðstaða er til útreiða á svæðinu en skortur er á tengingum út fyrir það, s.s. við þéttbýlið og til annarra sveitarfélaga.

Stefna

Markmið

- Fjölga reiðleiðum í námunda við hesthúsin og tengja þær áhugaverðum stöðum og reiðleiðum nágrennabyggðarlaga
- Bæta öryggi á reiðleiðum
- Hlífa viðkvæmum svæðum fyrir hestaumferð

Lagt er til að myndað verði net reiðleiða út frá hesthúsabyggðinni, sem fjallað er um í kafla 10. Sérstök áhersla er lögð á að reiðleiðir liggja þannig að sem minnst skörun verði við aðra umferð. Í þeim tilvikum sem reiðleiðir liggja samsíða þjóðvegi skal þess gætt að þær liggji ekki of nálægt vegum en sveigi frá þeim þar sem færi gefst. Jafnframt skal forðast þveranir yfir fjölfarna þjóðvegi og bæjargötur. Lögð er áhersla á að nýta aflagða vegi sem reiðleiðir, þar sem það er mögulegt og skarast ekki við önnur not.

Bæta skal og fjölga áningarstöðum á reiðleiðum. Áningarstaði skal staðsetja þar sem umhverfið, náttúra og samfélag, þolir vel álag og hlífa skal sérstaklega viðkvæmum gróðri. Áningarstaðir eru ekki sýndir á uppdrætti. Mikilvægt er að bygging reiðleiða miðist við aðstæður á hverjum stað, s.s. staðhætti og umferð. Á fáförnum leiðum skal miða við lágmarksframkvæmdir.

Þegar vegurinn um Óshlíð verður lagður af, er gert ráð fyrir að hann verði nýttur sem reiðleið auk göngu- og hjólaleiðar, sbr. kafla 12.3 Vegir og gatnakerfi og kafla 12.1 Göngu- og hjólaleiðir.

12.3 Vegir og gatnakerfi

Stofnvegir eru aðalumferðarvegir um sveitarfélagið og tengja saman byggðir landsins. Tengivegir eru vegir utan þéttbýlis sem tengjast stofnvegi. Héraðsvegir liggja að einstökum býlum, stofnunum o.fl. þess háttar utan þéttbýlis. Landsvegir eru vegir yfir heiðar og að eyðilendum þar sem almennt er ekki gert ráð fyrir heilsársumferð. Héraðs- og landsvegir eru í skipulagi þessu kallaðir aðrir vegir og eru sýndir á uppdrætti til skýringar.

Í töflu 12.1 eru sýndar umferðartölur fyrir árin 1995, 2001 og 2007 á vegum innan sveitarfélagsins. Sýndar eru tölur yfir meðaltalsumferð á dag yfir allt árið (ÁDU), meðaltalsumferð á dag yfir sumarið (SDU) og meðaltalsumferð á dag yfir veturinn (VDU).

Á Syðridalsvegi og Skálavíkurvegi hefur umferð haldist svipuð síðustu ár. Það á einnig við um umferð um hafnarsvæðið nema að vetrarumferð hefur aukist nokkuð. Umferð hefur aukist á Óshlíð síðustu ár en hafði dregist saman í lok síðustu aldar.

Tafla 12.1 Umferðartölur í sveitarfélaginu (Vegagerðin, Umferðartölur 1995, 2001 og 2007)

		ÁDU			SDU			VDU		
		1995	2001	2007	1995	2001	2007	1995	2001	2007
Númer - vegheiti	Númer - vegkafla									
61 – Djúpvegur	45 - Óshlíð	592	569	636	802	688	772	447	439	526
61 – Djúpvegur	46 - Hafnarsvæði		970	987		1208	1196		768	849
629 – Syðridalsvegur			29	30		40	38		20	22
630 – Skálavíkurvegur			14	15		24	25		7	8

Djúpvegur er eina leiðin sem tengir Bolungarvík við önnur sveitarfélög. Núverandi vegur um Óshlíð er óviðunandi, sérstaklega vegna hættu á grjóthruni sem fellur allt árið. Árið 2008 hófst vinna við gerð jarðganga, Bolungarvíkurganga, sem taka eiga við af veginum um Óshlíð. Áætlað er að göngin verði tilbúin haustið 2010 og leggst þá vegurinn um Óshlíð af sem stofnvegur. Þessi framkvæmd mun fyrst og fremst auka öryggi vegfarenda og áreiðanleika samgangna til og frá Bolungarvík. Göngin munu einnig stytta vegalendina milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar og annarra landshluta um tæpa tvo kílómetra.



Vinna við Bolungarvíkurgöng (Sigurjón Vídalín Guðmundsson).

Með tilkomu jarðganga á milli Bolungarvíkur og Hnífsdals er talið að umferð muni aukast úr rúmum 600 bílum á dag í um 1000 bíla á þessari leið.

Leiðin um Óshlíð liggur um stórbrotið landslag með sérstæðu útsýni yfir Djúpið, Jökulfirði og opið haf. Þótt leiðin sé varhugaverð, getur hún verið áhugaverð náttúruupplifun. Árlega er þar haldið Óshlíðarhlaup sem er skipulagt hlaup milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar.

Syðridalsvegur, Skálavíkurvegur og vegur á Bolafjall eru malarvegir. Skálavíkurvegur frá vatnsbóli er aðeins fær yfir sumarmánuðina, en vegurinn er slæmur að vestanverðu. Vegurinn á Bolafjall er í góðu standi en er aðeins opinn almenningi yfir sumartímann.

Í þéttbýli flokkast götur í stofnbrautir, tengibrautir, safnbrautir og húsagötur. Stofnbrautir eru aðalumferðarbrautir í þéttbýli og tengjast stofnvegakerfi utan þéttbýlis. Tengibrautir tengja einstaka bæjarhluta við stofnbrautarkerfið, og nálæga bæjarhluta saman innbyrðis, og eru helstu umferðargötur í hverjum bæjarhluta. Stofn- og tengibrautir mynda saman kerfi helstu umferðargatna í þéttbýli. Safnbrautir eru helstu umferðargötur innan hvers hvers. Þær tengja húsagötur við tengi- og stofnbrautir. Húsagötur eiga fyrst og fremst að veita aðgang að húsum og starfsemi við viðkomandi götu. Á þéttbýlisupprætti eru húsagötur sýndar til skýringar og er framsetningin því ekki bindandi.

Umferð til og frá hafnarsvæði við Brjótinn, sem og umferð milli hafnarsvæða, liggur um Aðalstræti sem er aðalgata bæjarins. Nýverið var gerð vegtenging á milli hafna um Ósa Hólsár. Gatnakerfið annar nú vel þeirri umferð sem er í þéttbýlinu.

Stefna

Markmið

- Tryggja áreiðanlegar samgöngur
- Bæta gatnakerfi þannig að það þjóni betur íbúum og atvinnustarfsemi
- Auka öryggi vegfarenda
- Viðhalda áhugaverðum ferðamannaleiðum

Lögð er áhersla á að samgöngur verði ávallt eins og best verður á kosið. Góðar samgöngur eru forsendur öflugs atvinnulífs og góðra búsetumöguleika.

Lokið verður við styttingu leiða innan sveitarfélagsins til annarra landshluta með opnun Bolungarvíkurganga strax í upphafi skipulagstímabilsins. Leggja þarf þó áherslu á áframhaldandi styttingu og endurbætur leiða innan nágrannasveitarfélaganna til að tryggja sem áreiðanlegastar samgöngur fyrir íbúa og atvinnulíf í sveitarfélaginu.

Bæta þarf ástand vega innan sveitarfélagsins s.s. með bundnu slitlagi á vegum í byggð. Lagt er til að vegurinn yfir Skálavíkurheiði verði bættur og gerður að heilsársvegi. Jafnframt er lögð áhersla á að veginum á Bolafjall verði haldið við og hann nýttur sem ferðamannaleið auk núverandi notkunar.

Þegar ný jarðgöng verða tekin í notkun leggst vegurinn um Óshlíð af sem þjóðvegur. Lögð er áhersla á að leiðinni verði haldið við eins og kostur er. Möguleiki er að nýta leiðina sem ferðamanna- og útivistarleið, sbr. kafla 12.1 Göngu- og hjólaleiðir og 12.2 Reiðleiðir.

Með tengingu Árbæjarkants við Sjávarbraut um ósa Hólsár er gert ráð fyrir að umferð frá helstu atvinnusvæðum verði um Árbæjarkant, Sjávarbraut og Grundargarð að Þuridarbraut / Djúpvegi. Með þessu móti eru góðar tengingar á milli hafnarsvæða og miðbænum hlíft við þungaumferð. Gamla brúin yfir Hólsá sem tengdi Hafnargötu og Grundarstíg verður notuð sem göngubrú.

Ekki er þörf á breytingum á núverandi gatnakerfi vegna stækkunar íbúðarsvæða. Aðkoma að stækkun hverfisins norðan Hólsár verður um Völusteinsstræti, Höfðastíg og Skólastíg en aðkoma að nýjum hverfum sunnan Hólsár verður um Kirkjuveg. Þessar götur anna vel þeirri aukningu sem fylgir stækkun íbúðarbyggðar. Gatnakerfi innan nýrra hverfa skulu miðast við hagkvæmni og þarfir íbúa.

Miða ber frágang gatna og gönguleiða við aðgengi fyrir alla sbr. markmið í kafla 9.3 Félags- og heilbrigðismál.

Tafla 12.2 Vegir í dreifbýli

Vegflokkur Stofnvegir	Vegur/Lýsing Djúpvegur nr. 61 / Frá sveitarfélagsmörkum á Óshlíð um Aðalstræti og Brimbrjótsgötu að höfn Vegurinn færast af Óshlíð í jarðgöng árið 2010	Ákvæði Gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum í samræmi við markmið sem sett eru í kaflanum. Vegurinn um Óshlíð breytist í aðra vegi (sjá vegur um Óshlíð hér að neðan).
Vegflokkur Aðrir vegir	Vegur/Lýsing Syðridalsvegur nr. 629 / Frá Djúpvegi að Geirastöðum Heimreiðar að býlum og starfsemi	Ákvæði Gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum í samræmi við markmið sem sett eru í kaflanum.
Vegflokkur Aðrir vegir	Vegur/Lýsing Skálavíkurvegur nr. 630 / Frá Bolungarvík um Hlíðardal og Skálavíkurheiði til Skálavíkur Hluti leiðarinnar er innan hverfisverndarsvæðis.	Ákvæði Gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum í samræmi við markmið sem sett eru í kaflanum. Gæta skal þess að spilla ekki útivistarsvæðum. Innan hverfisverndarsvæðis ber að taka mið af markmiðum hennar.
Vegflokkur Aðrir vegir	Vegur/Lýsing Vegur um Óshlíð (gamli)	Ákvæði Gert er ráð fyrir að veginum verði haldið við og hann nýttur sem ferðamanna- og útivistarleið, þ.e. göngu-, hjóla- og reiðleið.
Vegflokkur Aðrir vegir	Vegur/Lýsing Vegur á Bolafjall	Ákvæði Gert er ráð fyrir að veginum verði haldið

Tafla 12.2 Vegir í dreifbýli - Framhald

		við og hann nýttur sem ferðamanna- og útivistarleið, auk núverandi notkunar.
Vegflokkur Stofn-brautir	Vegur/Lýsing Aðalstræti	Ákvæði Gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum í samræmi við markmið sem sett eru í kaflanum.
Vegflokkur Tengi-brautir	Vegur/Lýsing Árbæjarkantur/Sjávarbraut	Ákvæði Gert ráð fyrir tengingu gatnanna um ósa Hólsár. Við byggingu götunnar skal skoða möguleika á að færa afrennsli Hólsár suður fyrir Grundargarð og gæta þess að gæði hafnarinnar skerðist ekki, sbr. kafla 12.4 Hafnir.
Vegflokkur Tengi-brautir	Vegur/Lýsing Skólastígur/Þjóðólfsvegur	Ákvæði Gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum í samræmi við markmið sem sett eru í kaflanum.
Safnbrautir	Stigahlíð, þaðan Hafnargata að Hólastíg, þaðan Aðalstræti að Brimbrjótsgötu	
Vegflokkur Húsagötur	Vegur/Lýsing Hafnargata/Grundarstígur	Ákvæði Gert ráð fyrir að tenging Hafnargötu og Grundarstígs verði lögð af en brúin verði notuð áfram sem göngubrú. Grundarstígur tengist Puríðarbraut. Gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum í samræmi við markmið sem sett eru í kaflanum.
Vegflokkur Húsagötur	Vegur/Lýsing Aðrar húsagötur og götur í nýjum hverfum	Ákvæði Gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum í samræmi við markmið sem sett eru í kaflanum. Götur í nýjum hverfum skulu miðast við hagkvæmni og taka mið af þörfum íbúa s.s. gangandi vegfarenda og hreyfihamlaðra.

12.4 Hafnir

Bolungarvík liggur fyrir opnu hafi, yst við Ísafjarðardjúp. Mjög stutt er á fengsæl fiskimið en að sama skapi hafa aðstæður til hafnargerðar verið afar erfiðar. Bygging núverandi brimvarnargarðs, Brjótins, hófst sumarið 1911. Síðan þá hefur Brjóturinn mikið verið stækkaður og endurbættur, nú síðast árið 2009. Síðar var Grundargarður byggður en hann er mikill grjótgarður sem liggur þvert á Brimbrjótinn og er því höfnin í skjóli fyrir öllum veðrum. Hólsá rennur út í Bolungarvíkurhöfn sem eykur ferskvatnsmagnið í henni og þar með líkur á ísmyndun.

Umsvif hafnarinnar hafa breyst töluvert síðustu ár, m.a. samfara samdrætti í sjávarútvegi, sbr. kafla 8.2 um sjávarútveg. Útflutningur og strandflutningar hafa lagst af en voru áður stór þáttur í rekstri hafnarinnar. Á sama tíma hefur þáttur farþegaflutninga aukist sem og möguleikar á ýmiss konar ferðaþjónustu. Útlit er fyrir auknar siglingar í Norðurhöfum vegna breytinga á veðurfari og hugsanlega felast ný tækifæri í því fyrir Bolungarvík. Þá er einnig útlit fyrir aukin umsvif á Austur-Grænlandi, s.s. námuvinnslu. Vestfirðir eru landfræðilega best í stakk búnir til að þjónusta þetta svæði.

Um Bolungarvíkurhöfn gilda ákvæði hafnarreglugerðar fyrir Bolungarvík nr. 489 / 1985. Nánar er fjallað um hafnarsvæði í kafla 8.3 Hafnarsvæði.

Stefna

Markmið

- Aðstaða hafnarinnar miðist við þarfir sjávarútvegsins en einnig annarra atvinnugreina eins og vöru- og farþegaflutninga
- Aðstaða fyrir skemmti- og frístundabáta verði tryggð
- Efla aðstöðu fyrir ferðaþjónustu
- Auka vægi sjóflutninga í fraktflutningum

Áhersla er lögð á að hafnaraðstaða í Bolungarvík miðist við fjölbreytta atvinnustarfsemi, s.s. sjávarútveg, strandflutninga, farþegaflutninga og frístundaveiðar auk aðstöðu fyrir frístundabáta.

Mikilvægt er að höfnin geti tekið við flutningaskipum og stærri fiskiskipum þannig að hún geti styrkt stoðir framleiðslufyrirtækja á staðnum. Útflutningshöfn getur styrkt enn frekar strandflutninga og sjávarútveg í Bolungarvík. Sjá einnig kafla 8.2 Sjávarútvegur og kafla 8.3 Hafnarsvæði.

Nálægð við fiskimiðin gerir Bolungarvík að áhugaverðum kosti fyrir sjóstangveiðimenn. Gera þarf ráð fyrir nægu rými og hafnaraðstöðu til að þessi atvinnuvegur geti blómstrað. Höfnin í Bolungarvík liggur einnig afar vel við ferjusiglingum í Jökulfirði og á Hornstrandir, en mun lengra er þangað frá Ísafirði. Sjá einnig kafla 8.6 Ferðaþjónusta.

Vegna nálægðar við siglingaleiðir á höfunum milli Íslands og Grænlands liggur Bolungarvík vel við til að þjónusta það svæði s.s. með neyðaraðstoð. Tryggja skal möguleika hafnarinnar til að byggja upp slíka aðstöðu t.d. fyrir dráttarbát fyrir stór skip.

Gert er ráð fyrir að tengja saman Árbæjarkant og Sjávarbraut um ósa Hólsár sbr. kafla 12.3 Vegir og gatnakerfi. Við hönnun götunnar skal þess gætt að gæði hafnarinnar skerðist ekki s.s. með tilliti til öldugangs. Jafnframt skal leitað leiða til að leiða afrennsli Hólsár frá höfninni, s.s. suður fyrir Grundargarð.

12.4 Hafnir í sveitarfélaginu

Svæði

K1 - Brimbrjótur
K1 - Lækjarbryggja
K2 - Grundargarður

Ákvæði

Endurbætur heimilar og breytingar til að viðhalda og auka gæði núverandi aðstöðu. Áhersla lögð á vandaðan frágang og snyrtilega umgengni.

12.5 Almenningsamgöngur

Góðar almenningsamgöngur eru mikilvægar fyrir þróun sveitarfélagsins og almenn búsetuskilyrði. Ísafjörður er skilgreindur sem byggðakjarni Vestfjarða og er því mikið af opinberri þjónustu staðsett þar, s.s. menntastofnanir, sjúkrahús og ýmis stjórnsýsla. Í Bolungarvík eru jafnframt opinberar stofnanir sem þjóna landshlutanum. Auk þess er ýmis verslun og þjónusta í boði bæði í Bolungarvík og nágrennasveitarfélögunum en telja má svæðið sem eitt atvinnu- og þjónustusvæði, sbr. kafla 8 Atvinna. Öruggar almenningsamgöngur eru því nauðsynlegar til að allir íbúar geti nýtt sér þá þjónustu sem er í boði á svæðinu, óháð búsetu.

Flugsamgöngur eru lykilþáttur þáttur í samgöngukerfi landsins, til að uppfylla þarfir um hraða og skilvirkni í viðskiptum, stjórnsýslu og þjónustusókn, milli höfuðborgar og landsbyggðar. Bolvíkingar sækja flugsamgöngur til Ísafjarðar en áður var lítill flugvöllur í Bolungarvík. Flugbrautin var nálægt Ósá en hún er nú aflögð enda þverar núverandi vegur brautina. Flugrúta fer á milli Ísafjarðarflugvallar, Ísafjarðar og Bolungarvíkur. Frá Ísafirði eru rútuferðir til Hólmavíkur, Brjánslækjar og Patreksfjarðar auk flugsamgangna til Reykjavíkur.

Stefna

Markmið

- Allir íbúar sveitarfélagsins geti nýtt almenningssamgöngur í stað einkabíls til að sækja þá þjónustu eða atvinnu sem í boði er á svæðinu
- Farþega- og sjúkraflug verði öruggt og áreiðanlegt
- Millilandaflugvöllur verði staðsettur í akstursfæri frá Bolungarvík

Gert er ráð fyrir að almenningssamgöngur nýttist fólki til að sækja vinnu og þjónustu milli byggðarlaga. Jafnframt skulu þær tengjast neti almenningssamgangna til annarra landshluta s.s. flugi, ferjusiglingum og rútuleiðum. Áhersla skal lögð á að gott aðgengi verði fyrir alla að almenningssamgöngum, bæði á biðstöðum og í faratækjum sbr. kafla 9.3 Félags- og heilbrigðismál.

Ekki er gert ráð fyrir flugvelli í Bolungarvík en áhersla lögð á að Ísafjarðarflugvöllur geti þjónað íbúum og atvinnulífi Bolungarvíkur. Með tilkomu jarðganga mun áreiðaleiki samgangna til og frá flugvelli aukast mikið. Afar mikilvægt er að flugsamgöngur á svæðinu verði greiðar og öruggar, bæði til annarra landsvæða sem og annarra landa. Flugsamgöngur skulu vera áreiðanlegar þannig að almenningur geti gert ráð fyrir að komast leiðar sinnar á tilsettum tíma. Flugáætlun skal vera þannig háttáð, allt árið, að farþegar þurfi að jafnaði ekki að dvelja lengur á áfangastað en þann tíma sem tekur að sinna erindinu. Öruggar og tíðar flugsamgöngur eru ekki síður mikilvægar fyrir atvinnulífið, ferðatími getur haft mikil áhrif á samkeppnisstöðu og afkomu fyrirtækja. Þetta á bæði við um aðkeypta þjónustu og sölu á þjónustu. Flugsamgöngur skulu einnig gegna lykilhlutverki í aðgengi fyrirtækja að mörkuðum erlendis. Skoða ber möguleika á millilandaflugi í landshlutanum á skipulagstímabilinu. Með millilandaflugi skapast möguleikar fyrir framleiðslufyrirtæki sem framleiða vörur til útflutnings, s.s. ferskan eða jafnvel lifandi fisk.

Heimildir

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Alda Davíðsdóttir, Íris Hrund Halldórsdóttir og Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir 2008. *Ferðamenn á Vestfjörðum sumarið 2008*. Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum.

Anna Guðrún Edvarðsdóttir 2006. *Könnun um málefni eldri borgara í Bolungarvík. Niðurstöður*. Bolungarvíkurkaupstaður og Náttúrustofa Vestfjarða.

Anton Helgason, Sigurjón Þórðarson og Þorleifur Eiríksson 2002. *Athugun á skólpmengun við sjö þéttbýlisstaði*. Áfangaskýrsla 1. Náttúrustofa Vestfjarða.

Fasteignamat Ríkisins 2009. *Fasteignaskrá*: www.fmr.is. Sótt 25. janúar 2009.

Fjórðungssamband Vestfirðinga 2008. *Samgöngur á Vestfjörðum*. Skýrsla samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Fréttavefur Bolvíkinga: www.vikari.is – upplýsingar um staðhætti. Sótt í janúar-febrúar 2009.

Grétar Þór Eypórssón, Hjalti Jóhannesson, Guðmundur Guðmundsson og Einar Ólafsson 2001. *Áhrif samgöngubóta á byggðaðróun*. Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri.

Hagstofa Íslands 2008. Upplýsingar fengnar af vefsíðu stofnunarinnar: www.hagstofa.is. Sótt 17. nóvember 2008.

Hagstofa Íslands 2009. Upplýsingar fengnar af vefsíðu stofnunarinnar: www.hagstofa.is. Sótt 25. nóvember 2009.

Hagstofa Íslands 2010. Upplýsingar fengnar af vefsíðu stofnunarinnar: www.hagstofa.is. Sótt 15. ágúst 2010.

Hagþjónusta Landbúnaðarins 2008. *Lögbýlaskrá*.

Halldór Björnsson, Árný E. Sveinbjörnsdóttir, Anna K. Daníelsdóttir, Árni Snorrason, Bjarni D. Sigurðsson, Gísli Viggósson, Jóhann Sigurjónsson, Snorri Baldursson, Sólveig Þorvaldsdóttir og Trausti Jónsson 2008. *Hnatrænar loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi – Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar*. Umhverfisráðuneytið.

Harpa Grímsdóttir. 2006. *Mat á hættu vegna snjóflóða og grjóthruns á vegum milli Súðavíkur og Bolungarvíkur*. G06002, Veðurstofa Íslands, Reykjavík. (hættumat/samgöngur) [S-875].

Hjalti Jóhannesson og Jón Þorvaldur Heiðarsson 2005. *Samanburður vegtenginga á Vestfjörðum. Vestfjarðavegur og Djúpvegur. Samfélagsáhrif og arðsemi*. Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri.

Hjálmar R. Bárðarson 1996. *Vestfirðir í máli og myndum*, 2. útgáfa. Reykjavík 1996.

Hjördís Sigursteinsdóttir og Grétar Þór Eypórssón 2004. *Samgöngur á Vestfjörðum – Könnun meðal Vestfirðinga á viðhorfum til samgöngumála*. Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri.

Hönnun hf. 1990. *Sorpeyðing: Austurland – Vestfirðir. Sorphirða, urðun, brennsla. Forathugun*. Hönnun Reyðarfirði.

Ísafjarðarbær 2009. Upplýsingar frá skrifstofu Hafna Ísafjarðarbæjar.

Jón Reynir Sigurvinsson 1999. *Verndarsvæði Vatnsbóla í Bolungarvík*. Unnið fyrir Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða.

Jón Þ. Þór 2005. *Saga Bolungarvíkur frá landnámi til 1920, fyrsta bindi*. Sögufélag Ísfirðinga 2005.

Jón Þ. Þór 2007. *Saga Bolungarvíkur frá 1920-1974, annað bindi*. Sögufélag Ísfirðinga 2007.

Landsnet 2007. *Flutningskerfi Vestfjarða. Áfangaskýrsla*, desember 2007.

Náttúruverndaráætlun 2009-2013. Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013. Lögð fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008-2009.

Náttúruminjaskrá 1996. Náttúruminjaskrá, 7. útgáfa með síðari viðbótum. Útgefið af Náttúruverndarráði 1996. Sótt á heimasíðu Umhverfisstofnunar: www.ust.is.

Nordisk Ministerråd 2007. *Miljø og sundhed for børn i nordiske børnehaver*. Nordisk Ministerråd, København 2007.

Orkubú Vestfjarða 2007. *Ársskýrsla 2007*.

Orkuspárnefnd 2008. *Raforkuspá 2008-2030*. Skýrsla OS-2008/007. Útgefið af Orkustofnun.

Ólafur Arnalds, Einar Grétarsson og Sigmar Metúsalemsson 1996. Kvasir, Upplýsingavefur Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins og Landgræðslu ríkisins um jarðvegsrof á Íslandi. <http://www.rala.is/kvasir>. Sótt í nóvember 2009.

Ólafur Kristjánsson, Friðgerður Baldvinsdóttir, Gísli Eiríksson og Jón Helgason 2002. *Greinargerð vinnuhóps um öryggismál Djúpvogar milli Súðavíkur og Bolungarvíkur*. Vegagerðin, nóvember 2002.

Páll Líndal. 1982. *Bæirnir byggjast*. Yfirlit um þróun skipulagsmála á Íslandi til ársins 1938. Skipulagsstjóri ríkisins og Sögufélag Reykjavíkur.

Ragnar Edvardsson 1996. *Fornleifaskráning í Bolungarvíkurkaupstað. Fyrsti hluti*. Kaupstaðurinn og jarðirnar næstar honum. Fornleifastofnun Íslands FS021-86021.

Ragnar Edvardsson 1997. *Fornleifaskráning í Bolungarvíkurkaupstað. Annar hluti*. Hanhóll, Gil, Tunga, Meirihlíð, Minnihlíð, Ós. Fornleifastofnun Íslands.

Ragnar Edvardsson 2000. *Fornleifaskráning í Bolungarvíkurkaupstað. Lokaskýrsla*. Fornleifastofnun Íslands FS120-96023.

Ragnar Edvardsson 2007. *Menningarminjar við hugsanleg jarðgöng og vegstæði á milli Bolungarvíkur og Hnífsdals*. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða, nr. 2-07.

Rögvaldur Guðmundsson 2003. *Ferðamenn á Norðanverðum Vestfjörðum*. Unnið fyrir Bolungarvíkurkaupstað, Ísafjarðarbæ og Súðavíkurhrepp. Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf.

Samgönguráðuneytið 2005. *Fjarskiptaáætlun 2005-2010*.

Siglingastofnun Íslands 2007. *Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir árið 2006*. Siglingastofnun og Fjarhitun 2007.

Siglingastofnun Íslands 2009. Upplýsingar fengnar af vefsíðu stofnunarinnar: www.sigling.is. Sótt 22. febrúar 2009.

Sólrún Geirsdóttir 2000. *Byggingarár húsa í Bolungarvík*. Unnið fyrir Veðurstofu Íslands. Útgefið af Náttúrustofu Vestfjarða.

Statens Vegvesen: *Veg- og gateutforming*. Normaler. Håndbok 017. Vegdirektoratet 2008.

Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Tómas Jóhannesson, Hörður Þór Sigurðsson og Harpa Grímsdóttir. 2007. *Hættumat fyrir Seljalandshverfi, Tunguskeið, Tungudal og Dagverðardal*. Greinargerð 07008.

Veðurstofa Íslands 2003. *Bolungarvík – Hættumatskort*. Hættumat vegna ofanflóða fyrir Bolungarvík.

Veðurstofa Íslands 2008. Upplýsingar frá Veðurstofu Íslands vegna vinnu við aðalskipulag Bolungarvíkur.

Veðurstofa Íslands 2009. Upplýsingar frá Veðurstofu Íslands vegna vinnu við aðalskipulag Bolungarvíkur.

Veðurstofa Íslands 2010. Upplýsingar frá Veðurstofu Íslands vegna vinnu við aðalskipulag Bolungarvíkur.

Vefur Bolungarvíkurkaupstaðar: www.bolungarvik.is - upplýsingar um sveitarfélagið. Sótt árin 2008-2009.

Vefur Heilbrigðisstofnunar Bolungarvíkur: www.hbol.is. Sótt í febrúar 2009.

Vefur Kirkjugarðasambands Íslands: www.gardur.is – upplýsingar um kirkjugarða. Sótt í janúar 2009.

Vefur Orkubús Vestfjarða: www.ov.is – upplýsingar um virkjanir í Bolungarvík. Sótt í október 2008.

Vefur Sorpendurvinnslunnar Funa: www.isafjordur.is/umhverfi/funi/ - upplýsingar um sorpmál í Bolungarvík. Sótt í október 2008.

Vefur Vegagerðarinnar: www.vegagerdin.is – upplýsingar um vegi, vegflokka, umferðatölur og jarðgöng. Sótt í janúar 2009.

Vefur Þjóðkirkjunnar: www.kirkjan.is – upplýsingar um kirkjur. Sótt í janúar 2009.

Vegagerðin 2004. *Langtímaáætlun um námufrágang 2004-2018*. Vegagerðin, rannsóknardeild. Júní 2004.

Vegagerðin 2005. *Námskrá 2005*. Upplýsingar frá Vegagerðinni, mótttekið í september 2006.

Vegagerðin. *Umferðartölur 1995*.

Vegagerðin. *Umferðartölur 2001*.

Vegagerðin. *Umferðartölur 2007*.

Ljósmyndaskrá

- Böðvar Þórisson. Forsíða. Merkingar á Jaðrökum, 2007
- Reynir Skarsgård. Bls. 17, Leiðarljós og markmið
- Reynir Skarsgård. Bls. 19, Hraustur bær – traustur bær
- Reynir Skarsgård. Bls. 21, Náttúra
- Reynir Skarsgård. Bls. 49, Samfélag.
- Reynir Skarsgård. Bls. 105, Innviðir.
- Baldur Smári Einarsson. Bls. 37, Ósvör.
- Baldur Smári Einarsson. Bls. 61, Hólskirkja.
- Baldur Smári Einarsson. Bls. 68, Fremri Ós, Traðarhyrna í baksýn.
- Böðvar Þórisson. Bls. 88, Höfnin, Ernirinn í baksýn.
- Elías Jónatansson. Bls. 45, Syðridalsvatn, séð frá Óshyrnu.
- Elías Jónatansson. Bls. 97, Markaðsdagurinn.
- Gísli Kristjánsson. Bls. 38, Skálavíkurá.
- Harpa Grímsdóttir. Bls. 28, Snjóflóðæftirlitsmaður að störfum.
- Reynir Skarsgård. Bls. 55, Varðeldur í Hreggnasagryfju. (reynirsk.smugmug.com).
- Reynir Skarsgård. Bls. 102, Við Hólsá. (reynirsk.smugmug.com).
- Sigurgeir Halldórsson / Ljósmyndasafnið Ísafirði. Bls. 51, Kamburinn um miðja 20. öldina.
- Sigurjón Vídalín Guðmundsson. Bls. 118, Vinna við Bolungarvíkurgöng.

